

Nd.

453. Frumvarp til laga

[275. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög nr. 30 29. apríl 1967 og lög nr. 55 30. maí 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. og VI. kafla.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

Í stað „sjúkrahúsa“ í 2. mgr. 5. gr. komi: heilbrigðisstofnana.

3. gr.

6. gr. orðist svo:

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla, en þar á meðal er:

- a. Fjarskipti milli umdæma.
- b. Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.
- c. Mælingar á geislavirkni.
- d. Viðvörðun og viðvörðunarkerfi.
- e. Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.
- f. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
- g. Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.
- h. Söfnun birgða og varsla þeirra.
 - i. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.
 - j. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.
 - k. Umsjón með almannavörnum í héraði.
 - l. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður.

Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða annarri vá.

Almannavarnaráð skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir, sem miða að því að draga úr líkum á líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, svo sem með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð getur sett framkvæmdastjóra erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra. Í hverju kjördæmi skal vera minnst einn fulltrúi almannavarnaráðs skipaður af því. Fer hann með umsjón þeirra verkþátta, sem undir ríkisvaldið falla og er lögreglustjórum og almannavarnanefndum til ráðuneytis. Hann skal vera búsettur í kjördæminu.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sveitarfélög, tvö eða fleiri, eða landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem borgarstjórn velur. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð bæjarstjóra, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, héraðs- eða heilsugæslulækni, lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum, sem bæjarstjórn velur.

Í sýslum skal almannavarnanefnd skipuð lögreglustjóra, svo og byggingafulltrúa, héraðs- eða heilsugæslulækni og slökkviliðsstjóra, sem sýslumaður tilnefni og þremur mönnum tilnefndum af hreppsnefndum í þremur fjölmennustu hreppum sýslunnar. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu, í samræmi við samstarf um almannavarnir samkv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík skipar borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru yfir 5 000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapast hefur vegna hernaðaráttaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra samkv. nánari reglum er ráðherra setur:

- a. Skipulagning og samræming hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.
- b. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
- c. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbygginga, samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
- d. Stjórnstöðvar.
- e. Fjarskiptakerfi.
- f. Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.
- g. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
- h. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að almannavarnaráð annist lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, á kostnað sveitarfélagsins, hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlýtt.

7. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Á hættutímum er almannavarnaráði heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri þá tilhögun. Á hættutímum getur almannavarnaráð lagt bann við því að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.

8. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. bætist: náttúruhamfara eða af annarri v.á.

9. gr.

Á eftir V. kafla komi nýr kafla, VI. kafla. Hagvarnir, með fjórum nýjum greinum (23.—26. gr.), og breytist kaflaröð og greinaröð samkvæmt því:

a. (23. gr.)

Forsætisráðherra skal skipa hagvarnaráð, er í eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eða staðgengill hans er formaður hagvarnaráðs og ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins er framkvæmdastjóri þess. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Heimilt er ríkisstjórninni að leita álits hagvarnaráðs á þáttum er snerta hollustu, heilbrigðis-, stjórnsýslu- og fræðsluviðbúnað vegna yfirvofandi hættu.

b. (24. gr.)

Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytum og stofnunum ríkis og sveitarfélaga sé eftir því sem við á gerð áætlun um verkefni og viðbrögð á hættutímum. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum um þörf fyrir birgðir nauðsynja til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum og gera áætlun um öflun viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmun eftir atvikum. Öllum er skylt að gefa hagvarnaráði upplýsingar af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem trúnaðarmál.

c. (25. gr.)

Hagvarnaráð getur hvenær sem er gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir eða ákvarðanir, sem það telur nauðsynlegar til að tryggja þau markmið sem lýst er í 23. og 24. gr. Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á hernaðaraðgerðum eða af annarri sambærilegri v.á, að gefa út fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar, sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

d. (26. gr.)

Heimilt er að ákveða að starfsmaður almannavarnaráðs skuli starfa sérstaklega að þeim málefnum er undir hagvarnaráð falla, eftir því sem við verður komið að mati almannavarnaráðs.

10. gr.

23. gr., sem verður 27. gr., orðist svo:

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafist, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, svo og fyrirtækjum og félagasamtökum, sem hlutverki hafa að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi við almannavarnaráð, er skylt án endurgjalds að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna í samræmi við slíkt skipulag. Ágreiningi um þátttöku í æfingu má skjóta til dómsmálaráðherra.

11. gr.

25. gr., sem verður 29. gr., orðist svo:

Kostnaður samkv. 5. og 6. gr. og VI. kafla greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. mgr. greiðist af viðkomandi sveitarstjórnnum, en ríkissjóður skal endurgreiða $\frac{2}{3}$ kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum.

Sveitarfélög sem hafa samstarf um almannavarnir skulu skipta kostnaði samkvæmt íbúatölu.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt á grundvelli tillagna sem fram koma í álit, dags. í apríl 1984, frá nefnd sem Alþingi kaus 7. maí 1982 til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, sbr. þingsályktun frá 18. febrúar 1982. Áttu sæti í nefndinni Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, Friðrik Sophusson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Jóhann Einvarðsson, nú aðstoðarmaður ráðherra, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur. Formaður nefndarinnar var Friðrik Sophusson.

Tillögur nefndarinnar um eflingu almannavarna vörðuðu: a) breytingar á lögum um almannavarnir, b) setningu reglugerða um loftvarnabyrgi og öryggisbyrgi, c) áætlun um eflingu almannavarna (10 ára áætlun) og d) hagvarnir.

Helstu breytingartillögur nefndarinnar að því er varðar lög um almannavarnir vörðuðu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þannig að hún verði skýrari og að fjárhagslegri ábyrgð á almannavörnum verði skipt samkvæmt verkefnum. Verði ekki um kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkis og sveitarfélaga nema að því er varðar opinber öryggisbyrgi. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga sem hafa samstarf um almannavarnir verði samkvæmt íbúatölu. Lagt var til að gerð yrði breyting á skipun almannavarnanefnda, m. a. á formennsku. Þá var lagt til að aukið verði við verkefni almannavarnaráðs málaflokkum á sviði almannavarna, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi lögum, þ. á m. þessum flokkum: athugun og mat á hættu, rekstur viðvörunarkerfa, almannavarnir vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana og yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana. Loks var lagt til að settar verði með reglugerð lágmarkskröfur um viðbúnað að almannavörnum í héraði, þannig að tryggt verði að sveitarstjórnir hugi að og sinni viðbúnaði gegn vá.

Frumvarp þetta byggir á tillögum þingjörnu nefndarinnar að öðru leyti en því að eigi eru teknar með breytingar á 3., 7. og 20. gr. núgildandi laga, en þar var gert ráð fyrir því að almannavarnaráð tæki ákvarðanir um atriði sem nú eru í höndum ríkisstjórnar eða ráðherra. Ákvarðanir samkvæmt 3. og 20. gr. varða grundvallarréttindi borgaranna sem eðlilegt er að teknar séu af þeim sem bera pólitíska ábyrgð en ekki embættismönnum. Hafa lögreglustjórar, sem jafnframt fara með stjórn almannavarna, í krafti síns embættis víðtækar heimildir til að gera til bráðabirgða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi borgaranna, og geta þeir í því sambandi leitað álits almannavarnaráðs og ráðherra, þar til ákvörðun ríkisstjórnar liggur fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því að í fyrri málsgrein er bætt inn tilvísun til VI. kafla laganna, sem fjallar um hagvarnir, en gert er ráð fyrir því að sá málaflokkur heyri undir forsætisráðherra. Í síðari málsgrein er bætt við ákvæði um að almannavarnaráð skuli, auk þess sem það stýrir starfsemi almannavarna, vera til ráðuneytis um framkvæmd laganna. Var ákvæði þessa efnis í upphaflegum lögum um almannavarnir, en féll út við breytingu 1979.

Um 2. gr.

Lagt er til að landlæknir geti skyldað heilbrigðisstofnanir almennt til að taka þátt í viðbúnaði á sviði almannavarna, en í núgildandi lögum er einungis fjallað um sjúkrahús.

Um 3. gr.

Nokkrar breytingar eru gerðar á einstökum liðum er varða þá þætti almannavarna sem falla skulu undir ríkisvaldið.

1. Í b-lið er nýmæli. Er lagt til að almannavarnaráð hafi frumkvæði að þeirri gagna- og upplýsingaöflun, sem er forsenda þess að rétt mat geti farið fram á hættu, enda byggjast ákvarðanir, viðbrögð, viðvörðun og leiðbeiningar á þeim upplýsingum sem hverju sinni liggja fyrir um hættu, umfang hennar og líklegar afleiðingar.

2. Í d-lið er lagt til að uppsetning og rekstur viðvörðunarkerfa flytjist frá almannavarnarnefndum sveitarfélaga til ríkisvaldsins, en til þessa hefur viðvörðun til landsmanna ein sér verið verkefni almannavarnaráðs. Auk þess sem hér er um að ræða flutning kostnaðar frá sveitarfélögum til ríkis eru með breytingunni tryggð tengsl milli upplýsingaöflunar og hættumats og þess viðvörðunarkerfis sem notað er.

3. Í e-lið er kveðið á um að almannavarnaráð annist „leiðbeiningar og almenningsfræðslu“ en eigi einungis „fræðslustarfsemi“ svo sem nú segir.

4. Með g-lið er lagt til að almannavarnaráð hafi eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana. Er hér um nýmæli að ræða.

5. Með h-lið er gert ráð fyrir því að almannavarnaráð annist innkaup og vörslu á sérhæfðum búnaði vegna verksviðs síns, svo sem vegna geislavarna, fjarSKIPTA, viðvörðunar, þjálfunar og hjálparstarfs.

6. Í j-lið er lagt til að almannavarnaráð fari með yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á hættutímum.

7. Í l-lið er ákvæði um að ráðherra geti falið almannavarnaráði einstök verkefni á sviði almannavarna. Er þar um að ræða ákvæði hliðstætt og er um almannavarnarnefndir.

Í 2. mgr. er flóðum og skriðuföllum bætt við þá áhættuflokka sem almannavarnaráði er ætlað að fylgjast með og stuðla að rannsóknum á.

Í 3. mgr. er nýmæli þar sem kveðið er á um hlutverk almannavarnaráðs að því er varðar ráðstafanir til að draga úr líkams- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá.

Í 4. mgr. er ákvæði um skipun sérstaks fulltrúa almannavarnaráðs í kjördæmum landsins. Er gert ráð fyrir því að þar þurfi ekki að vera um fasta launaða stöðu að ræða, heldur geti fulltrúinn verið embættismaður eða áhugasamur björgunarsveitamaður, sem hlotið hefur þjálfun til að vera almannavarnarnefndum til ráðuneytis og til að fylgjast með viðbúnaði þeirra fyrir hönd almannavarnaráðs.

Um 4. gr.

Fellt er niður ákvæði 2. mgr. 7. gr., þar sem kveðið er á um að ráðstafanir til almannavarna skuli hefja þar sem ríkisstjórnin ákveður í samráði við viðkomandi sveitar-

stjórn eða sýslunefnd, en almannavarnir hafa þegar verið skipulagðar í öllum lögsagnarumdæmum. Að því er varðar ákvörðunarvald ríkisins um viðbúnað til almannavarna í héraði vísast að öðru leyti til ákvæðis í upphafi 9. gr. laganna, sbr. og viðbót við þá grein samkvæmt 6. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að í stað orðanna „grannhéruð, bæir eða landshlutar,“ sem samstarf geti haft um almannavarnir komi: sveitarfélög, tvö eða fleiri, eða landshlutar.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um skipun almannavarnanefnda. Skal almannavarnanefnd vera í hverju lögsagnarumdæmi, þó svo að í sýslum má hafa fleiri nefndir í samræmi við samstarf um almannavarnir samkvæmt 7. gr. laganna.

Formennska í almannavarnanefnd er nú í höndum borgarstjóra, bæjarstjóra eða oddvita. Í tillögum þingkjörnu nefndarinnar koma fram mismunandi sjónarmið um það hvernig formennsku skuli skipað, þ. e. óbreytt skipan, formennska í höndum lögreglustjóra sem að öðru leyti fer með stjórn almannavarna og loks sú skipan að nefndin kjósi sér sjálf formann. Færa má gild rök fyrir formennsku hvort heldur er í höndum framkvæmdastjóra sveitarfélags eða oddvita eða í höndum lögreglustjóra. Kunna mismunandi sjónarmið að koma til álita. Er því lagt til að sú skipan verði upp tekin að nefndirnar kjósi sér sjálfar formann.

Í niðurlagi greinarinnar er lagt til að ákvæðið verði að í fjölmennustu héruðum landsins skuli ráðinn framkvæmdastjóri, sem hæfi umsjón með almannavarnaviðbúnaði.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um hlutverk almannavarnanefnda. Felldur er niður liður er varðar viðvörðunarkerfi, enda er framkvæmd þess viðfangsefnis flutt til ríkisvaldsins, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Að því er varðar liðinn skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða er felld niður ítarleg skilgreining núgildandi laga sem er til leiðbeiningar, þar sem að því er vikið hvernig skipa megi hjálparliðum í flokka og kveðið á um einstakar greinar almannavarna, sem hjálparliðar skuli fá þjálfun í. Loks er orðalagi f-liðar breytt.

Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem ráðherra er heimilað að ákveða lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, svo og að ákveða að almannavarnaráð skuli annast slíkan viðbúnað á kostnað sveitarfélags, ef ákvæðum um lágmarksviðbúnað hefur eigi verið hlýtt.

Um 7. gr.

Lagt er til að almannavarnaráði verði heimilað að flytja hjálparlið milli umdæma, ef hættuástand skapast, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi lögreglustjóra. Er ákvæðinu ætlað að tryggja samræmingu varnar- og hjálparstarfs milli umdæma. Einnig er lagt til að almannavarnaráð geti lagt bann við slíkum flutningi milli umdæma.

Um 8. gr.

Breytingin er gerð til samræmis við önnur ákvæði laganna.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar (nýs VI. kafla) um hagvarnir og hagvarnaráð sem forsætisráðherra er ætlað að skipa eru í samræmi við tillögur þingkjörnu nefndarinnar. Eru tillögurnar lagðar fram efnislega óbreyttar.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru í samræmi við gildandi lög að öðru leyti en því að breytt er orðalagi vegna nýrra laga um framkvæmd eignarnáms.

Í 3. mgr. er nýmæli er kveður á um skyldur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, sem starfa að öryggismálum, til að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna endurgjaldslaust. Er ákvæðið í samræmi við þá meginreglu sem fylgt hefur verið að hver aðili standi straum af eigin kostnaði vegna æfinga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um kostnað af ráðstöfunum til almannavarna, og felur greinin í sér grundvallarbreytingu. Er ríkissjóði ætlað að greiða að öllu leyti kostnað af verkefnum sem undir ríkisvaldið falla, þ. e. kostnað vegna heilbrigðisþáttar (5. gr.) og almannavarnaráðs (6. gr.) auk hagvarna (VI. kafli), en sveitarstjórnir beri að öllu leyti kostnað vegna almannavarna í héraði, þó svo að ríkissjóður endurgreiði $\frac{2}{3}$ kostnaðar vegna byggingar og reksturs opinberra öryggisbygginga sem reist eru á grundvelli áætlunar um byggingu slíkra bygginga. Hefur þá kostnaður vegna viðvörunarkerfa og ráðstafana á sviði sjúkra- og slysaþjálpar vegna almannavarna verið fluttur frá sveitarfélögum til ríkis.

Fylgiskjal.

ÞINGKJÖRIN NEFND UM EFLINGU ALMANNAVARNA

Reykjavík, 16. apríl 1984.

Hr. dómsmálaráðherra
Jón Helgason,
Arnarhváli,
Reykjavík.

Hinn 7. maí 1982 kaus Alþingi 7 manna nefnd „til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu“, samkvæmt þingsályktun frá 18. febrúar 1982.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Friðrik Sophusson, alþingismaður, varaformaður Guðmundur Bjarnason, alþingismaður, en ritari nefndarinnar var Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri AlmannaVARNA ríkisins, og hefur hann unnið ómetanlegt starf fyrir nefndina. Einnig hefur nefndin átt gott samstarf við AlmannaVARNARÁÐ og haldið með því sameiginlega fundi.

Nefndin hóf störf í júní 1982 og hélt 37 fundi um viðfangsefnið. Niðurstöður nefndarinnar birtast í meðfylgjandi álit.

Gerðar eru tillögur til nokkurra breytinga á lögum um almannavarnir, sem að stofni til eru frá árinu 1962. Í skýringum er getið ólíkra sjónarmiða, sem komu fram hjá einstökum nefndarmönnum. Í nefndarálitinu eru drög að reglugerð um skýli og öryggisbyrgi. Lagt er til að sérfræðingar verði fengnir til að endurskoða heildaráætlanir um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá. Þá er gerð 10 ára áætlun um eflingu almannavarna á vegum ríkis og sveitarfélaga, ásamt kostnaðaráætlun á verðlagi í maí 1983.

Reykjavík, 1. apríl 1984.

Friðrik Sophusson

Ásmundur Ásmundsson
Jóhann Einvarðsson
Kjartan Gunnarsson

Bjarki Elíasson
Guðmundur Bjarnason
Sveinn Torfi Sveinsson

EFNISYFIRLIT

1. Störf og starfssvið nefndarinnar
2. Helstu niðurstöður
- 2.1 Lög og reglugerðir
- 2.2 Áætlun um eflingu almannavarna
- 2.3 Annar viðbúnaður — Allsherjarvarnir
- 2.4 Skip og siglingar
3. Lög og reglugerðir
- 3.1 Lög um almannavarnir
- 3.2 Skýling almennings í héraði
4. Áætlun um eflingu almannavarna
- 4.1 Inngangur
- 4.2 Hlutverk og markmið með almannavörnum
- 4.3 Almannaþing ríkisins
- 4.4 Stjórnstöð Almannaþinga ríkisins
- 4.5 Fjarskipti milli umdæma
- 4.6 Gagna- og upplýsingakerfi
- 4.7 Viðvörðun og viðvörðunarkerfi
- 4.8 Leiðbeiningar og almenningsfræðsla
- 4.9 Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda
- 4.10 Birgðasöfnun og birgðavarsla
- 4.11 Umsjón með almannavörnum í héraði
Kostnaðaráætlun
- 4.12 Almannaþingaumdæmi, svæði og staðir
- 4.13 Skipun hjálparliðs
- 4.14 Þjálfun hjálparliðs
- 4.15 Búnaður hjálparliðs
- 4.16 Stjórnstöðvar
- 4.17 Birgðasöfnun
Fylgiskjöl með nefndaráliti
Bókun Guðmundar Bjarnasonar
Sérálit Ásmundar Ásmundssonar

ÞINGKJÖRIN NEFND UM EFLINGU ALMANNAVARNA

1. STÖRF OG STARFSSVIÐ NEFNDARINNAR

1.1 Á 104. löggjafarþingi 1981 var lögð fram af alþingismönnunum Friðriki Sophussyni, Helga Seljan, Eíði Guðnasyni og Guðmundi Bjarnasyni eftirfarandi tillaga til þingsályktunar um eflingu almannavarna:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, m. a. með eftirfarandi markmið í huga:

1. Almannaþarnir ríkisins verði eflðar og þeim tryggður nægur mannaflí til að annast aðalverkefni í almannavörnum, þ. e. upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumat, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.

2. Þjálfaðir verði umsjónarmenn almannavarna í hverju kjördæmi landsins er verði fulltrúar Almannaþarna ríkisins í viðkomandi kjördæmi.

3. Komið verði á fót birgðastöðvum almannavarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir vegna slyshjálpar, vistunar heimilislausra, fjarskipta og neyðarlýsingar.

4. Lokið verði við uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannaþarna ríkisins.

5. Með aðstoð ríkisfjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náttúruhamförum og annarri vá.

6. Starfs- og hjálparlið almannavarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkvæmt nánari áætlun þar um.

7. Endurskoðuð verði lög um verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna almannavarna.

1.2 Í sameinuðu þingi hinn 19. nóvember 1981 mælti fyrsti flutningsmaður Friðrik Sophusson fyrir tillöggunni og var henni síðan vísað til allsherjarnefndar.

Hinn 16. febrúar 1982 mælti Jóhanna Sigurðardóttir formaður allsherjarnefndar fyrir álitu nefndarinnar, þar sem mælt er með samþykkt tillögunnar með svohljóðandi breytingu, sem flutt var á sérstöku þingskjali nr. 344:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu.“

Lýsti fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar sig fylgjandi breytingartillögunni og var hún samþykkt í sameinuðu þingi þann dag.

1.3 Hinn 10. júní 1982 hélt nýkjörin nefnd Alþingis um eflingu almannavarna sinn fyrsta fund, en í nefndina voru kjörnir: Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur, Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, Friðrik Sophusson alþingismaður, Guðmundur Bjarnason alþingismaður, Jóhann Einvarðsson alþingismaður, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur.

Á fyrsta fundi sínum kaus nefndin sér formann og varaformann. Formaður var kjörinn Friðrik Sophusson alþingismaður og varaformaður Guðmundur Bjarnason alþingismaður.

Nefndin hefur á starfstíma sínum haldið 37 fundi, auk þess sem starfað hefur verið í vinnuhópum. Guðjón Petersen framkvæmdastjóri var ráðinn ritari nefndarinnar.

1.4 Á starfstímanum hefur nefndin átt viðræðufundi með eftirtöldum aðilum:

1. Almannavarnaráði, sem í eiga sæti forstjóri Landhelgisgæslu, landlæknir, lögreglustjóri inn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri, sem er núverandi formaður þess, auk skrifstofustjóra dómsmálaráðuneytisins, sem situr fundi ráðsins.
2. Dr. Ágústi Valfells kjarnorkuverkfræðingi.
3. Ásgeiri Ólafssyni, Viðlagatryggingu Íslands.
4. Arnfinni Jónssyni ritara Landssambands hjálparveita skáta.²⁾
5. Birni Friðfinnssyni, fyrrverandi formanni almannavarnanefndar Húsavíkur, en núverandi formanni Sambands ísl. sveitarfélaga.¹⁾
6. Erik Schultz, Civilforsvarsdirektör, Danmörk.³⁾
7. Erik Thyberg, planeringschef i Civilforsvaret, Svíþjóð.³⁾
8. Guðjóni Magnússyni aðstoðarlandlækni og formanni samtaka lækna gegn kjarnorkuvá.
9. Gunnar Gustavsson, generaldirektör i Civilforsvaret, Svíþjóð.³⁾
10. Hafþóri Jónssyni fulltrúa hjá Almannavörnum ríkisins.
11. Haraldi Henryssyni forseta Slysavarnafélags Íslands.²⁾
12. Hilmar Pálssyni aðstoðarforstjóra Brunabótafélags Íslands.
13. Húnboga Þorsteinssyni, formanni almannavarnanefndar Mýra- og Borgarfjarðarsvæðis.¹⁾
14. Ingvari Valdimarssyni formanni Landssambands flugbjörgunarsveita.²⁾
15. Jóni Gauta Jónssyni varaformanni almannavarnanefndar Hafnarfjarðarumdæmis.¹⁾
16. Lauritz Hvidt, administrationschef i Civilforsvaret, Danmörk.³⁾
17. Ólafi Íshólm stjórnarmanni í Slysavarnafélagi Íslands.²⁾
18. Ómari Friðbjólfssyni erindreka Rauða kross Íslands.²⁾
19. Sigurði Guðjónssyni stjórnarmanni í Slysavarnafélagi Íslands.²⁾
20. Sigurði Magnússyni forstöðumanni Geislavarna ríkisins.
21. Steinþóri Júlíussyni formanni almannavarnanefndar Suðurnesja.¹⁾
22. Sverre Servan, Sivilforsvar avdelingsdirektör, Noregi.³⁾
23. Thor R. Bryntesen direktör for Norsk Sivilt Beredskap.³⁾
24. Tryggva P. Friðrikssyni formanni Landssambands hjálparveita skáta.²⁾

1) Sameiginlegur fundur með formönnum almannavarnanefnda.

2) Sameiginlegur fundur með fulltrúum björgunar- og líknarsamtaka, sem eru með formlegt samstarf við Almannavarnir ríkisins.

3) Sameiginlegur fundur með yfirmönnum almannavarna á Norðurlöndum.

Auk þessa hefur nefndin leitað skriflegra upplýsinga frá almannavarnanefndum í landinu og erlendum stofnunum, sem fjalla um almannavarnir.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu, má skipta niðurstöðum í nokkra afmarkaða þætti. Í fyrsta lagi eru tillögur um breytingar á lögum, sem snerta almannavarnir. Í öðru lagi er áætlun um eflingu almannavarna, en henni er ætlað að komast í framkvæmd á næstu 10 árum. Í þriðja lagi eru tillögur um aðgerðir á sviði almannavarna, löggæslu og hagvarna, ásamt tillögum um athuganir á uppbyggingu stjórnsýsluviðbúnaðar, heilbrigðisviðbúnaðar og upplýsinga- og fræðsluviðbúnaðar á tímum hamfara. Með nefndarálitinu eru eftirtalin fylgiskjöl:

1. Allsherjarvarnir.
2. Almannavarnir í Skandinavíu og Danmörku.
3. Útbúnaður birgðavagns.
4. Búnaður áhaldavagns.

2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

2.1. Lög og reglugerðir.

2.1.1 Lög um almannavarnir.

Meðal þeirra breytinga sem nefndin leggur til að gerðar verði á lögum um almannavarnir eru þessar:

1. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari og fjárhagslegri ábyrgð á almannavörnum verði skipt samkvæmt verkefnum. Ekki verði um kostnaðarskiptingu að ræða milli ríkis og sveitarfélaga nema með einni undantekningu, sem er vegna bygginga opinberra öryggisbyrgja. Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga sem hafa samstarf um almannavarnir verði samkvæmt íbúatölu.

2. Ekki náðist samstaða um skipan almannavarnanefnda í héraði. Í megin-texta er þó sett fram tillaga sem mest fylgi hlaut í nefndinni, en aðrar koma fram í skýringum. Sams konar ákvæði og nú gildir í Reykjavík verði tekið upp í lögum um skipun almannavarnanefnda í öllu landinu. Gefst sveitarstjórnnum með því möguleiki á að skipa áhugamenn um björgunar- og líknarstörf í almannavarnanefndir.

3. Aukið verði við verkefni almannavarnaráðs málaflökkum á sviði almannavarna, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í núgildandi lögum. Þessir málaflökkar eru:

- 1) Athugun og mat á hættu vegna náttúruhamfara og hernaðar.
- 2) Rekstur viðvörðunarkerfa.
- 3) Almannavarnir vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana.
- 4) Söfnun neyðarbirgða og tæknibúnaðar.
- 5) Aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á sviði almannavarna.
- 6) Umboð almannavarnaráðs verði rýmkað til skyndiráðstafana á hættutímum.

4. Lágmarkskröfur um viðbúnað á sviði almannavarna verði settar með reglugerð, svo tryggt verði að sveitarstjórnir hugi að og sinni viðbúnaði gegn vá.

2.1.2 Aðrar lagabreytingar.

Nefndin leggur til að sett verði í lög ákvæði um tryggingar á tækjum og eignum einkaaðila og björgunarsveita, vegna tjóns sem á þeim verður við störf í þágu almannavarna.

2.1.3 Reglugerðir.

Nefndin leggur fram tillögur að reglum um loftvarnabyrgi og öryggisbyrgi fyrir fólk að leita skjóls í undan loftárásum, skotárásum og geisla virku úrfalli í hernaði. Reglurnar kveða á um skyldur húsbýggjenda, sveitarfélaga og ríkis um gerð þeirra.

Rétt er að geta þess, að meðal erlendra sérfræðinga eru uppi mismunandi viðhorf um gildi öryggisbyrgja í kjarnorkustyrjöld. Því leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga, almannavarnaráði til ráðuneytis, um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna. (Sjá kafla 3.2 í skýrslu nefndarinnar „Skýling almennings í héraði“.)

2.2 Áætlun um eflingu almannavarna.

Nefndin leggur til að almannavarnir verði eflar samkvæmt áætlun sem nær yfir 10 ára tímabil. Helstu atriði í áætluninni eru þessi og miðast þau við verðlag í maí 1983:

2.2.1 Almannaðarnir ríkisins.

1. Skrifstofuhúsnæði Almannaðarna ríkisins verði aukið um 40 m² 1987. Aukning í reksturskostnaði er 44 þús. kr. á ári.

2. Mannafli Almannaðarna ríkisins verði aukinn um þrjú menn þannig að:

Ný staða fulltrúa verði heimiluð 1985. Kostnaðaraukning kr. 388 þús. á ári.

Ný staða aðstoðarmanns verði heimiluð 1988. Kostnaðaraukning kr. 315 þús. á ári.

Ný staða aðstoðarmanns verði heimiluð 1991. Kostnaðaraukning kr. 315 þús. á ári.

3. Tæknibúnaður Almannaðarna ríkisins verði eflur þannig:

1985 verði veittar kr. 1 120 þús. til endurvarpsstöðva í fjarskiptakerfi, myndbanka og gagnabanka.

1986 verði veittar kr. 1 750 þús. til viðvörunarkerfa fyrir almenning.

1987 verði veittar kr. 2 346 þús. til viðvörunarkerfa, geisla mælitækja og upptökutækja á síma.

1988 verði veittar kr. 2 131 þús. til neyðarbirgða og viðvörunartækja.

1989 verði veittar kr. 3 121 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og flug- og fjarskiptatækja.

1990 verði veittar kr. 2 271 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa, kortalestækja og kortafilma.

1991 verði veittar kr. 2 293 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og tækja í fundarherbergi almannavarnaráðs.

1992 verði veittar kr. 2 379 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og upptökutækja fyrir almannavarnaráð.

1993 verði veittar kr. 2 243 þús. til neyðarbirgða, viðvörunarkerfa og vatnstanks í stjórnstöð.

1994 verði veittar kr. 1 901 þús. til neyðarbirgða og sjónvarpstækis í stjórnstöð.

1995 verði veittar kr. 1 895 þús. til neyðarbirgða og matvæðaskáps í stjórnstöð.

4. Hafid verði strax markvisst fræðslustarf á vegum Almannaðarna ríkisins með námskeiðahaldi tvisvar á ári fyrir leiðbeinendur, yfirmenn og liðsmenn stofnana og félagsamtaka, svo sem björgunarsveita og neyðarsveita Rauðakrossins. Árlegur kostnaður kr. 388 þús.

5. Skipulagi almannavarna verði haldið við og umsjón með almannavarnanefndum verði reglulega einu sinni á ári minnst. Kostnaður kr. 257 þús.

6. Rekstrar- og viðhaldsfé Almannavarna ríkisins verði aukið til að mæta kostnaði vegna ofangreindrar uppbyggingar, tæknibúnaðar og yfirtöku á verkefnum, sem nú eru á herðum sveitarfélaga.

2.2.2 *Almannavarnir sveitarfélaga.*

1. Markviss uppbygging verði hafin á skipun hjálparliðs á einstökum almannavarna-svæðum í samvinnu við starfandi björgunar- og líknarfélög í sveitarfélögunum, en í helstu þéttbýliskjörnum landsins nægir fjöldi félagsmanna í björgunar- og líknarfélögum ekki til að fylla nauðsynlega tölu hjálparliðs.

2. Almannavarnir sveitarfélaga hefji reglubundin þjálfunarnámskeið í héraði fyrir hjálparlið, samkvæmt skipulagi almannavarnaráðs um þjálfun og fræðslu.

3. Hafin verði kerfisbundin söfnun og uppbygging búnaðar og tækja fyrir hjálparlið almannavarna í héruðum.

4. Almannavarnanefndir leiti samstarfs við lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir um sameiginlegar stjórnstöðvar þessara aðila til neyðaraðgerða.

2.3 **Annar viðbúnaður — Allsherjarvarnir.**

Víða um heim er hugtakið allsherjarvarnir (total forsvar/total defence) notað um samræmda áætlun um viðbrögð, samvinnu og verkefni allra aðila innan ríkisins við vá sem að ríkinu steðjar, að jafnaði einkum hernaðarvá. Innan ramma slíkra áætlana er hlutverkum skipt milli hernaðarlegra og borgaralegra yfirvalda og aðgerðir þeirra og annarra, sem á getur reynt á hættutímum, samræmdar. (Sjá nánar fylgiskjal nr. I.)

Með þátttökunni í Atlantshafsbandalaginu er Ísland aðili að gagnkvæmum skuldbindingum aðildarþjóðanna um samstöðu í hernaðaráttökum á þeim svæðum sem Atlantshafssáttmálinn tekur til. Í gildi er sérstakur hververndarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna Norður-Ameríku. Það er ekki verkefni þessarar nefndar að leggja mat á hervarnir landsins, heldur að gera tillögur um eflingu almannavarna.

2.3.1 *Hvaða viðbúnaði við vá, á sviði allsherjarvarna, er nú sinnt á Íslandi?*

Því sem sinnt er hér á landi í þessum efnum eru einkum áætlanir og viðbúnaður til að bjarga mannlífum, veita líkn í neyð ásamt almennu hjálparstarfi og aðstoð við löggæslu. Þá hafa Almannavarnir ríkisins lagt grunn að brottflutningi fólks af hættusvæðum og gerð öryggisbyrgja.

Almannavarnir ríkisins hafa undir höndum áætlanir um viðbrögð vegna hernaðaráttaka, sem miðast við núverandi aðstæður í mannafla, þjálfun og búnaði. Auk þess hafa þær á að skipa takmörkuðum fjölda af þjálfuðu starfs- og hjálparliði og sérhæfðum búnaði til að geta unnið það meginverkefni, að bjarga fólki úr bráðri hættu. Slíkt starfs- og hjálparlið er þó mjög takmarkað í sveitarfélögunum. Lögreglan í Reykjavík hefur gert nokkrar ráðstafanir á þessu sviði og hefur á að skipa þjálfuðum mönnum í því skyni. Að tilhlutan Lögregluskóla ríkisins fer fram kennsla fyrir lögreglumenn í framkvæmd geislaþælinga og skýlingar gegn afleiðingum kjarnorku- og eiturvopna, auk kennslu í almannavörnum.

2.3.2 *Hvaða þáttum viðbúnaðar við vá, á sviði allsherjarvarna, er ekki sinnt á Íslandi?*

Ekkert skipulag er til innan stjórnkerfisins, utan skipulags almannavarna og lögreglunnar í Reykjavík, (sem eins og fyrr greinir tekur yfir tiltekinn þátt allsherjarvarna) til að bregðast við vá sem að landinu steðjadi, svo sem vegna hernaðaráttaka. Það er því skoðun þessarar nefndar, að einkum sé nauðsynlegt að hyggja að eftirfarandi þáttum:

Í fyrsta lagi að því sem nefnt er stjórnsýsluviðbúnaður. Í öðru lagi að því sem nefnt er upplýsinga- og fræðsluviðbúnaður. Í þriðja lagi að því sem nefnt er heilbrigðis- og hollustuviðbúnaður. Í fjórða lagi að því sem nefnt hefur verið hagvarnir.

Stjórnsýsluviðbúnaður er fólgin í því að tryggja að stjórn ríkis og sveitarfélaga geti ávallt leyst verkefni sín og rækt skyldur sínar. Í þessu felst m. a. að í löggjöf þarf að undirbúa þær breytingar, sem hugsanlega er nauðsynlegt að gera á skipulagi stjórnsýslunnar á styrjaldartímum, auk þess sem veita þarf starfsfólki lágmarkspjálfun og upplýsingar um hugsanlegar breytingar á verkefnum þess og starfssviði.

Tryggja þarf starfsaðstöðu stjórnsýsluadila og fjarskiptamöguleika þeirra. Sé slíkur stjórnsýsluviðbúnaður ekki fyrir hendi er líklegt að stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga myndi, ef landið drægist skyndilega inni í ófriðaráttök, meira og minna lamast og ekki a. m. k. fyrst í stað valda þeim gjörbreyttu verkefnum, sem þá þyrfti að fást við. Með upplýsinga- og fræðsluviðbúnaði er fyrst og fremst átt við undirbúning og skipulagningu á upplýsingagjöf til almennings á styrjaldar- og hættutímum. Kerfisbundin miðlun réttra upplýsinga á slíkum tímum er mjög nauðsynleg, sérstaklega þegar líklegt má telja að reynt verði að dreifa fölskum eða röngum upplýsingum til almennings. Þá telur nefndin óhjákvæmilegt að sérstakur gaumur verði gefinn að heilbrigðis- og hollustuviðbúnaði á tímum meiri háttar hamfara, s. s. á styrjaldartímum. Meðal þess sem telja má upp í þessum efnum eru þættir eins og skipulag aðstoðar frá heilbrigðisstofnunum utan vígvallar, fræðslu almennings í skyndihjálpi, skipulag á lyfjabirgðum og hjúkrunarvörum, svo eitthvað sé nefnt.

Um hagvarnir og löggæslu verður fjallað sérstaklega hér á eftir í gr. 2.3.3 og 2.3.4.

2.3.3 Hagvarnir.

Í lögum, sem sett voru 1939 vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, eins og það er kallað í fyrirsögn laganna, voru ríkisstjórninni veittar margvíslegar heimildir til þess að gera ráðstafanir sem snertu birgðahald í landinu og til þess að gera ráðstafanir til að taka vörur og verðmæti eignarnámi og koma á fót skömmunarkerfi á nauðsynjum.

Með hagvörnum er hér átt við miklum mun viðtækari verkefni heldur en lög frá 1939 fjalla um. Með hagvörnum er í raun átt við skynsamlega nýtingu allra auðlinda og verðmæta, þannig að þörfum þjóðfélagsins fyrir vörur og þjónustu verði fullnægt á styrjaldar- og átakatímum með sem bestum hætti og sem næst þeim hætti sem tíðkast á friðartímum.

Undirbúningurinn samkvæmt hagvarnakerfinu felst því í söfnun birgða, undirbúningi á framleiðslu á vörum sem jafnvel eru ekki framleiddar að öðru jöfnu, dreifingu þeirra og skömmun ef við á. Undirbúningi og skipulagningu á vinnuafli, flutningi þess milli landshluta eða atvinnugreina ef á þarf að halda. Jafnframt taka hagvarnir til undirbúnings varðandi t. d. bráðabirgðabyggingar, byggingarefnis vegna þeirra. Þær eru til að tryggja að næg orka sé til staðar, bæði raforka, eldsneyti og annað sem til þarf. Þá mundi jafnframt falla undir hagvarnir skipulagning á nýtingu bæði farskipastóls landsins og fiskiskipastóls á hættutímum, allt með því markmiði að tryggja sem best líf og öryggi og aðbúnað Íslendinga.

Til þess að undirbúningur af þessu tagi geti farið fram, þurfa ýmsar breytingar að verða innan stjórnkerfisins. Þetta eru þó ekki breytingar sem krefjast aukinna fjárútláta eða aukins mannahalds, heldur fyrst og fremst þess að skipulega sé unnið á mörgum stöðum samtímis að nákvæmlega tilgreindum verkefnum og að upplýsingum sé safnað saman á einn stað þar sem unnið er úr þeim og þær settar upp í skipulegt kerfi, sem er tilbúið til notkunar ef og þegar þörf krefur. Nefndin gerir tillögur um ákveðin atriði í þessu sambandi, en hún tekur t. d. ekki afstöðu til þess hvort með lögum á að ákveða að ávallt sé til í landinu mikið magn birgða af mörgum lífsnauðsynlegum vörum, svo sem korni og ýmsum öðrum matvörum, járn og stáli, eldsneyti, hráefnum til áburðarframleiðslu og varahlutum í lífsnauðsynlegan tækjabúnað, svo sem varahlutum í virkjanir, háspennulínur og önnur grundvallarmannvirki, sem hætta er á að gætu orðið fyrir tjóni í styrjaldaráttökum. Nefndin leggur til að fyrirkomulag hagvarna og nokkurra annarra þátta, er snerta allsherjarvarnir, verði ákveðið í lögum um almannavarnir, eins og fram kemur í kafla 3 um lög og reglugerðir.

2.3.4 Löggæsla.

Á ófriðartímum og við alvarlegar náttúruhamfarir eykst álag á löggæslu. Hefur reynsla af náttúruhamförum á síðasta áratug sýnt að lögregla þeirra umdæma, sem orðið hafa fyrir skakkaföllum, hefur ekki haft bolmagn til að mæta því álagi, sem af þeim hefur leitt. Við upphaf eldsumbrota í Vestmannaeyjum 1973 voru sendir tafarlaust um 20 lögreglumenn úr Reykjavík og skipuleggja varð lögregluaðstoð víðar að. Í Kröflueldum 1975—1981 voru þjálfaðir varamenn til löggæslu í Mývatnssveit að ósk heimamanna. Framangreind tvö dæmi sýna að staðbundin neyð setur daglega löggæslu úr skorðum. Við meiri háttar vá, svo sem á ófriðartímum, þarf lögregla að geta haft mikinn viðbúnað til að mæta því aukna álagi, sem á henni mundi mæða. Brottlutningur fólks af hættusvæðum krefst mikils mannafla við umferðarstjórn, skemmdir á mannvirkjum krefjast varðstöðu til verndar verðmætum. Auk þess má búast við skömmtun hvers konar og að skortur auki gripdeildir og óróa. Því þarf að halda reglu við hvers konar þjónustustöðvar. Skemmdarverkastarfsemi sem liður í ófriði er einnig vandamál, sem mæða mundi á lögreglu.

Nefndin leggur til að haldið verði áfram að efla stuðning almannavarnakerfisins við löggæslu á hættutímum, m. a. með sérstökum samningum við björgunarsveitir eða aðra sambærilega aðila. Nefndin telur þetta mikilvægt á sviði almennra löggæslustarfa þar sem mannaflapörf er mikil. Þannig efldist löggæsla á þeim sviðum um leið og losnaði um þjálfaða löggæslumenn, sem vinna þyrftu að sérhæfðum eða áhættusömum verkefnum löggæslunnar.

2.4 Skip og siglingar.

Almannavarnaráð hefur vakið athygli nefndarinnar á að stjórnskipulega er ekki gert ráð fyrir neyðartilkynningum, viðvörnum eða leiðbeiningum til áhafna skipa, sem væru á siglingu á hafsvæðum við landið, eða íslenskra skipa í langförum. Hins vegar er talið nauðsynlegt að leiðbeiningar um öryggi manna og skipa á ófriðartímum séu í íslenskum skipum og að tryggt sé að viðvaranir berist áhöfnum þeirra ekki síður en til fólks í landi.

Nefndin telur rétt að forstjóra Landhelgisgæslunnar verði falið að skipuleggja og annast slíkar viðvaranir og leiðbeiningar til skipa, en að framkvæmd miðlunar verði í höndum póst- og símamálastjóra. Bendir nefndin á að báðir þessir embættismenn eiga sæti í almannavarnaráði, þar sem þær upplýsingar, sem um ræðir, eru mótteknar og metnar, en almannavarnaráð annast viðvaranir til almennings vegna hættu.

Nefndin bendir jafnframt á, að edlilegt sé að við skipulag á viðvörnum og leiðbeiningum til áhafna á íslenskum skipum sé kannað á hvern hátt megi nýta þá starfsemi sem nú fer fram innan Tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

3. LÖG OG REGLUGERÐIR

3.1 Lög um almannavarnir.

Drög að frumvarpi til laga um almannavarnir, sem koma í stað laga nr. 94, 29. des. 1962, sbr. l. nr. 30, 29. apríl 1967 og l. nr. 55, 30. maí 1979. (Breyttur texti miðað við gildandi lög er feitletraður.)

LÖG um almannavarnir.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vát, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.

2. gr.

Krefjast má aðstoðar opinberra aðila, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem löggin fela þeim.

3. gr.

Á hættutímum er **almannavarnaráði** heimilt að gefa út sérstök **tímabundin** fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum sem almenningur hefur aðgang að, **samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir**. Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar áfingar í þágu almannavarna standa yfir.

Ef hætta vofir yfir getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

Skýringar:

Ákvæði um, að ríkisstjórnin þurfi að fjalla um almenna umferð og öryggi á opinberum stöðum á hættutímum, er talið of þungt í vöfum. Virðist löggjafinn hafa haft í huga hæga stígandi í viðbúnaði, t. d. vegna yfirvofandi hernaðar. Þessari mgr. hefur ekki verið breytt frá því löggin voru fyrst sett 1962, en þá voru þau einungis sniðin að þeirri tegund vát. Frá 1967 hefur almannavörnum verið ætlað að hafa viðbúnað og stjórna aðgerðum vegna náttúruhamfara og annarrar vát. Því er hraðvirk stjórn og skjótar ákvarðanir nauðsynlegar vegna skemmri viðbragðstíma. Lagt er til, að almannavarnaráð hafi heimild til að gefa út tímabundin fyrirmæli á þessu sviði, byggð á áætlun sem ráðherra staðfestir.

II. KAFLI

Skipulag almannavarna.

4. gr.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. og VI. kafla.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna og er **ríkisstjórninni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara**. Í ráðinu eiga sæti: Forstjóri Landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

Skýringar:

Bætt er inn tilvitnunum í nýjar greinar, þar sem ákvæði eru sett um hagvarnir, en samkvæmt þeirri umfjöllun sem fram hefur farið í nefndinni, er talið rétt að hagvarnir falli beint undir forsætisráðherra.

Nefndin leggur til, að í starfsreglum sem dómsmálaráðherra getur sett almannavarnaráði, verði kveðið á um hverjir skuli vera staðgenglar aðalmanna.

Í umfjöllun nefndarinnar um skipun almannavarnaráðs komu fram hugmyndir, m. a. frá almannavarnaráði, um fjölgun embættismanna í því. Benti ráðið á, að vegna þýðingar flugs fyrir allar samgöngur og flutninga í landinu, væri hugsanlega rétt að flugmálastjóri tæki sæti í almannavarnaráði. Einnig ræddi nefndin um hvort brunamálastjóri og forstjóri ríkisspítalanna ættu að taka sæti í almannavarnaráði. Í þeim umræðum, sem fram fóru innan nefndarinnar um þessi mál, var vakin athygli á að lögreglustjórinn í Reykjavík fer með stjórn almannavarna í Reykjavík auk þess að eiga sæti í almannavarnaráði. Vöknudu spurningar um fyrirkomulag stjórnar almannavarna í Reykjavík, ef vá verður þar, en vá á höfuðborgarsvæðinu krefðist samtímis setu lögreglustjóra í almannavarnaráði. Komu fram hugmyndir um hvort dómsmálaráðherra eða fulltrúi hans úr ráðuneytinu ætti ekki frekar að sitja í almannavarnaráði. Mótrök gegn því að lögreglustjórinn í Reykjavík færi úr almannavarnaráði voru þau, að hann fer með málaflokka, sem heyra undir ríkislögreglu í öðrum löndum, svo sem löggæslu á þjóðvegneti, öryggisgæslu, útlendingaeftirlit og stjórn lögregluskólans, svo eitthvað sé nefnt. Einnig kom fram að hann er í öruggu sambandi við almannavarnarnefnd Reykjavíkur og setur aðalfulltrúa sinn til stjórnar þar í sínu umboði.

Að lokinni ítarlegri umræðu um skipan almannavarnaráðs var niðurstaðan sú að breyta ekki skipan ráðsins að sinni.

5. gr.

Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, lækni meðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

Forráðamönnum **sjúkrastofnana** ber samkvæmt fyrirmælum landlæknis að undirbúa og **gera** ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

Skýringar:

Orðinu „sjúkrahús“ er breytt í „sjúkrastofnana“. Er það gert til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Eðlilegt er að heilsugæslustöðvar og aðrar sjúkrastofnanir ásamt sjúkrahúsum taki þátt í viðbúnaði á sviði almanna- varna.

6. gr.

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum sem undir ríkisvaldið falla, þar á meðal:

1. Fjarskipti milli umdæma.
2. **Gagna- og upplýsingasöfnun um hættu.**
3. Mælingar á geislavirkni.
4. Viðvörðun og **viðvörðunarkerfi.**
5. **Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.**
6. Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.
7. **Eftirlit og umsjón með ráðstöfunum á sviði almannavarna vegna æðstu stjórnar landsins og mikilvægra stofnana ríkisins samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.**
8. **Söfnun birgða og varsla þeirra, vegna þeirra þátta sem undir ríkisvaldið falla.**
9. Skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum.

10. Yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana.

11. Umsjón með almannavörnum í héraði.

12. **Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður.**

Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum, flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða annarri vá.

Almannavarnaráð skal jafnframt stuðla að, fylgjast með og samræma ráðstafanir, sem miða að því að draga úr líkum á mann- eða eignatjóni af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, til dæmis með gerð varnarvirkja eða með öðrum verndarráðstöfunum.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð getur sett framkvæmdastjóra erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra. Í hverju kjördæmi skal vera minnst einn fulltrúi almannavarnaráðs skipaður af því. Fer hann með umsjón þeirra verkþátta, sem undir ríkisvaldið falla og er lögreglustjórum og almannavarnanefndum til ráðuneytis um almannavarnir. Hann skal vera búsettur í kjördæminu.

Skýringar:

1. (2. töluliður). Ákvarðanataka, viðbrögð, viðvaranir og leiðbeiningar byggjast á sem bestum upplýsingum um hættu, umfang hennar og líklegar afleiðingar. Því er nauðsynlegt að almannavarnaráð hafi frumkvæði að þeirri gagna- og upplýsingasöfnun, sem er forsenda þess að rétt mat geti farið fram á hættu. Almannavörnum annarra þjóða er gert að hafa upplýsingaforingja í eftirlits- og viðvörunarstöðvum herja til að tryggja að upplýsingar um líklega árás eða hættu komist strax til almannavarna, svo að bregðast megi við á viðeigandi hátt. Sama á við um náttúruhamfarir. Almannavarnaráð þarf að hafa frumkvæði í öflun upplýsinga og fylgjast með hættu ef upp kemur, fremur en treyst sé frumkvæði annarra. Reynslan hefur sýnt, að upplýsingar um vá hafa komið of seint til Almannavarna ríkisins.

2. (4. töluliður). Almannavarnaráð hefur haft með höndum viðvörun til landsmanna samkvæmt lögum. Almannavarnanefndum hefur verið falin uppsetning og rekstur viðvörunarkerfa. Með þessari breytingu er uppsetning og rekstur viðvörunarkerfa fluttur til ríkisvaldsins. Kostnaðarsömum lið er þannig létt af sveitarfélögunum og þeim gert auðveldara að sinna öðrum staðbundnum verkefnum almannavarna. Með þessari breytingu eru einnig tryggð órofa tengsl milli upplýsingasöfnunar, hættumats annars vegar og þess viðvörunarkerfis sem notað er hins vegar.

3. (5. töluliður). Í nógildandi lögum er kveðið á um að almannavarnaráð fari með „fræðslustarfsemi“. Hins vegar er hvergi getið um leiðbeiningar til almennings. Nógildandi ákvæði þykja ekki taka af vafa um slíkt. Er þessu ákvæði því breytt í „leiðbeiningar og almenningsfræðsla“.

4. (7. töluliður). Nógildandi lög gera ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir séu gerðar til almannavarna vegna atvinnufyrirtækja sem hafa 100 manns eða fleiri í þjónustu sinni. Hins vegar er ekki í almannavarnalögum ákvæði um sérstakar ráðstafanir til almannavarna vegna æðstu stjórnar lýðveldisins, né til verndar sérstökum þjóðarverðmætum. Engin ákvæði eru heldur um varnir mikilvægra stofnana eða mannvirkja. Er þessu ákvæði bætt inn í lög.

5. (8. töluliður). Ekki er gert ráð fyrir í nógildandi lögum að Almannavarnir ríkisins haldi birgðir í einstökum landshlutum. Birgðasöfnun er fyrst og fremst ætluð sveitarfélögum. Rétt er að sveitarfélög sinni áfram söfnun og varðveislu birgða á sviði almannavarna, en Almannavarnir ríkisins annist kaup og vörslu á sérhæfðum búnaði vegna verkswiðs síns. Þar er um að ræða búnað, s. s. geislaþæla, fjarskiptabúnað, viðvörunartæki, þjálfunarbúnað og mjög sérhæfðan hjálparbúnað. Birgðir á sviði sjúkrþjónustu falla einnig undir þetta ákvæði.

6. (10. töluliður). Hér er sett inn ákvæði þess efnis, að almannavarnaráð fari með yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana á hættutímum. Þetta ákvæði er sett að fenginni reynslu. Rétt er að samræmd heildarstjórn sé á tilflutningi hjálparliðs og búnaðar milli umdæma, þannig að skortur á liði og búnaði verði ekki á einum stað, þegar ráðist er gegn vanda á öðrum. Tvö dæmi eru sett fram til skýringar. Við snjóflóðin í Neskaupsstað 1974 lögðust Almannavarnir ríkisins gegn því að lið og búnaður yrði flutt frá Seyðisfirði. Unnt var að fá menn og búnað frá öruggari svæðum á sunnanverðum Austfjörðum. Sama gerðist við snjóflóðin á Patreksfirði. Umdæmi norðan Patreksfjarðar vildu senda menn og búnað til Patreksfjarðar, þrátt fyrir snjóflóðahættu á þeim stöðum. Í áætlun Almannavarna er gert ráð fyrir slíkri stjórn á aðstoð, sem getur haft mjög mikilvæga þýðingu í stórum áföllum.

7. (12. töluliður). Bætt er inn í 6. gr. laganna ákvæði sem gerir ráð fyrir að ráðherra geti falið almannavarnaráði einstök verkefni á sviði almannavarna, líkt og almannavarnanefndunum, skv. 9. gr. laganna.

8. Í lokasetningu 2. mgr. er bætt inn flóðum og skriðuföllum í upptalningu á þeim hættuflokkum, sem almannavarnaráði er ætlað að fylgjast með og stuðla að rannsóknum á.

Í 3. mgr. er sett inn ákvæði um hlutverk almannavarnaráðs á sviði fyrirbyggjandi ráðstafana. Í fyrstu gr. laganna er ótvírætt kveðið á um að hlutverk almannavarna sé að koma í veg fyrir líkams- eða eignatjón, eftir því sem unnt er, en hvergi er í núgildandi lögum kveðið nánar á um fyrirkomulag fyrirbyggjandi aðgerða.

Í 4. mgr. greinarinnar er ákvæði um skipun fulltrúa almannavarnaráðs í kjördæmum landsins. Með því er þó ekki kveðið á um fasta launaða stöðu. Tillagan gerir ráð fyrir að fulltrúi almannavarnaráðs geti verið embættismaður eða áhugasamur björgunarsveitarmaður, sem búsettur er í kjördæminu og hlotið hefur nægilega þjálfun til að vera almannavarnanefndum til ráðuneytis og fylgst með viðbúnaði fyrir hönd almannavarnaráðs.

7. gr.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Almannavarnaráði er heimilt að ákveða, að grannhéruð, bæir og landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð, **samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir**.

Skýringar:

Engar breytingartillögur eru gerðar við 1. mgr., en lagt til að 2. mgr. falli niður, þar eð almannavarnir hafa nú þegar verið skipulagðar í öllum héruðum landsins samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra frá 1967.

Í 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvörðunarvald um „að grannhéruð, bæir og landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð“ verði fært til almannavarnaráðs, en ráðherra staðfesti þá tilhögun. Þegar unnið er við áætlanir almannavarna í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir er ætíð leitað að heppilegustu samstarfsformum á grundvelli samræmds hættumats, hagsmuna sveitarfélaganna, landfræðilegra aðstæðna og samgangna, svo eitthvað sé nefnt. Það álit kom þó fram í nefndinni, að áhöld væru um hvort rétt væri að breyta þessu ákvæði.

8. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Lögreglustjóri er formaður almannavarnanefndar.

Í kaupstöðum skipar bæjarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni auk lögreglustjóra borgarstjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem borgarstjórn velur. Í öðrum kaupstöðum skal almannavarnanefnd skipuð,

auk lögreglustjóra, bæjarstjóra, héraðs- eða heilsugæslulækni, bæjarverkfræðingi eða bæjartæknifræðingi, slökkviliðsstjóra og tveimur mönnum, sem bæjarstjórn velur.

Í sýslum eiga sæti í almannavarnanefnd, auk lögreglustjóra, héraðs- eða heilsugæslulæknir, byggingafulltrúi og slökkviliðsstjóri, sem sýslumaður tilnefni og þrír menn tilnefndir af hreppsnefndum í þremur stærstu hreppum sýslunnar. Skipa má fleiri en eina almannavarnanefnd í sýslu, í samræmi við samstarf um almannavarnir samkv. 2. mgr. 7. gr.

Í Reykjavík skipar borgarstjóri framkvæmdastjóra almannavarnanefndar. Á öðrum stöðum, þar sem eru yfir 5000 íbúar, skal ráðinn framkvæmdastjóri, eftir atvikum í hlutastarf, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

Skýringar:

Greinin er umsamin með það í huga að einfalda skipun almannavarnanefnda í byggðum landsins og opna möguleika fyrir sveitarstjórnir að hafa meiri áhrif á skipun þeirra.

Breytingin miðar að því að starf almannavarnanefnda miðist við lögsagnarumdæmi, en þó þannig að fjöldi almannavarnanefnda innan sama lögsagnarumdæmis geti ráðist af sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að formennska í almannavarnanefndum verði í höndum lögreglustjóra, þannig að formennska í almannavarnanefnd og stjórn almannavarna í héraði fari saman.

Í 4. mgr. er tryggt að í fjölmennustu héruðum landsins verði framkvæmdastjórar, sem hafi umsjón með almannavarnaviðbúnaði og góða þekkingu á starfsemi og skipulagi almannavarna. Þeir geta verið ráðgjafar um viðeigandi öryggisráðstafanir ef hættuástand skapast í héraði.

Nefndin fjallaði mjög ítarlega um skipun almannavarnanefnda í landinu og formennsku í þeim. Var í þeirri umfjöllun haft samráð við almannavarnaráð á mörgum stigum umræðunnar og um ýmsar tillögur og kosti sem nefndin fjallaði um.

Stærsti minni hluti nefndarinnar er sammála þeirri tilhögun, sem sett er fram í skýrslunni, sem byggist á ályktun almannavarnaráðs og vilja margra sveitarstjóra og lögreglustjóra, að stjórn og formennsku í almannavarnanefndum sé ekki skipt. Hins vegar komu fram gild rök fyrir óbreyttu skipulagi, en lagfærð til nútíma embættismannaskipunar og til samræmis milli almannavarnanefnda í landinu og Reykjavík. Auk þess bárust nefndinni tillögur frá formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi stjórn, skipun og formennsku í almannavarnanefndum. Var sú tillaga einnig útfærð frekar af einum nefndarmanna og lögð fram sem breytingartillaga.

Þar sem afstaða nefndarmanna til stjórnar, skipunar og formennsku er skipt, fylgja í skýringum hér á eftir tillögur þær sem fram hafa komið.

Greinin umsamin með núverandi fyrirkomulag í huga.

8. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, samkv. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn er **borgarstjórn** velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, **heilsugæslulækni**, bæjarverkfræðingi, **tæknifræðingi** eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, slökkviliðsstjóra og **tveimur mönnum, sem sveitarstjórn velur**. Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, sem sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

Tillaga Ásmundar Ásmundssonar.

7. gr.

Í stað orðanna í aðaltillögu „Lögreglustjórar fara með” komi: Almannavarnanefndir fara með.

8. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal vera almannavarnanefnd. Í lögsagnarumdæmum, sem taka yfir fleiri en eina byggð, geta nefndirnar orðið fleiri ef þurfa þykir. Nefndirnar kjósa formann og varaformann úr sínum hópi.

Í almannavarnanefnd sitji sveitarstjóri, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, héraðs- eða heilsugæslulæknir, bæjarverkfræðingur, bæjartæknifræðingur eða byggingarfulltrúi og tveir menn sem sveitarstjórn velur.

Í sveitarfélögum í dreifbýli, þar með talið í sveitarfélögum með færri en 200 íbúa, tilnefnir sveitarstjórn einn umsjónarmann almannavarna og annan til vara. Heimilt er ráðherra þó að ákveða að skipuð verði almannavarnanefnd í sveitarfélögum, þar sem rík ástæða þykir til, að mati almannavarnaráðs, svo sem vegna fjölmennis við skólahald, orlofsdvöl eða verklegar framkvæmdir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að settar skuli á fót héraðsnefndir, sem samræmi almannavarnir á tilteknu landsvæði. Héraðsnefnd skipa fulltrúar í almannavarnanefndum á svæðinu eða umsjónarmenn almannavarna. Hún kys sér formann úr sínum hópi, sem jafnan skal vera fulltrúi þess sveitarfélags sem er afgerandi stærst. Sveitarstjórn skal tilnefna sérstakan starfsmann eða framkvæmdastjóra almannavarna í héraði, og sé hann launaður eftir atvikum.

Greinargerð.

Í aðaltillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir að stjórn almannavarna í héraði sé í höndum lögreglustjóra (sbr. 7. gr.), auk þess sem lögreglustjóri sé jafnframt formaður almannavarnanefndar (sbr. 8. gr.). Þá er þar og gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdastjórum í bæjum með fleiri en 5000 íbúa.

Nú er ljóst, að engan veginn er víst að meðal lögreglustjóra sé að finna hæfustu einstaklingana til þess annars vegar að stýra starfi nefndarinnar og hins vegar að stjórna aðgerðum á tímum hamfara. Kann jafnvel að vera svo að í ákveðnu almannavarnaumdæmi sé viðkomandi lögreglustjóri óhæfur að gegna slíkum störfum, þrátt fyrir góða menntun sína og starfsmanna sinna er hugsanlega gegndu þessum störfum í hans nafni. Er hér **að sjálfsögðu** ekki verið að ræða hæfileika hans til að hafa með hendi löggæslu í umdæmi sínu.

Eðlilegra virðist, og í samræmi við lýðræðishefðir í landinu, að almannavarnanefndir fari með stjórn almannavarna í héraði. Þær séu skipaðar þeim embættismönnum sem haldbest yfirlit hafa yfir löggæslu, skipan heilbrigðismála, tækni-, samgöngu- og byggingarmála, slökkviliðsstarfsemi og almenna félagsstarfsemi. Þeir embættismenn eru: Lögreglustjóri, héraðs- eða heilsugæslulæknir, bæjarverkfræðingur, bæjartæknifræðingur eða byggingarfulltrúi, slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri. Þessir menn, ásamt a. m. k. tveimur mönnum sem viðkomandi sveitarstjórn velur, skipi almannavarnanefnd, sem kjósi sér formann og varaformann úr sínum hópi. Viðkomandi sveitarstjórn ráði svo sérstakan framkvæmdastjóra í bæjum með fleiri en 5000 íbúa, eftir atvikum í hlutastarf og í fámennari byggðum ef þörf krefur. Þar sem ekki er ráðinn framkvæmdastjóri sé a. m. k. tilnefndur af viðkomandi sveitarstjórn sérstakur starfsmaður, sem í mörgum tilfellum getur verið einn starfsmanna viðkomandi bæjarfélags eða áhugasamur og hæfur leikmaður.

Tillaga Björns Friðfinnssonar, formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. gr.

Í kaupstöðum og öðrum sveitarfélögum, sem hafa þéttbýliskjarna þar sem búa 200 íbúar eða fleiri, skal sveitarstjórn skipa almannavarnanefnd. Skulu nefndirnar kjósa sér formann og varaformann.

Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarlæknir, borgarstjóri, borgarverkfræðingur, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem borgarstjórn velur.

Í öðrum sveitarfélögum sbr. 1. mgr. eiga sæti í nefndinni bæjar- eða sveitarstjóri (oddviti), héraðs- eða heilsugæslulæknir, lögreglustjóri, slökkviliðsstjóri, verkfræðingur eða tæknifræðingur sveitarfélagsins og tveir menn sem sveitarstjórn velur.

Í sveitarfélögum, sem ekki falla undir ákvæði 1. mgr., tilnefnir sveitarstjórn einn umsjónarmann almannavarna og annan til vara. Heimilt er ráðherra þó að ákveða að skipuð verði almannavarnanefnd í sveitarfélögum, þar sem rík ástæða þykir til, að mati almannavarnaráðs, svo sem vegna fjölmennis við skólahald, orlofsdvöl eða verklegar framkvæmdir.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að settar skuli á fót héraðsnefndir, sem samræmi almannavarnir á tilteknu landsvæði eða lögsagnarumdæmi. Héraðsnefnd skipa fulltrúar í almannavarnanefndum á svæðinu eða umsjónarmenn almannavarna sbr. 4. mgr. Lögreglustjóri er að jafnaði formaður héraðsnefndar, en um það skal nánar kveðið í reglugerð.

Framkvæmdastjórn almannavarna í hverju sveitarfélagi sbr. 1. mgr. skal ákveðin af sveitarstjórn og starfsmanni sveitarfélags eða sérstaklega ráðnum starfsmanni falið að hafa hana með höndum.

9. gr.

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og **annast** björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapast hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, skv. nánari reglum er ráðherra setur:

1. Skipulagning og **samræming** hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður.
2. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
3. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja samkvæmt áætlun sem ráðherra samþykkir.
4. Stjórnstöðvar.
5. Fjarskiptakerfi.
6. **Birgðasöfnun og rekstur birgðastöðva.**
7. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings fólks og móttöku fólks af hættusvæði.
8. Aðrar ráðstafanir sem ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lágmarksviðbúnað að almannavörnum í héraði. Ráðherra er heimilt að ákveða að almannavarnaráð annist lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði, á kostnað sveitarfélagsins, hafi ákvæðum um lágmarksviðbúnað ekki verið hlýtt.

Skýringar:

Í 1. mgr. er sú breyting gerð, að framkvæmd ákvæðis um viðvörðunarkerfi samkvæmt 1. tölulið verði flutt til ríkisvaldsins í samræmi við breytingartillögu við 6. gr. laganna. Þetta er gert til að létta af sveitarfélögunum kostnaðarsömum lið í almannavörnum og auðvelda þeim að kosta önnur verkefni í héraði.

Nýtt ákvæði er sett inn í greinina, þar sem ráðherra er heimilað að ákveða lágmarksviðbúnað almannavarna í héraði. Sé ákvörðun ráðherra ekki fylgt í héraði, er honum jafnframt heimilt að fela almannavarnaráði að annast framkvæmd lágmarksviðbún-

aðar á kostnað sveitarfélagsins. Með þessu ákvæði er reynt að koma í veg fyrir að sveitarfélög geti skotið sér undan að sinna lágmarksalmannavörnum, þegar þörf krefur. Gera flest sveitarfélög mjög lítið á sviði almannavarna og kemur það stundum í hlut annarra að greiða kostnað af hjálparstarfi við einstök sveitarfélög vegna lélegs viðbúnaðar í þeim.

III. KAFLI

Hjálparlið.

10. gr.

Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkv. fyrirætlunum er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfa, ef þeir óska þess sjálfir.

Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almannavarna.

Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfa, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

11. gr.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

Á hættutímum er almannavarnaráði heimilt að ákveða að hjálparlið skuli flutt á milli umdæma til aðstoðar á hættusvæði, enda samþykki viðkomandi lögreglustjóri þá tilhögun. Á hættutíma getur almannavarnaráð bannað að hjálparlið sé flutt á milli umdæma.

Skýringar:

Bætt er inn nýrri mgr., sem er heimild fyrir almannavarnaráð til að flytja lið milli umdæma ef hættuástand skapast. Í núverandi lögum eru engar heimildir fyrir almannavarnaráð að hafa áhrif á samræmingu varnar- og hjálparstarfs milli umdæma. Er því þessi málsgrein sett inn í samræmi við nýtt ákvæði í 10. lið 1. mgr. 6. gr.

12. gr.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirætlunum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

13. gr.

Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

14. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfsskyld komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

IV. KAFLI

Einkavarnir.

15. gr.

Atvinnufyrirtækjum, sem hafa 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða, **náttúruhamfara eða af annarri vá.**

Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

Skýringar:

Í 15. gr. er 1. mgr. breytt til samræmis við önnur ákvæði laganna um að þau nái einnig til ráðstafana vegna náttúruhamfara og af annarri vá.

16. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

17. gr.

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekist samkomulag um skiptingu kostnaðar.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

18. gr.

Ráðherra getur ákveðið að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvæðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimtu fylgir lögtaksréttur.

Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. KAFLI

Flutningur fólks af hættusvæðum.

20. gr.

Beri brýna nauðsyn til, að fólk flytjist af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að almannavarnaráð geti ákveðið brottflutning við sérstakar aðstæður ef hætta vofir yfir.

Skýringar:

Í 2. mgr. er bætt inn heimild fyrir ráðherra að gefa almannavarnaráði umboð til að ákveða brottflutning ef hætta vofir yfir. Sem kunnugt er geta ýmiss konar hættur vegna náttúruhamfara krafist þess að nauðsynlegt sé að taka skyndiákvörðun um brottflutning fólks. Getur í slíkum tilvikum verið of seinvirkt að biða ákvarðanatöku ríkisstjórnar ef líf liggur við. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvarðanatöku almannavarnaráðs séu takmörk sett vegna hugsanlegrar efnahagslegrar röskunar, sem meiri háttar brottflutningur hefur í för með sér.

21. gr.

Nú hefur **verið tekin** ákvörðun samkvæmt 20. gr., og er þá öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

Skýringar:

1. mgr. er breytt til samræmis við hina nýju 2. mgr. í 20. gr.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og loftför, í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlyningar.

Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því hússaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

Skýringar við 22. gr.

Nefndin fjallaði ítarlega um síðustu mgr. þessarar greinar. Var í þeirri umfjöllun tekið mið af reynslu af þeim tveimur tilfellum, þar sem íbúar hafa flúið hættu og verið fluttir á brott, þ. e. við eldsumbrotin í Vestmannaeyjum 23. janúar 1973 og jarðskjálftana á Kópaskeri 13. janúar 1976. Bendir nefndin á, að þegar íbúar eru fluttir á brott frá byggðarlagi og það lamast eða verður óbyggilegt um tíma, bresta tekjur þess, auk þess sem þeir sem fyrirgreiðslunnar njóta missa tekjur og atvinnu jafnframt. Í báðum tilfellum greiddi þjóðfélagið í heild kostnað vegna brottflutningsins og umönnunar fólksins með stofnun Viðlagasjóðs og með framlögum úr ríkissjóði. Hins vegar er nefndin þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að ákvæði þessarar greinar gildi aðeins í þeim tilfellum þegar flutt er frá hverfum eða byggðum um takmarkaðan tíma og engar skemmdir verða.

VI. KAFLI

Hagvarnir.

23. gr. (ný)

Forsætisráðherra skal skipa hagvarnaráð, er í eiga sæti ráðuneytisstjórar ráðuneytanna. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins eða staðgengill hans er formaður hagvarnaráðs og ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins er framkvæmdastjóri þess. Verkefni hagvarnaráðs er að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hagvarnir. Heimilt er ríkisstjórninni að leita álits hagvarnaráðs á þáttum er snerta hollustu, heilbrigðis-, stjórnsýslu- og fræðsluviðbúnað vegna yfirvofandi hamfara eða vár.

24. gr. (ný)

Hagvarnaráði ber að gera ráðstafanir til þess að í ráðuneytunum og opinberum stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga, þar sem það á við, sé gerð skipulögð áætlun um verkefni og viðbrögð viðkomandi stofnunar á tímum hamfara. Jafnframt skal hagvarnaráð gera ráðstafanir til þess að á einn stað verði safnað saman skýrslum um þörf fyrir birgðir og varahluti, sem nauðsynlegt megi teljast til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar í hamförum og gera áætlanir um öflun viðbótarbirgða og dreifingu þeirra eða skömmtun eftir atvikum. Allir eru skyldugir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að gefa hagvarnaráði upplýsingar af þessu tagi, enda skal hagvarnaráð fara með þær sem trúnaðarmál.

25. gr. (ný)

Hagvarnaráð getur ávallt að eigin frumkvæði ákveðið að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir eða ákvarðanir, sem það telur nauðsynlegar til að tryggja að þeim markmiðum, sem lýst er í 1. og 2. gr., verði náð. Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á hernaðaráttökum eða af annarri sambærilegri vá, að setja fyrirmæli um söiú og dreifingu á nauðsynjavörum sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar einstakar nauðsynjavörur, sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

26. gr. (ný)

Kostnaður við störf hagvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði. Heimilt er að ákveða að fela einum starfsmanni almannavarnaráðs að starfa sérstaklega að þeim málefnum er undir hagvarnaráð falla, eftir því sem við verður komið að mati almannavarnaráðs.

Skýringar við VI. kafla

Ef núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands verður breytt, t. d. í samræmi við þær tillögur er fram hafa komið frá stjórnkerfisnefnd, kæmi innanríkisráðuneyti í stað dómsmálaráðuneytis. Væri hugsanlegt að starfsmaður hagvarnaráðs væri í því ráðuneyti, en ekki hjá almannavarnaráði ríkisins. Tryggja þarf að hagvarnaráð hafi á hættutímum auðveldan aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli fyrir störf þess, m. a. hernaðarlegum. Af þeim sökum þarf að gera ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til að miðla til ráðsins slíkum upplýsingum frá viðeigandi íslenskum stjórnvöldum.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

(Ný gr. í stað 23. gr. núg. laga)

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafist að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja og félaga sem hlutverki hafa að gegna í skipulagi almannavarna og gert hafa samninga við Almannavarnir ríkisins þar um, er skylt að taka þátt í æfingum á skipulaginu endurgjaldslaust. Ágreiningi um þátttöku í æfingum má skjóta til dómsmálaráðherra.

Skýringar:

Ný 27. gr. tekur við af 23. gr. nógildandi laga innan kaflans um „ýmis ákvæði“. Eru fyrstu tvær mgr. hinnar nýju greinar samhljóða 23. gr., ef undanskilin er síðasta setning 2. mgr., en þau lög eru fallin úr gildi og í stað þeirra komin lög nr. 11 6. apríl 1973.

Bætt er inn í 3. mgr. sem kveður á um skyldur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sem starfa að öryggismálum að taka þátt í æfingum á sviði almannavarna endurgjaldslaust. Nógildandi lög kveða ekki á um þessa skyldu, nema gagnvart borgurum í 12. gr. laganna. Hefur skilningur aðila á skyldum við slíkar æfingar verið teygjanlegur, en sú hefð hefur skapast, að hver stofnun, fyrirtæki og félag, hefur staðið straum af eigin kostnaði vegna æfinga.

28. gr.

(Ný gr. í stað 24. gr. núg. laga)

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku þessara laga, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

29. gr.

(Ný gr. í stað 25. gr. núg. laga)

Kostnaður samkvæmt 5. og 6. gr. og VI. kafla laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. mgr. greiðist af viðkomandi sveitarstjórnnum, en ríkissjóður skal endurgreiða $\frac{2}{3}$ kostnaðar af öryggisbyrgjum samkvæmt 1. mgr. 3. töluliðs 9. gr. laga þessara.

Sveitarfélög sem hafa samstarf um almannavarnir skulu skipta kostnaði samkvæmt íbúatölu.

Skýringar:

Í stað 25. gr. nógildandi laga kemur ný 29. gr., sem fjallar um kostnað af ráðstöfunum til almannavarna. Er hér um grundvallarbreytingu að ræða í lögnum þannig, að ríkissjóður greiðir að öllu leyti kostnað af þeim verkefnum sem undir ríkisvaldið falla, en sveitarstjórnir þann kostnað sem til fellur vegna almannavarna í héraði. Til að auðvelda framkvæmd þess er ríkissjóði ætlað að endurgreiða sveitarfélögum $\frac{2}{3}$ kostnaðar vegna byggingar og reksturs öryggisbyrgja. Auk þess er kostnaður vegna viðvörunarkerfa og ráðstafana á sviði sjúkra- og slyshjálpar vegna almannavarna fluttur frá sveitarfélögum til ríkissjóðs, en þar er um að ræða eina kostnaðarsömustu liðina af þeim viðbúnaði, sem sveitarfélögum er ætlað að sinna nú.

Við endurgreiðslu ríkissjóðs á $\frac{2}{3}$ hlutum kostnaðar vegna byggingar opinberra öryggisbyrgja telur nefndin rétt að miðað sé við nánara skilgreindan aukakostnað við húsnæði, þar sem sérstakar ráðstafanir eru gerðar til að það geti þjónað sem byrgi auk annarrar daglegrar notkunar. Við byggingu opinbers öryggisbyrgis, sem ekki er ætlað til annarra nota, sé miðað við heildarbyggingarkostnað rýmisins. Nefndin telur rétt að þeir starfshættir eigi að ríkja, að sveitarstjórnir sækji um fjárveitingar fyrir $\frac{2}{3}$ hlutum kostnaðarverðs á fjárlögum til dómsmálaráðuneytisins á grundvelli áætlunar um byggingar öryggisbyrgja í héraðinu.

30. gr.

(Ný gr. í stað 26. gr. núg. laga)

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Skýringar:

30. gr. kemur í stað 26. gr. nógildandi laga óbreytt.

31. gr.

(Ný gr. í stað 27. gr. núg. laga)

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

Skýringar:

31. gr. kemur í stað 27. gr. nógildandi laga óbreytt.

32. gr.

(Ný gr. í stað 28. gr. núg. laga)

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um almannavarnir nr. 94, 29. desember 1962, sbr. l. nr. 30, 29. apríl 1967 og lög nr. 55, 30. maí 1979, svo og lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu nr. 37, 12. júní 1939, sbr. l. nr. 59, 7. maí 1940.

Skýringar:

Ákvæði um niðurfellingu þeirra laga, sem þessi lög leysa af hólmi.

3.2 Skýling almennings í héraði.

3.2.1 Nefndin hefur kynnt sér gögn og fjallað um þann þátt almannavarna, sem tengist vörnum borgaranna gegn afleiðingum hernaðaráttaka. Ljóst er að heildarskipulag það sem búið er að gera á almannavörnum í landinu ætti með aukinni þjálfun og búnaði að vera virkt hvað varðar stjórnkerfi, verkaskiptingu og viðbrögð stofnana, félagasamtaka og hjálparliðs á stríðstímum með hefðbundnum vopnum. Auk þess er í heildarskipulagi almannavarna viðbragðskerfi sem nýtist gegn flestum afleiðingum af beitingu hefðbundinna vopna í hernaði. Liggja því veikleikar í almannavarnakerfinu gagnvart beitingu hefðbundinna vopna í styrjöld, fyrst og fremst í þjálfunarskorti hjá almannavarnanefndum og hjálparliði, og á sviði tækja og búnaðar. Leggur nefndin fram áætlun um eflingu þeirra þátta, m. a. í 4. kafla skýrslunnar.

3.2.2 Á árunum 1964—1966 voru kannaðar afleiðingar nútímahernaðar á Ísland og á grundvelli þeirra kannana settar fram áætlanir um varnir gegn geislavirku úrfalli, sem fólu í sér viðvaranir, mælingar á geislavirkni, brottflutning af hættusvæðum og skýlingu. Var þessum áætlunum framfylgt að hluta og viðvörðunarkerfi komið upp í Reykjavík, geisla-mælur keyptir og skýlakönnun gerð um landið. Eftir 1966 hefur þessum áætlunum ekki verið framfylgt nema með aukaskýlakönnun 1968—1969, vegna fjárskorts.

3.2.3 Nefndinni er kunnugt um að skiptar skoðanir eru á gildi öryggisbyrgja og fólksflutningaáætlana sem viðbúnaði gegn vá af völdum kjarnavopna. Því leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sérfræðinga, almannavarnaráði til ráðuneytis, um endurskoðun á heildaráætlun um almannavarnir gegn hugsanlegri kjarnorkuvá og mögulegri beitingu eiturefna. Almennavarnaráð leggi síðan endurskoðaða áætlun fyrir ríkisstjórn til frekari ákvörðunar. Lagt er til að áætlun almannavarnaráðs taki til eftirfarandi atriða:

1. Hugsanlegra tegunda kjarnorkuvopna sem beitt yrði á Íslandi og hvar.
2. Áhrif kjarnorkusprenginga á þeim stöðum sem slíkum vopnum yrði hugsanlega beitt m. t. t. þrýstings, hita, frumgeislunar og rafsegulhöggs.
3. Magndreifingar geislavirks úrfalls með hliðsjón af sprengistöðum og mismunandi veðurforsendum.
4. Skýlakönnunar.
5. Skipulags geisla-mælingastöðva til viðvörðunar.

6. Brottlutnings frá hættusvæðum.
7. Bygginga opinberra öryggisbyrgja og dreifingar þeirra.
8. Skipulags heilbrigðisþjónustu á hættusvæðum.

Nefndin leggur til að ráðgjafarnefnd almannavarnaráðs verði skipuð einum manni frá Almannavörnum ríkisins, manni með sérþekkingu á kjarneðlisfræði, jónandi geislun og geislavörnum, manni með sérþekkingu á líffræðilegum áhrifum jónandi geislunar, manni frá landlæknisembættinu með sérþekkingu á sviði heilbrigðismála og einum verkfræðingi á sviði mannvirkjagerðar. Lagt er til að ráðgjafarnefndinni verði heimilt að ráða starfsmann tímabundið og kostnaður af starfsemi nefndarinnar verði greiddur af ríkissjóði.

Með álitni nefndarinnar fylgir efnisrammi að reglugerð um öryggisbyrgi til almannavarna, sem nefndin hafði gert drög að þegar sú ákvörðun var tekin að leggja til að sett yrði á fót sérstök ráðgjafarnefnd er skoðaði þessi mál nánar.

Þá bendir nefndin á að mjög brýna nauðsyn ber til að kanna sérstaklega og gera áætlun um varnir gegn afleiðingum vegna notkunar eiturefna í hernaði.

3.2.4 Efnisrammi að reglum um öryggisbyrgi til almannavarna.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til allra mannvirkja í eigu opinberra aðila, einstaklinga og samtaka, með þeim fyrirvörum, sem settir eru fram hér á eftir.

Skýringar:

Skýrir sig að mestu sjálf. Það að tiltekin eru mannvirki, en ekki hús, er vegna þess að sums staðar er völ á skýlum — og það reyndar ágætum, í jarðgöngum og virkjum neðanjarðar.

2. gr.

Með skýli í reglum þessum er átt við hvert það afmarkað rými, sem fólk getur leitað skjóls í, til varnar geislavirku úrfalli.

3. gr.

Með öryggisbyrgi í reglum þessum er átt við hvert það afmarkað rými, sem getur fullnægt eftirfarandi skilyrðum um notkun og vörn gegn skotárásum, loftárásum og geislavirku úrfalli á hættutímum.

3.1 Gera megi byrgið tilbúið til að veita almenningi fyrirvaralausán aðgang til að leita skjóls undan skotárásum, loftárásum eða geislavirku úrfalli á innan við sólarhring með þeim mannafla, sem í viðkomandi húsi býr eða starfar og því efni, sem þar er tilgreint.

3.2 Verndarstuðull byrgisins eða hvers einstaks herbergis þess sé 100 eða hærri, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

3.3 Gólfhlötur byrgisins sé 75 fermetrar hið minnsta, og má reikna öll herbergi þess í þeirri tölu.

3.4 Í byrginu skal geyma mælitæki, sem geti mælt styrk gammageislunar á klukkustund í Röntgen annars vegar og samanlagða geislun gammageisla í Röntgen yfir tiltekið tímabil hins vegar. Aðeins er heimilt að nota tæki, sem almannavarnaráð hefur viðurkennt.

3.5 Byrgið skal útbúið loftræsingarbúnaði, sem veitt geti þá lágmarksloftræstingu, sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar þessarar.

3.6 Í byrginu skal vera vatnsílát, sem að rúmtaki skal taka 15 lítra fyrir hvern þann mann, sem í skýlinu má dveljast, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.

3.7 Í sama húsnæði og byrgið er skal vera salernisaðstaða og þvottaskál.

3.8 Öryggisbyrgið skal merkt á áberandi stað utandyra með merki Almannavarna skv. nánari tilhögun, sem almannavarnaráð ákveður, en almannavarnanefndir bera ábyrgð á framkvæmd merkingarinnar.

Skýringar:

Þar er skilgreint öryggisbyrgi til aðgreiningar frá skýli, sem er í 2. gr. Skilgreint er, hvað teljast skuli þolanlegur verndarstuðull, miðað við áætlaða hámarksgeislun á Íslandi í styrjöld. Upplýsa má, að fyrst eftir kjarnorkuárás er geislun mest, en minnkar hratt eða í $\frac{1}{10}$ á fyrstu 7 klukkustundunum eftir árás og um $\frac{9}{10}$ eftir sjöföldun tíma úr því. Má því gera ráð fyrir, að menn geti farið út stuttan tíma í senn 2 dögum eftir áfall, ef knýjandi nauðsyn ber til. Auka má útvistartíma eftir falli geislunar. Tekið skal fram, að það er uppsafnað magn geislunar, sem er ákvarðandi um líkamsskemmdir fólks og dýra.

Opinbert öryggisbyrgi sé hið minnsta 75 fermetrar. Reiknað er með, að tæplega taki því að taka minni byrgi til slíkra nota, en 75 fermetra byrgi tekur 75 manns.

Mælitæki eru tilgreind og eru annars vegar tæki sem mæla geislun á hverjum tíma, en hins vegar tæki er sýna uppsafnaða geislun yfir tímabil, sem geislunin varir.

Vatnsílát á hvern mann skal taka 15 lítra. Gert er ráð fyrir að þetta sé vikuskammtur, en nokkurt misræmi er í magni þessu. Þannig hafa Danir t. d. kröfu um 20 lítra í sínum byrgjum.

Aðrir þættir skýra sig sjálfir.

4. gr.

Verndarstuðull í reglum þessum er hlutfall geislunar, sem stafar af geislavirku úrfalli utandyra og geislunar innandyra í rýminu. Mælistaður er 1.0 m ofan við gólf í miðju herbergis. (Verndarstuðull 100 merkir þannig að geislun í mælistað sé $\frac{1}{100}$ þeirrar geislunar, sem utan rýmisins er).

5. gr.

Í öryggisbyrgjum skal vera tiltækur búnaður til loftræsingar. Búnaður þessi skal hið minnsta geta dælt 5 rúmmetrum af lofti á klukkustund fyrir hvern mann, sem í byrginu getur dvalist. Miðað skal við, að loftið fari í gegnum þar til gerðar síur, sem haldi eftir a. m. k. 90% af 50 micron kornum. Loftinntak skal vera a. m. k. 1.0 metra ofan við jörð eða þakflöt og snúa niður. Loftstokkur frá inntaki skal vera lóðréttur fyrstu 0.5 m og lofthraði í honum skal vera 1 m/s. Ryksíum skal koma fyrir utan veggja skýlisins.

Skýringar:

Hér er gefin nokkuð ítarleg lýsing á loftræsibúnaði, sem þarf að vera í rýminu. Loftmagnið er frekar hátt miðað við lægstu þekktar kröfur, en hér á eftir er sýnd skrá, þar sem gefnar eru upp ýmsar staðreyndir.

Loftmagn	Öndunarerfiðleikar	Meðvitundarleysi
1 rúmmetri á mann á klst.	eftir 1 klst.	eftir 4 klst.
2 rúmmetrar á mann á klst.	eftir 2 klst.	eftir 8 klst.
3 rúmmetrar á mann á klst.	eftir 3 klst.	eftir 12 klst.

Með vísun til þessa og þýskra heimilda um loftræsipörf, var valin talan 5 rúmmetra loftskipti á klukkustund.

Kröfur um síur eru teknar úr sænskum heimildum.

Stærð loftstokka er reiknuð slík, að burðarhraði loftsins sé minni en þarf til að bera 50 my ryk upp á við í stokki. Stærðin samsvarar 0.2×0.2 m stokk fyrir 100 manna skýli, en það er frekar lítil stokkur.

6. gr.

Við ákvörðun þess, hve margir megi vera í öryggisbyrgi, skal gera ráð fyrir minnst 1.0 fermetra gólfrymi fyrir hvern mann, enda sé lofthæð minnst 2.5 m að innanmáli. Nú er öryggisbyrgi lægra undir loft, og skal þó vera heimilt að nýta það á hættutímum, enda séu áætlaðir 2.5 rúmmetrar á hvern mann, sem í skýlinu má dveljast.

7. gr.

Almannavarnanefndir geta krafist þess, að í fasteignum verði tekið frá rými sem skýli eða öryggisbyrgi. Þar séu geymd gögn og búnaður samkvæmt tölulíðum 3.4, 5., 6. og 7. og byrgið skal vera merkt samkvæmt 3.8 og 8. grein.

8. gr.

Nú ákveður almannavarnanefnd að rými skuli vera frátekið sem öryggisbyrgi. Skal nefndin þá láta merkja inngöngudyr hvers herbergis í byrginu þannig, að ekki fari á milli mála, hvaða herbergi innan þess veiti fullnægjandi aðstöðu sem öryggisbyrgi. Inngang utan frá skal og merkja.

9. gr.

Í öllum opinberum húsum, atvinnuhúsnæði og fjölbýlishúsum með sex íbúðum eða fleiri, sem reist eru eftir gildistöku reglugerðar þessarar, skal vera öryggisbyrgi fyrir þann mannfjölda, sem í húsinu á að starfa eða búa. Byrgið skal byggt Almannaörnnum að kostnaðarlausu, en kostnaður skal greiðast af húsbýggjanda. Stærð byrgisins þarf þó aldrei að vera meiri en slík, að kostnaður við gerð þess fari yfir 7% af heildarkostnaði viðkomandi húss.

Skýringar:

Hér er tiltekin ákveðin krafa um að skýli skuli vera í nánar tilgreindum húsum. Það rými, sem byrgið er í (og má að sjálfsögðu nota til annarrar starfsemi fyrir viðkomandi húseign, sbr. 11. gr.), þarf þó aldrei að kosta meira en 7% af heildarkostnaði við að reisa húsið. Er með því ákvæði sett þak á hversu langt má ganga í kröfu á húsbýggjanda á þessu sviði. Í framkvæmd er um að ræða að styrkja geymsluveggi í kjallara og loft á hluta í kjallara. Hér er ekki um teljandi aukakostnað að ræða, þar sem það er aðeins varnarubúnaðurinn, sem kostar aukalega og þá aðallega í steinsteypu, en steypustyrktarjárn geta yfirleitt verið minni á mótí.

Hámarkskostnaður þessi er skilgreiningaratriði, en í byggingarsamþykkt eru tilgreindar ákveðnar stærðir fyrir geymslurými (2 + 4 fermetrar fyrir hverja íbúð), og getur það látið nærri að sé 5—10% grunnflatar íbúðar.

10. gr.

Innan tveggja ára frá gildistöku reglugerðar þessarar er sveitarfélögum skylt að láta athuga og skrá allt rými, sem er í húsum, sem reist hafa verið fyrir gildistöku hennar og veitt geta minnst 100-falda vernd gegn geislavirku úrfalli. Kostnað af aðgerðum þessum greiði sveitarfélögin.

Skýringar:

Þessi grein áréttar það, sem komið hefur fram á fundum nefndarinnar, að ekkert einasta skýli er í landinu öllu merkt sem almannavarnaskýli, og eru samt mjög mörg hús með ágæt skýli. Þau eru næsta gagnslaus án markvissrar skráningar og merkingar.

Á fundum nefndarinnar kom fram, að til er mikið af húsnæði, þar sem verndarstuðull er um 70, sem er ekki nægjanlegt. Með ráðstöfunum s. s. sandpokum ofan á loft eða við vegg eða jarðvegsfyllingum má hækka skýlisstuðulinn í 100. Slík skýli er hægt að merkja skv. grein 3.1.

11. gr.

Ekkert í reglum þessum skal hindra, að eigandi eða umráðamaður fasteignar geti nýtt það rými, sem ætlað er sem öryggisbyrgi til daglegrar starfsemi eða annars, enda sé gætt ákvæða 3. greinar reglugerðar þessarar.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. töluliðar 9. greinar laga nr. 94 frá 29. desember 1962 um almannavarnir, svo og 24. greinar sömu laga.

4. ÁÆTLUN UM EFLINGU ALMANNAVARNA

4.1 Inngangur.

4.1.1 Áætlunin um eflingu almannavarna fjallar um Almannavarnir ríkisins og almannavarnir sveitarfélaga. Eru allar kostnaðartölur í henni miðaðar við verðlag í maí 1983.

4.1.2 Áætlunin miðast við að stærð Almannavarna ríkisins í starfsmannahaldi, yfirstjórn og kostnaði verði stillt í hóf. Til að ná því markmiði er m. a. gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við frjáls félagasamtök sem vinna að líknar- og björgunarstörfum, varðandi þá þætti almannavarna sem styrkur þessara félaga, þjálfun og hæfni gerir þeim fært að sinna.

4.1.3 Til að ná sem mestum árangri í almannavörnum, með sem minnstri yfirbyggingu, er gert ráð fyrir að beina fjármagni sem mest í tæknilega uppbyggingu, fræðslu og viðbúnað á sviði almannavarna.

4.2 Hlutverk og markmið með almannavörnum.

4.2.1 Almannavarnir eru mannúðarstofnun. Þær hafa það hlutverk að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að almenningur verði ekki fyrir líkams- eða eignatjóni í hernaðaráttökum, náttúruhamförum eða annarri vá, og eiga að veita líkn í kjölfar tjóna.

4.2.3 Til að ná þeim markmiðum þarf Almannavörnum ríkisins og sveitarfélaga að verða kleift að:

- 1) **Hættumat.** Skipuleggja og stuðla að upplýsingum og gagnasöfnun til mats á hættum, tegund þeirra, hugsanlegu umfangi og afleiðingum.
- 2) **Stjórn og samræming.** Skipuleggja, stýra og samhæfa viðbúnað opinberra aðila, félagasamtaka og fyrirtækja til að verjast áföllum og veita líkn með samræmdum viðbrögðum.
- 3) **Almenningsfræðsla.** Leiðbeina almenningi og fræða hann um ráðstafanir sem einstaklingar eða hópar geta gert til að verjast vá.
- 4) **Viðvörðunarkerfi.** Koma upp og reka viðvörðunarbúnað eða skipuleggja aðferðir til að unnt sé að láta almenning vita af hættu áður en hún veldur tjóni og leiðbeina um varnir.
- 5) **Brotflutningur.** Skipuleggja og gera ráðstafanir sem miða að því að koma fólki og færanlegum eignum undan hættu áður en mann- eða eignatjón hlýst af.
- 6) **Skýling.** Finna, skrásetja og koma upp skýlishæfu húsnæði fyrir fólk til varnar gegn loftárásum, skotárásum, geislavirku úrfalli, eiturgasi eða gjóskufalli.
- 7) **Birgðir og búnaður.** Koma upp og varðveita búnað til almannavarna og safna birgðum til hjálparstarfs.
- 8) **Björgunar- og hjálparlið.** Auka samstarf við og efla björgunar- og líknarfélög í landinu til hjálparstarfa á sviði almannavarna og/eða stofna sérstaka hjálparliðaflokka almannavarna, ef þörf krefur, vegna smæðar björgunarsveita.
- 9) **Þjálfun og æfingar.** Fræða og þjálfa hjálparlið í almannavörnum og þann mannafla sem reyna mun á á hættutímum.

- 10) **Stjórnstöðvar.** Koma upp og reka stjórnstöðvar almannavarna í landshlutum, sem annast gagnasöfnun um hættu, hættumat, stjórn og samræmingu neyðaraðgerða, viðvaranir til almennings og hjálparstarf.
- 11) **Umönnun.** Skipuleggja og annast ráðstafanir til að veita særðum mönnum og heimilisláusum skjól í samvinnu við viðkomandi yfirvöld, félög og stofnanir.
- 12) **Fyrirbyggjandi aðgerðir.** Stuðla að ráðstöfunum á sviði áhættumats, áhættuskiptingar lands, mannvirkjastaðla og varnavirkja til að afstýra tjóni í náttúruhamförum.

Almannavarnir ríkisins.

4.3 Almennavarnaráð, skrifstofa og starfslíð.

4.3.1 Í almannavarnaráði eru fimm menn auk þess sem framkvæmdastjóri þess og fulltrúi dómsmálaráðuneytisins sitja fundi ráðsins að öllu jöfnu.

Aðsetur er í aðalstjórnstöð Almennavarna í lögreglustöðinni.

Ráðið hefur haldið tæplega 400 fundi frá stofnun eða að meðaltali 20 fundi á ári.

4.3.2 Skrifstofa Almennavarna ríkisins er á IV. hæð aðallögreglustöðvarinnar í Reykjavík og er tvö herbergi, samtals 31 m². Er skrifstofuhúsnæðið nú orðið of lítið, þannig að starfsmenn hafa þurft að nota stjórnstöðina jöfnum höndum sem skrifstofu, sem samrýmist ekki. Til að tryggja daglegri starfsemi Almennavarna viðunandi húsnæði þarf um 40 m² aukningu, sem kosta mun um 44 þús. kr. á ári miðað við að um leiguhúsnæði sé að ræða.

4.3.3 Við Almennavarnir ríkisins starfa þrjú menn samkvæmt stöðuheimildum. Hefur fjórði maður einnig starfað við stofnunina, án stöðugildis, en kostnaður vegna hans verið greiddur af framlagi til verkkaupa. Er svigrúm til þeirra verkkaupa nú orðið svo þröngt, að ekki verður haldið áfram á þeirri braut.

4.3.4 Sé lítið á umfang þeirra verkefna, sem Almennavörnum ríkisins er ætlað að sinna sbr. 6. gr. laga um almannavarnir og hlutverk og markmið almennavarna, sbr. 4.2.1 og 4.2.2, er þessi mannaflí of lítill.

Samkvæmt 6. gr. laga um almannavarnir er almannavarnaráði ætlað að hafa umsjón með almennavörnum sveitarfélaga, en þær eru 70 talsins fyrir 224 sveitarfélög. Auk þess skiptast verkefni Almennavarna ríkisins í 4 þætti, sem eru:


- 1) Stjórn, rekstur og fjármál, skrifstofuhald, almenningstengsl og alþjóðlegt samstarf.
- 2) Skipulagsmál, samræming viðbúnaðar og neyðaraðgerðir.
- 3) Upplýsinga- og gagnasöfnun um hættu, mælingar, athuganir, hættumat og viðvaranir.
- 4) Tæknimál, tækjavarsla, uppsetning búnaðar, gæsla, viðhald og umsjón hans og birgðasöfnun.

Ofangreind upptalning gefur tilefni til að ætla að starfsmannaþörf Almennavarna ríkisins sé mjög mikil, en vegna samstarfs við sjálfboðið lið og þess hluta sem fellur á almennavarnanefndir, er hægt að komast af með sex manns í fullu starfi, sé miðað við að sinna eigi öllum málaflokkum.

Lagt er til að Almennavarnir ríkisins verði eflar og starfsmönnum fjölgað sem hér segir á tímabilinu 1985—1991. (Sjá meðf. skipurit í 4.3.5).

SKIPURIT

4.3.5



ÁÆTLUN UM EFLINGU MANNAFLA Í ALMANNAVÖRNUM RÍKISINS TIL ÁRSINS 1991

4.3.6 Árlegur kostnaður vegna fjölgunar starfsmanna á tímabilinu 1985—1991 yrði sem hér segir:

1985 ný staða fulltrúa vegna skipulags, varna og gagnasöfnunar: kr. 387 711.-

1988 ný staða aðstoðarmanns v/tæknibúnaðar: kr. 315 096.-

1991 ný staða aðstoðarmanns v/skipulags: kr. 315 096.-

4.4 Stjórnstöð Almanna- og borgarvarna ríkisins.

4.4.1 Stjórnstöð Almanna- og borgarvarna ríkisins er í 250 m² húsnæði undir aðallögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík, eins og áður segir. Er húsnæðið sérstaklega styrkt með það fyrir augum að unnt sé að starfrækja stjórnstöðina þótt skemmdir verði á venjulegu húsnæði í borginni.

Nefndin telur rétt að stjórnvöld kanni og geri ráðstafanir til að flytja aðsetur stjórnstöðvar Almanna- og borgarvarna ríkisins í styrkt húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins. Bent hefur verið á að það húsnæði, sem stjórnstöðin er í nú, væri eðlilegra húsnæði fyrir stjórnstöð Almanna- og borgarvarna Reykjavíkur. Nýja stjórnstöð fyrir Almanna- og borgarvarna ríkisins má hanna og byggja upp samhliða byggingu annars opinbers húsnæðis með sérstakri styrkingu.

4.4.2 Stjórnstöð Almanna- og borgarvarna ríkisins er auk almanna- og borgarvarnaráðs og starfslíðs mönnum 32 konum og körlum frá þjörgunar- og líknarsamtökum og opinberum stofnunum. Þetta fólk tekur ekki laun fyrir þjálfunar- og æfingaverkefni, en á rétt á launum fyrir verkefni á hættutímum, og eru þau metin af fjármálaráðuneytinu.

4.4.3 Miðað við áframhaldandi starfrækslu stjórnstöðvar Almanna- og borgarvarna ríkisins í núverandi húsnæði, eru eftirfrandi viðbætur og lagfæringar æskilegar á tæknibúnaði hennar:

1) Almanna- og borgarvarnaráð, yfirstjórn:

Nýtt fundarborð með innbyggðum símatengingum og talfærum við sæti ráðsmanna (heyrnartól fyrir radio), segulbandsupptökutæki, myndsegulband og sjónvarpstæki.

	Kr.
Kostnaður: Fundarborð	8 000.-
Símtengingar	39 000.-
Segulbandsupptökutæki	18 000.-
Sjónvarpstæki	36 000.-
Myndsegulband	40 000.-
Samtals:	141 000.-

2) Framkvæmdastjórn — samhæfing aðgerða:

Kortalestæki, microfilmur með loftmyndum og gagnabanki, (stjórn tölvu fyrir neyðar- aðgerðir).

Kostnaður: Kortalestæki	15 000.-
Microfilmur	10 000.-
Tölva	300 000.-
Samtals:	325 000.-

3) Fjarskipta- og afgreiðsludeild:

Upptökutæki á fjarskiptabúnað og flugfjarskiptatæki.

Kostnaður: Upptökutæki	512 000.-
Flug-fjarsk.tæki	70 000.-
Samtals:	582 000.-

4) Þjónustudeild:

Vatnstankur og matvælaskápur.

Kostnaður:	142 000.-
------------	-----------

Samtals kostnaður við lokafrágang og endurbætur á stjórnstöð kr. 1 190 000 þús.

Viðfangsefni Almannavarna ríkisins.

4.5 Fjarskipti milli umdæma.

4.5.1 Á undanfórnum árum hefur verið unnið að uppbyggingu fjarskiptakerfis fyrir Almannavarnir ríkisins til fjarskipta milli umdæma. Er það net haft í einföldu formi til að forðast flókna tæknilega þætti og þá um leið aukna bilanatíðni vegna þeirra. Þörf Almannavarna fyrir sjálfstætt fjarskiptanet óháð fjarskiptakerfum annarra stofnana og félagasamtaka er mikil. Með því að treysta á almenna símakerfið og stöðvarnet annarra eingöngu, yrðu Almannavarnir ríkisins háðar álagi á þeim kerfum, annars vegar vegna notkunar hins almenna borgara og hins vegar vegna þarfa stofnana og félaga, sem til hjálpar koma og þurfa að fullnýta sín kerfi við neyðarþjónustu, m. a. vegna almannavarna á hættutímum.

4.5.2 Uppbygging fjarskiptanets Almannavarna stendur nú þannig, að komnar eru til landsins fjarskiptastöðvar fyrir öll lögsagnarumdæmi landsins, kaupstaði og sýslur, en eru ekki allar uppsettar. Þrjár fastar endurvarpsstöðvar eru starfræktar til tengingar milli umdæma, á Háafelli fyrir S-land og SA-land, á Bláfjöllum fyrir S-land og SV-land og í Grímsey fyrir N-land. Fjórdá endurvarpsstöðin er einnig reiðubúin til flugþjónustu, til að brúa einangruð landsvæði í neyð, þar til keðju endurvarpsstöðva hefur verið komið upp. Til að ljúka frágangi fjarskiptanetsins þarf að koma fyrir endurvarpsstöðvum á eftirtöldum stöðum:

Snæfellsnesi v/Breiðafjarðar og Faxaflóa.

Kleifaheiði v/S-verðra Vestfjarða.

Þverfjalli v/N-verðra Vestfjarða.

Skaga v/Skagafjarðar og Húnaflóa.

Heiðarfjalli á Langanesi v/NA-lands.

Gagnheiði v/Austfjarða.

S-verðum Austfjörðum v/þess svæðis.

Almannaskarði v/A-lands.

Öræfum v/SA-lands.

Heildarkostnaður við það verk er áætlaður 780 þús. krónur.

4.6 Gagna- og upplýsingakerfi.

4.6.1 Gagna- og upplýsingakerfi Almannavarna, sem er forsenda hættumats og tímabærra ráðstafana til varnar og hjálpar, er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða upplýsingasöfnun og eftirlit með hættu á vá innanlands, svo sem vegna náttúruhamfara. Skipulegt samstarf, sem myndað hefur verið milli Almannavarna ríkisins og vísindastofnana, s. s. Veðurstofu og jarðvísindastofnana, tryggir upplýsingaflæði til stjórnstöðvar Almannavarna ríkisins, frá þeim mælitækjum og athugunum sem gerðar eru af þessum stofnunum. Einnig veita þær Almannavörnum ríkisins þá sérfræðilegu ráðgjöf sem til þarf við hættumat vegna náttúruhamfara.

Hins vegar er um að ræða upplýsingastöðvar til eftirlits með utanaðkomandi hættu, svo sem vegna hernaðaráttaka. Til að tryggja öryggi við starfrækslu þess þáttar almannavarnanna þarf í fyrsta lagi að koma á fót kerfi upplýsingamiðstöðva umhverfis landið og í öðru lagi þarf að tryggja upplýsingastreymi frá viðvörðunarsstöðvum Atlantshafsbandalagsins og varnarliðinu á Íslandi.

Framangreindar upplýsingastöðvar munu annast geislaþælingar, söfnun sýna og umbeðinna upplýsinga fyrir Almannavarnir. Upplýsingastöðvarnar má manna með sjálfboðnu liði, sem fengið hefur viðhlítandi þjálfun, ef samkomulag næst þar um.

Kostnaður vegna gagna- og upplýsingakerfis er áætlaður kr. 1 108 þús. vegna geislaþælinga.

4.7 Viðvörðun og viðvörðunarkerfi.

4.7.1 Samkvæmt reglugerð um viðvörðunarkerfi Almannavarna er gert ráð fyrir að hjóðmerkjataeki til viðvörðunar séu í byggðarlögum með 2000 íbúa eða fleiri í þéttbýli. Viðvörðun í minni byggðarlögum og dreifbýli má leysa með handvirkum kalltækjum eða hóphringingarkerfum án síma.

Til að uppfylla skilyrði um viðvörðunarkerfi í byggðum með 2000 íbúa eða fleiri þarf að koma upp viðvörðunarkerfum á eftirtöldum stöðum:

	Símsvæði (91)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Reykjavík				3	345 þús.
2) Hafnarfjörður		Viðb.	25 þús.	4	460 þús.
3) Garðabær				4	460 þús.
4) Kópavogur				1	115 þús.
5) Seltjarnarnes					
6) Mosfellshreppur				3	345 þús.
		Samt.	25 þús.		1 750 þús.
	Símsvæði (92)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Grindavík				1	115 þús.
2) Keflavík		1	36 þús.	3	345 þús.
3) Njarðvík				2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		690 þús.
	Símsvæði (93)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Akranes		1	36 þús.		345 þús.
		Samt.	36 þús.		345 þús.
	Símsvæði (94)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Ísafjörður		1	36 þús.	4	460 þús.
		Samt.	36 þús.		460 þús.
	Símsvæði (95)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Sauðárkrúkur		1	36 þús.	2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		230 þús.
	Símsvæði (96)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Siglufjörður				2	230 þús.
2) Akureyri		1	36 þús.	6	690 þús.
3) Húsavík				2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		1 150 þús.
	Símsvæði (97)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
Enginn staður.					
	Símsvæði (98)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Vestmannaeyjar		1	36 þús.	3	345 þús.
		Samt.	36 þús.		345 þús.
	Símsvæði (99)	Stjórnb.	kr.	flautur	kr.
1) Selfoss		1	36 þús.	2	230 þús.
		Samt.	36 þús.		230 þús.

Viðvörðunarkerfi í byggðum með 2000 íbúa eða fleiri er áætlað að kosti í uppsetningu: Fyrir 7 ný stjórnborð og viðbót við borð í Reykjavík kr. 277 þús.

Fyrir flautur kr. 5 175 þús.

Ef ákvörðun yrði tekin um að koma upp handstýrðri (manual) viðvörðunarflautu í öllum kaupþúnahreppum landsins og kaupstöðum með innan við 2000 íbúa, þarf að bæta við 48 flautum í landinu öllu og yrði kostnaður við það kr. 5 520 þús.

4.8 Leiðbeiningar og almenningsfræðsla.

4.8.1 Útgáfa fræðslurita og leiðbeiningabæklinga til dreifingar meðal almennings er árangurslítill leið til að koma efni til skila. Því er aðeins mælt með að einfaldir leiðbeiningabæklingar verði gerðir og þeim dreift inn á hættusvæði eftir að hættuástand er komið upp, þar sem þá er athygli fólks vakin. Hefur slíkt verið gert í Vestmannaeyjum og Mývatnssveit með góðum árangri.

4.8.2 Rétt er að leggja áherslu á að prentaðar leiðbeiningar séu sem best úr garði gerðar í símaskránni vegna dreifingar hennar á öll heimili landsmanna og á öllum vinnustöðum. Voru leiðbeiningar Almannafræðisráðs endurbættar og auknar að mun í símaskránni 1983, en enn vantar á leiðbeiningar um hegðun manna í snjóflóðum, ofsaveðrum og flóðum.

4.8.3 Fræðsla til almennings er vænlegust um sjónvarp, en leiðbeiningar á hættustund um útvarp (hljóðvarp). Á grundvelli 2. og 27. gr. núgildandi laga um almannavarnir er lagt til að Ríkisútvarpi verði falið að gera fyrir Almannafræðisráðs fræðsluefni um almannavarnir með hliðsjón af mismunandi vá. Mun fræðsluefni, sem spannar 15 mín. á viku á tímabilinu október—apríl ár hvert, leysa almenningsfræðslu á sviði almannafræðisráðs (samanlögð 150 mín. dagskrá).

4.8.4 Leiðbeiningum til almennings á hættutímum er rétt að útvarpa beint úr aðalstjórnstöð Almannafræðisráðs. Er í því skyni nauðsynlegt að Ríkisútvarpið komi fyrir búnaði í stjórnstöð til að bein útsending geti farið fram þáðan.

4.9 Kennsla yfirmanna og leiðbeinenda.

4.9.1 Á vegum Almannafræðisráðs hefur verið gerð fræðsluáætlun sem gerir ráð fyrir markvissri þjálfun manna til að taka að sér einstök störf á sviði almannafræðisráðs. Gert er ráð fyrir að kennsla og þjálfun hjálparliðs sé borin fjárhagslega af almannafræðisráðs sveitarfélaga, en þjálfun yfirmanna og leiðbeinenda af Almannafræðisráðs. Er þjálfunin liður í að gera björgunarliði og öðru hjálparliði kleift, sér að kostnaðarlausu, að öðlast þekkingu til að takast á við störf á sviði almannafræðisráðs.

4.9.2 Vegna þjálfunar yfirmanna almannafræðisráðs er nauðsynlegt að koma á fót reglulegum námskeiðum. Er lagt til að þau verði tvö á ári. Miðað er við að hvert námskeið taki 20 tíma, auk æfinga, eða 4—5 daga að meðaltali. Hámarks þátttaka sé 50 manns og kennarar 7. Til að auðvelda mönnum úr björgunarsveitum og líknarfélögum að sækja námskeiðin, er gert ráð fyrir að þau séu haldin í tveimur kjördæmum á ári til skiptis, t.d. þannig:

- 1985 Í Reykjavík og N-landi eystra
- 1986 Á S-landi og V-fjörðum
- 1987 Á V-landi og á Austurlandi
- 1988 Á N-landi vestra og á Reykjanesi

Þátttaka í námskeiðunum yrði ekki bundin við íbúa viðkomandi kjördæma, heldur boðin fram í öllum almannafræðisráðs dæmum. Kostnaður við hvert námskeið er áætlaður sem hér segir:

	Kr.
Ferðakostnaður þátttakenda og kennara	76 000.-
Upphaldskostnaður þátttakenda og kennara	114 670.-
Stundakennaralaun aðkeyptra kennara	3 446.-

Samtals námskeiðskostnaður 194 116.-

Tvö námskeið á ári: Kr. 388 232.-

4.9.3 Auk þessa gera Almannavarnir ríkisins ráð fyrir kennslu innan sérskóla sem nú eru starfræktir og fyrir einstakar stofnanir sem hér segir:

Sjúkraflutninganám Borgarspítala og R. K. Í.
Eldvarnanámskeið Brunamálastofnunar.
Lögregluskóla ríkisins.
Póst- og símamálaskóla.
Landhelgisgæsla (sérnámskeið).
Hjúkrunarskóla.
Læknadeild.

4.10 Birgðasöfnun og birgðavarsla.

4.10.1 Á vegum Almannavarna ríkisins er rétt að komið verði upp litlum en fullkomnum birgðastöðvum í hverju kjördæmi landsins. Í þessum birgðastöðvum verði háþróaður öryggis- og hjálparbúnaður til neyðarvarnastarfs að norskri fyrirmynd. Öryggisbúnaður þessi er í 6 sérstaklega gerðum gámum og er þessi:

Eining 1	Björgunar- og slökkvibúnaður	119 kg
Eining 2	Björgunar- og sjúkrabúnaður	117 kg
Eining 3	Vélar og tæknibúnaður	115 kg
Eining 4	Vélar og tæknibúnaður	108 kg
Eining 5	Þjónustubúnaður	108 kg
Eining 6	Þjónustubúnaður	108 kg
	Flutninganet fyrir þyrlur	32 kg
	Samtals	707 kg

Kostnaður við hverja 6 gáma er áætlaður kr. 1 865 þús. Lagt er til að birgðastöðvar verði í Stykkishólmi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Hvolsvelli, í Keflavík og Reykjavík.

4.11 Umsjón með almannavörnum héraða.

4.11.1 Mikilvægur þáttur í starfsemi Almannavarna ríkisins er umsjón með almannavörnum héraða. Er löngu orðið ljóst, að sé ekki unnt að hafa árlega umsjón með almannavarnanefndunum 70, yfirfara skipulag þeirra og öryggisviðbúnað, eru önnur störf að miklu leyti unnin fyrir gýg. Sett er fram fastmótuð áætlun og er gert ráð fyrir að árlegur kostnaður vegna þessa nemi kr. 257 þús.

4.11.2 Gert er ráð fyrir að almannavarnanefndir séu heimsóttar og viðbúnaður þeirra yfirfarinn í sex ferðum í eftirfarandi mánuðum:

Janúar:	Vesturland	kostn. kr. 24 588.-
Febrúar:	Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes	13 025.-
September:	Vestfirðir	49 941.-
Október:	N- og NA-land	79 732.-
Nóvember:	A- og S-land	85 464.-
Desember:	Vestmannaeyjar	6 855.-

Áætlun við eflingu almannavarna ríkisins
Kostnaðar- og þróunaráætlun 1985—1995

Fjárhæðir í þús. kr. Verðlag í maí 1983

Viðfangsefni:	'85	'86	'87	'88	'89	'90	'91	'92	'93	'94	'95
Laun: 1.458	2 417	2 417	2 417	2 732	2 732	2 732	3 047	3 047	3 047	3 047	3 047
Br. stöðugildi											
Nýtt stöðug. fulltrúa	388										
Nýtt stöðug. aðstoðarm.				315							
Nýtt stöðug. aðstoðarm.							315				
Almennur rekstur:											
2 043	2 882	3 055	3 249	3 365	3 590	3 720	3 848	3 988	4 110	4 205	4 324
v/húsaleigu			44	44	44	44	44	44	44	44	44
v/umsjónarm. almannav. n.	257	257	257	257	257	257	257	257	257	257	257
v/fræðslu og þjálfunar	388	388	388	388	388	388	388	388	388	388	388
v/tækjaukningar	194	173	150	116	225	130	128	140	122	95	119
Stofnkostnaður:	1 120	1 750	2 346	2 131	3 121	2 271	2 293	2 379	2 243	1 901	1 895
Birgðastöðvar				1 865	1 865	1 865	1 865	1 865	1 865	1 865	1 865
Endurvarpsstöðvar	780										
Viðvörðunarkerfi		1 750	726	266	1 186	381	381	496	266		
Geislamælingar			1 108								
Tæki í stjórnstöð											
Fundarborð							8				
Símateng. v/alm.v.ráðs							39				
Segulb. uppt. v/alm.v.ráðs								18			
Sjónvarp										36	
Myndsegulband	40										
Kortalestæki						15					
Micro-kortafilmur						10					
Gagnabanki (tölva)	300										
Segulb. uppt. á síma		512									
Flug-fjarsk. tæki					70						
Vatnstankur								112			
Matvæðaskápur											30
	6 419	7 222	8 012	8 228	8 443	8 723	9 188	9 414	9 399	9 153	9 526

Almannavarnir sveitarfélaga.

4.12 Almanna- og sveitarfélaga.

4.12.1 Samkvæmt ákvæðum laga um heildarskipulag almannavarna hafa verið stofnaðar 70 almannavarnanefndir og leitað við það samstarfs milli sveitarfélaga um sameiginlegar almannavarnir þar sem það á við. Er heildarskipulag á uppbyggingu nefndanna þannig, að í hverju lögsagnarumdæmi er á aðsetursstað lögreglustjóra svokölluð svæðisstjórn. Í sýslum, sem krefjast fleiri almannavarnanefnda, eru aðrar nefndir kallaðar staðarstjórnir.

4.12.2 Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hernaðaráttaka, náttúruhamfara og af annarri v. Er nefndunum þannig falin eftirfarandi viðfangsefni.

4.13 Skipun hjálparliðs.

4.13.1 Á grundvelli 10. gr. laga um almannavarnir og reglugerðar nr. 107/1969 um skipun hjálparliðs, hefur verið leitað af hálfu Almannaþingar ríkisins samkomulags við Slysavarnafélag Íslands, Rauða kross Íslands, Landssamband hjálparseita skáta og Landsamband flugbjörgunarsveita um að þessir aðilar leggi fram hjálparlið Almannaþingar í einstökum byggðum. Er samkomulag þess efnis undirritað af ofangreindum aðilum. Til að uppfylla þörf fyrir hjálparlið á einstökum almannavarnarsvæðum á skipulegan hátt, stefna Almannaþingin ríkisins að því að stuðla að eflingu þeirra björgunarsveita, sem fyrir eru í landinu, með því að annast fræðslu og þjálfun til þeirra á sviði almannaþingar og styrkja þær með búnaði og tækjum.

4.13.2 Forsenda hjálparstarfs á hættutímum er nægilega öflugt hjálparlið, búið réttum tækjum og með þekkingu á almannavörnum og hjálparstarfi á hættutímum.

4.13.3 Af þeirri reynslu, sem fengist hefur af almannavörnum í þeim náttúruhamförum sem orðið hafa á undanförunum áratug, er ljóst að það lið sem nú er til taks í björgunar- og líknarfélögum, er of lítið til að mæta hjálparliðaþörf við björgunar- og hjálparstörf í meiri háttar vá. Er sú reynsla sambærileg við reynslu annarra þjóða af hjálparliðaþörf á hættutímum. Segja má að í dreifbýlustu héruðum landsins sé þörfinni fullnægt, en hvergi nærri á stærstu þéttbýlissvæðunum.

Til að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 107/1969 um skipun hjálparliðs, er því nauðsynlegt að efla mjög hjálparlið í þéttbýli sbr. 4.13.4.

4.13.4 Þörf fyrir aukningu hjálparliðs í einstökum byggðum og landshlutum er sem hér segir:

Reykjavík	u. þ. b. 600 manns
Hafnarfjörður/Garðabær	u. þ. b. 150 manns
Kópavogur	u. þ. b. 125 manns
Keflavík og Njarðvík	u. þ. b. 50 manns
Akranes	u. þ. b. 60 manns
Sauðárkrókur	u. þ. b. 50 manns
Akureyri	u. þ. b. 150 manns

4.14 Þjálfun hjálparliðs.

4.14.1 Bent hefur verið á að skipun hjálparliðs almannaþingar er vandamál ef gæta skal þess að skipulag þeirra hluta raskist ekki. Er rétt að byggt verði fyrst og fremst á öflugum sjálfböðastarfi þeirra félaga björgunar-, hjálpar- og líknarsamtaka, sem gengið hafa til samstarfs við Almannaþingin ríkisins samkvæmt samkomulagi þar um. Almannaþingin ríkisins þarf að vera kleift að styðja að vexti og viðgangi sjálfböðastarfsins, svo tryggja megi nægan fjölda hjálparliða í landinu.

Heimild í 10. gr. laga um almannavarnir um skipun hjálparliðs ætti ekki að beita án undangenginnar athugunar á því hvort nauðsynlegt lið fái ekki með samvinnu við umrædd samtök. Til að ná markvissu skipulagi á framkvæmd þjálfunar og uppbyggingar hjálparliðsins er lagt til að stefnt verði að eftirfarandi.

4.14.2 Hafin verði markviss þjálfun forystumanna björgunarsveita, hjálparseita svo og neyðarsveita Rauða krossins í einstökum héruðum til björgunar- og ruðningsstarfa, fjölda-hjálpar, merkja- og fjarskiptaþjónustu, stórslysahjálpar, sjúkraflutninga, eldvarna og aðstoðar við löggæslu.

4.14.3 Á vegum almannavarnanefnda, að fengnum tillögum björgunar- og líknarsamtaka í sínu héraði, verði þjálfaðir og útnefndir björgunarstjórnar, sem verði færir um að taka að sér stjórn og samræmingu á björgunar- og hjálparstarfi fjölflokka í sínu almannavarnahéraði. Þeir verði þjálfaðir í lögum og áætlunum almannavarna, náttúruhamförum og stjórn björgunar í snjóflóðum, jarðskjálftum, eldgosum, flóðum og annarri v.á.

4.14.4 Á vegum Almannavarna ríkisins og almannavarnanefnda verði þjálfaðir vettvangsstjórnar, minnst einn fyrir hvert almannavarnahérað, og síðan einn fyrir hverja 1000 íbúa í því. Vettvangsstjóri verði fær um að stjórna aðgerðum opinberra aðila og hjálparliðs á skaðasvæði og samræma þær. Hann fái þjálfun í, auk þess sem greint er frá í 4.14.3, vörnum gegn eiturefnum, sýklavörnum, forystu, hreinsun eiturefna og skipulagi og stjórn æfinga.

4.14.5 Á vegum Almannavarna ríkisins verði síðan þjálfaðir tækniráðgjafar, sem verði stjórn almannavarna í héraði til aðstoðar við heildarstjórn almannavarna í meiri háttar v.á.

FRÆÐSLUÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Flokksstjóri sbr. 4.14.2	Björgunarstjóri sbr. 4.14.3	Vettvangsstjóri sbr. 4.14.4	Tækniráðgjafi sbr. 4.14.5
Áætlun tímallengd = breytileg	Áætlun tímallengd = 12 tímar	Áætlun tímallengd = 20 tímar	Áætlun tímallengd = 14 dagar
Björgunar- og ruðningsstórf	Lög og reglugerðir	Vettvangsstjórn	Nám við almannavarnaskóla á Norðurlöndum
Fjöldahjálparstórf	Umdæmisskipan almannavarna	Geislavarnir	
Fjarskipti — merki	Neyðarskipulag AV.	Gasvarnir	
Stórslyshjálpar	Samstarfssamningar	Sýklavarnir	
Sjúkraflutningar	Snjóflóðavarnir	Geislamælingar	
Eldvarnir	Jarðskjálftavarnir	Forystuþjálfun	
Lögreglunám	Brotflutningur	Mengun — vökvar og eiturefni	
Annað sérnám	Eldgosavarnir	Skipulag æfinga	
Í höndum samstarfsaðila AV.	AV-sveitarfélaga	AV-sveitarfélaga + AV-rík	Almannavarnir ríkisins
Öðlast rétt til að hefja nám til björgunarstjóra.	Veitir rétt til að starfa sem björgunarstjóri í hjálparliðasveitum almannavarna. Má jafnframt hefja nám til vettvangsstjóra.	Má starfa sem vettvangsstjóri í starfssveitum AV. Hæfur til að fá þjálfun sem tækniráðgjafi.	Starfar sem tæknilegur fulltrúi lögreglustjóra við störf að almannavörnum.

4.15 Búnaður hjálparliðs.

4.15.1 Búnaður íslenskra björgunarveita byggist ekki á starfsemi að almannavörnum nema að hluta til. Er því nauðsynlegt að þær verði styrktar með þeim sérstaka búnaði, sem nauðsynlegur er til vinnu á hamfarasvæðum. Byggist búnaðurinn á:

- 1) Flokka- og einstaklingsbúnaði.
- 2) Áhaldasamtöðu fyrir hvert almannavarnahérað sbr. skrá í fylgiskjali III.
- 3) Birgðasamtöðu fyrir hvert kjördæmi landsins sbr. skrá í fylgiskjali IV.

4.15.2 Flokka- og einstaklingsbúnaður björgunar- og hjálparliðs í almannavörnum er samsafn af:

- 1) Sérstökum hlífðar- og öryggisfatnaði fyrir hvern mann í hjálparliðaflokki og sérstökum verkfærum, sjúkrabúnaði og björgunartækjum, sem hver 10 manna flokkur ber með sér og er skipt niður á liðsmenn flokksins.

4.15.3 Áhaldasamtæða fyrir hvert almannavarnahérað er sett saman af margháttuðum öryggis- og hjálpartækjum, sem komið er fyrir á sérstökum vagni eða í gámi, sem flytja má inn á hættusvæði á neyðartímum.

4.15.4 Birgðasamtæða kjördæma er að lokum safn af ýmsum vélbúnaði, sem þarf til lýsingar og til að brjótast inn í rústir o. þ. h., sem einnig er komið þannig fyrir að auðvelt sé að flytja hann á milli staða.

4.16 Stjórnstöðvar.

4.16.1 Í umdæmum, sem heyra undir sama lögreglustjóra, er rétt að komið verði upp sameiginlegri stjórnstöð almannavarnanefnda í umdæminu. Eðlilegt er að uppsetning slíkra stjórnstöðva sé samvinnuverkefni almannavarnanefnda, björgunarsveita og lögreglu þeirra umdæma, sem um ræðir, enda ekki raunhæft að dreifa kröftum og fé til þeirra hluta.

4.16.2 Nefndin bendir á að æskilegt er að stjórnstöðvum sé komið fyrir í sterkbyggðu húsnæði og að þær séu búnar varaorku, þeim fjarskiptatækjum, sem notuð eru í umdæminu, og nauðsynlegum vinnugögnum. Lágmarks fjarskiptabúnaður er:

- 1) Beinir símalínur til landssímastöðvar, lögreglustöðvar, sjúkrahúss og annarra mikilvægra stöðva að mati almannavarnanefndar.
- 2) Að minnsta kosti 5 sínum á almenna símakerfinu.
- 3) SSB HF talstöð til notkunar á tíðnunum 2790 KHz, 2833 KHz, 2854 KHz, 2182 KHz og 2912 KHz.
- 4) VHF talstöðvarkerfi Almannavarna.
- 5) VHF talstöðvarkerfi björgunarsveita.
- 6) VHF og UHF talstöðvarkerfum annarra stofnana og félaga í umdæminu.
- 7) CB talstöð með þeim tíðnum, sem notaðar eru í umdæminu.

Lágmarksvinnugögn eru:

- 1) Neyðarskipulag Almannavarna í umdæminu.
- 2) Kort yfir viðkomandi lögsagnarumdæmi í mælikvörðum 1:250 000, 1:100 000 og 1:50 000 a. m. k., auk eintaks af öllum uppdráttum byggðra svæða með vega- og götuheiti, byggingum og bæjum ásamt bæjarnöfnum. Auk þess aðal- og deiliskipulagsuppdrætti skipulagsskyldra byggða í héraðinu.
- 3) Uppdrættir (teikningar) að skólum, samkomuhúsum, gistihúsum, sjúkrahúsum og stærri verksmiðjum í umdæminu.

4.17 Birgðasöfnun.

4.17.1 Birgðasöfnun og birgðahald er eitt af höfuðverkefnum almannavarnanefnda í sveitarfélögum. Er til þess ætlast að þær reki birgðastöðvar þar sem unnt sé að ganga að lágmarks öryggisbirgðum á sviði bráðabirgðaviðlegu í fjöldahjálparstöðvum, matargjafa, sjúkraflutninga og legu fyrir sjúka í bráðabirgðahúsnæði, t. d. í skólum og samkomuhúsum.

Nefndin telur að sveitarfélög eigi að kappkosta að koma slíkum birgðum á fót, þannig að þau geti veitt a. m. k. 10% af íbúum sínum bráðabirgðaskjól og viðurværi í vikutíma án aðstoðar annars staðar frá.

4.18 Kostnaður við eflingu almannavarna í sveitarfélögum.

4.18.1 Ekki er sett fram kostnaðaráætlun vegna eflingar almannavarna í sveitarfélögum, þar sem mismunandi aðstæður og möguleikar til að ná sömu markmiðum eru svo fjölbreytilegir milli landsvæða og staða, að ógjörningur er að setja fram heildaráætlun um slíkt.

Fylgiskjal I.

ALLSHERJARVARNIR

Allsherjarvarnir.

Með hugtakinu allsherjarvarnir er átt við samræmda áætlun um viðbrögð, samvinnu og verkefni allra aðila innan ríkisins við hvers konar vá, fyrst og fremst hernaðarvá, er stöðjað getur að viðkomandi ríki.

Landvarnaraðilar, Almannavarnir, forsvarsaðilar atvinnulífs, skóla, útvarps, blaða, heimila og yfirleitt allir, sem reynt getur á í þessu sambandi, samræma aðgerðir og gera áætlanir þar sem reynt er fyrirfram að koma í veg fyrir mistök og rangar ákvarðanir.

Á Norðurlöndum, þar sem slíkt skipulag hefur verið við lýði mjög lengi, er hlutverkum sérstaklega skipt á milli hernaðarlegra og borgaralegra yfirvalda.

Í Noregi er þessu t. d. komið fyrir á eftirfarandi hátt:

Hervarnir	Borgaralegur viðbúnaður
Landher	Stjórnsýsluviðbúnaður
Sjóher	Heilbrigðis/hollustuviðbúnaður
Lofther	Upplýsinga/fræðsluviðbúnaður
Heimavarnarlið	Lögregla
Sameiginlegar stofnanir	Hagvarnir
	Almannavarnir

Nánar má sjá verkefnaskiptingu á borgaralegum viðbúnaði í Noregi sem dæmi í meðfylgjandi töflu hér á eftir.

BORGARALEGUR ÞÁTTUR NORSKA ALLSHERJARVARNAKERFISINS

Hluti af borgaralegum viðbúnaði	Á friðartímum eru þessi styrjaldarverkefni undirbúin:	Undirbúningur felst m. a. í:	Ábyrgt yfirvald	Einkaaðilar sem bera ábyrgð	Samræmd ábyrgð
Stjórnsýsluviðbúnaður	Tryggja að stjórn ríkis og sveitarfélaga geti leyst verkefni sín.	Lög og reglur um stjórnsýslu, undirbúningur styrjaldarskipulags, val og þjálfun á starfsfólki, bygging sprengjuheldra starfsstöðva til afnota í styrjöld með fjar-skiptamöguleikum	Einstök ráðuneyti fylki, sveitarfélög	Farskipaútgærdin (N. Rederforbund) Olúfélög Virðjanir Bankar Iðnaðarfyrtæki	
Hagvarnir	Skynsamleg nýting allra auðlinda þannig að þörf allsherjarvarnakerfisins og almennings fyrir vörur og þjónustu verði fullnægt.	Brottlutningur í styrjöld, aðvörunargjöf og fjarskipti, loftvarnarbyrgi, útbúnaður og æfingar á hjálparliði, upplýsingar.	Borgaralega viðbún. stofnunin	Húsbyggjendur Iðnaðarfyrtæki	Borgaralega viðbún. stofnunin
Almannavarnir	Skýling og verndun almennings	Æfing og útbúnaður 4500 manna varaliðs lögreglu.	Dómsmálaráðuneyti		
Lögregla	Tryggja lög og reglur. Koma í veg fyrir hefndar- og skemmdarverk.	Aukning sjúkrárymis (húsnæði, starfslið, áhöld)	Heilbr. ráðuneyti	Sjúkrahús Vatnsveitur	
Heilbrigðis/hollustuviðbúnaður	Tryggja heilsu almennings og heilbrigði.	Uppsetning fréttastofu ríkisstjórnarinnar í styrjöld — opinber upplýsingagjafi í stríði.	Forsætisráðun. og ríkisútv.	Norska fréttastofan. Dagblöð.	
Upplýsinga/fræðsluviðbún.	Upplýsingar til almennings.				

Fylgiskjal II.

ALMANNAVARNIR ANNARRA NORÐURLANDA

Danmörk:

Í Danmörku heyra almannavarnir undir innanríkisráðuneytið, og er stjórn þeirra í höndum „Civilforsvarsstyrelsen“.

Almannavarnir eru hluti af „Det Civile Beredskap“ (Almenns viðbúnaðar), sem að öðru leyti skiptist í stjórnarviðbúnað, efnahagslegan viðbúnað, lyfjaviðbúnað, upplýsingaviðbúnað og hollustuviðbúnað.

Meginverkefni almannavarna eru að bjarga mannlífum, veita aðstoð og líkn þeim, sem slasast hafa og hamla gegn tjóni á eignum og verðmætum.

Skipting verkefna milli ríkis og sveitarfélaga er sem hér segir: „Civilforsvarsstyrelsen“ annast skipulag og viðbúnað ríkisins á sviði almannavarna, sér um að lögum og reglugerðum sé framfylgt og hefur eftirlit með að almannavarnir sveitarfélaga séu skipulagðar. Síðast, en ekki síst, fer „Civilforsvarsstyrelsen“ með stjórn, uppbyggingu og þjálfun hreyfanlegra hjálparseita (Civilforsvarskorpset) almannavarna.

Á ófriðartímum kemur „Civilforsvarsstyrelsen“ á fót landsstjórn ásamt tveimur landshlutastjórnnum, sem ætlað er að fara með yfirstjórn á starfsemi almannavarna í landinu. Stjórnad er frá neðanjarðarstjórnstöðvum í 7 umdæmum, sem landinu er skipt í, og fer „Civilforsvarsstyrelsens“ landsstjórn með samræmda stjórn. Jafnframt er landinu skipt í tvö meginsvæði sem eru eystri og vestri hluti.

Almannavörnum sveitarfélaga er skipt í tvö stjórnunarsvið, sem eru málefni sveitarfélaga annars vegar og málefni ríkisins hins vegar.

Sveitarstjórn annast úrlausn verkefna sveitarfélaga, en lögreglustjóri fer með verkefni ríkisins.

102 sveitarfélög hafa verið skipulögð með almannavarnir og í hverju þeirra starfa almannavarnanefnd með borgarstjóra eða sóknarráðsformann sem formann. Formaður almannavarnanefndar útnefni stjórnanda almannavarna. Á friðartímum skipuleggur hann uppbyggingu og starfsemi hjálparþjónustu viðkomandi svæðis, en á ófriðartímum er hann tæknilegur stjórnandi hennar. Bæði lögreglustjóri og stjórnandi hjálparliðs eiga sæti í almannavarnanefnd.


Meginverkefni almannavarna sveitarfélaga eru:

1. Skipulag og þjálfun hjálparliðs á sviði:
 - brunavarna
 - björgunar- og ruðningsþjónustu
 - tækniþjónustu
 - fjöldahjálparþjónustu
 - fjarskiptaþjónustu
2. Bygging og rekstur opinberra öryggisbyrgja.
3. Eftirlit með einkavörnum og iðnaðarvörnum.


Verkefni lögreglustjóra viðkomandi umdæmis eru:

- viðvaranir innan umdæmis
- brottflutningur
- lokun svæða
- verndun, gæsla og merkjaþjónusta

Friðartímaskipulag



Hernaðarskipulag



Viðvörðunarkerfi:

Viðvörðunarkerfi í Danmörku er þrenns konar. Í fyrsta lagi eru um 700 loftvarnaflautur uppsettar í bæjum og borgum víðs vegar um landið. Því næst eru um 1600 sírenur tiltækar á bíla, sem aka fyrirfram ákveðnar leiðir. U. þ. b. 3000 menn hafa verið þjálfaðir til þeirra starfa. Að lokum er gert ráð fyrir að ákveðin svæði verði aðvöruð með kirkjuklukkum (4 hæg slög með ½ mín. þögn á milli, endurtekin í 15 mín.). Gerðar hafa verið ráðstafanir til að tryggja afnot af liðlega 1900 kirkjum til þessara nota og hafa jafnmargir kirkjuverðir verið þjálfaðir til slíkra starfa.

Öryggisbyrgi:

Frá árinu 1959 hafa verið í gildi reglur, sem kveða á um að í húsum þar sem fleiri en 2 fjölskyldur eða yfir 10 manns búa skuli innréttu öryggisbyrgi til afnota fyrir íbúa hússins. Viðkomandi húseigandi ber kostnað af byggingu og búnaði byrgisins.

Í dag eru tiltæk slík öryggisbyrgi fyrir u. þ. b. 2.8 milljónir íbúa, sem taka má í notkun með sólarhringsfyrirvara. Einnig eru byggð opinber öryggisbyrgi, sem fyrst og fremst eru hugsuð fyrir þá sem eru á ferð um viðkomandi umdæmi, eða þá, sem flytja þarf brott á milli umdæma. Í dag eru tiltæk fullbúin opinber byrgi fyrir u. þ. b. 249 þús. manns, en því til viðbótar er vitað um rými fyrir u. þ. b. 282 þús. manns, sem hefur ekki verið útbúið né innréttuð samkvæmt þeim kröfum, sem gerðar eru til öryggisbyrgja.

Opinber öryggisbyrgi eru fjármögnuð af hinu opinbera og er fjárveiting til þeirra verkefna á fjárlögum „Civilforsvarsstyrelsen“.

Fyrir árið 1983 voru veittar 300 000 d.kr. til byggingar opinberra öryggisbyrgja. Athygli vekur að þessi liður hefur verið lækkaður mikið frá fyrri árum.

Samkvæmt ofansögðu eru tiltæk öryggisbyrgi fyrir u. þ. b. 3.4 milljónir íbúa, en áætluð skýlisþörf er talin vera fyrir u. þ. b. 4.4 milljónir.

Brotflutningur — tilflutningur:

Íbúar munu því aðeins verða fluttir brott í Danmörku, að ekki sé unnt með viðunandi öryggi að skýla þeim fyrir aðstedjandi árás.

Brotflutningsþjónusta almannavarna hefur það verkefni að flytja almenning burt frá árásar- eða skaðasvæðum með sem öruggustum hætti.

Brotflutningur heyrir undir lögreglustjóra viðkomandi umdæmis samkvæmt lögum um almannavarnir og getur hann fyrirskipað brottflutning. Sú skylda hvílir á umdæmi, sem flutt er til, að sjá um að taka á móti, hýsa og veita almenna þjónustu þeim sem fluttir eru brott. Hinn almenni borgari er jafnframt skyldugur að taka við flóttafólki samkvæmt ákvörðun yfirvalda.

Hjálparlið:

Hjálparliði almannavarna í Danmörku er skipt í tvo meginflokka, sem eru:

- a) Hjálparlið á vegum sveitarfélaga, en í slíkum hjálparveitum eru nú um 65 000 manns og hafa þeir verkskyldum að gegna á sviði:

- brunavarna
- tæknimála
- björgunarþjónustu
- ruðningsþjónustu
- fjöldahjálparþjónustu
- merkja- og fjarskiptaþjónustu

Hjálparlið viðkomandi sveitarfélags er undir stjórn viðkomandi almannavarnanefndar.

- b) Hreyfanlegar hjálparveitir (Civilforsvarskorpset), en þær sveitir eru í stöðugri þjálfun og ávallt tiltækar til aðstoðar hvort heldur á friðar- eða stríðstímum. Sveitum þessum er skipt í 8 fylki og 3 deildir, sem staðsett er víðsvegar um Danmörku. Um það bil 13 000 manns eru í þessum sveitum, þar af u. þ. b. 325 fastráðnir. Sveitir þessar eru undir stjórn „Civilforsvarsstyrelsen“ og eru fyrst og fremst hugsáðar til aðstoðar hjálparliði sveitarfélaga.

Þjónustuskylða:

Samkvæmt dönsku almannavarnalögunum er borgaraleg skylða þeirra, sem eru 16—65 ára, að gegna starfi í þágu almannavarna. Undanþegnir eru þeir, sem gegna herskyldu. Samkvæmt 31. gr. almannavarnalaganna er jafnframt heimilt að kveðja menn til þjálfunar í 1 mánuð í þjálfunarbúðum og eftir það í 50 tíma á ári í tvö ár. Að meiri hluta eru þeir, sem starfa í hjálparliði sveitarfélaga, u. þ. b. 37 000 manns, þjálfaðir með þessum hætti og kallast þeir „værnepligtige“ (gr. 30).

Þjálfun — fræðsla:

Þjálfun er á sama hátt og hjálparliði skipt í eftirfarandi tvo meginflokka:

- a) Þjálfun hjálparliðs sveitarfélaga í eftirtöldum greinum:

- brunavörnum
- björgunar- og ruðningsstörfum
- tæknistörfum og stjórnunarstörfum
- fjöldahjálparstörfum
- merkja- og fjarskiptaþjónustu

Grunnþjálfun tekur 1 mánuð, sem síðan er fylgt eftir með 50 tíma þjálfun á ári í tvö ár.

- b) Þjálfun manna í hreyfanlega hjálparveit (Civilforsvarskorpset) fer fram við sérstaka þjálfunarskóla í Bernstorff Slot í Kaupmannahöfn og í Næstved á Sjálandi. Þjálfun stendur í 8 mánuði, þar af stendur grunnþjálfun í 4 mánuði og sérþjálfun í aðra 4. Að jafnaði eru u. þ. b. 400 menn kallaðir inn til slíkrar þjálfunar á 4 mánaða fresti, og fá þeir greidd laun meðan á þjálfun stendur, ca. 8 000 pr. mán.

Í Danmörku eru nú reknir 6 þjálfunarskólar á vegum almannavarna, þ. e. 4 til þjálfunar á hjálparliðum samkvæmt 31. grein og 2 til þjálfunar á hreyfanlegum hjálparveitum. Til fræðslu og þjálfunar er varið á yfirstandandi ári 73.3 milljónum d.kr., sem skiptist þannig:

Til þjálfunar færanlegra hjálparveita	13.9 milljónir
Til þjálfunar í sjúkraflutningum	8.4 milljónir
Til þjálfunar í sveitarfélögum	36.1 milljónir
Til þjálfunar samkvæmt 31. grein	15.0 milljónir

Birgðir — búnaður:

Danska ríkið leggur til megnið af þeim búnaði, sem tiltækur er í þágu almannavarna. Meginuppistaðan í þeim búnaði er í vörslu „Civilforsvarskorpset“, en jafnframt hafa sveitarfélög birgðir í sinni vörslu, einkum slökkvibúnað og sjúkraliðsbúnað.

„Civilforsvarskorpset“ hefur yfir að ráða u. þ. b. 1200 ökutækjum, og af þeim eru að meiri hluta sérstaklega útbúnir fjórhjóladrifsbílar með brunadælum. Þá hafa þeir einnig lausar brunadælur, verkfæravagna, loftpressur, flóðlýsingarbúnað, lyftibúnað o. þ. h. og er allur búnaður miðaður við skiptingu liðs í flokka, sveitir, deildir og fylki.

Á yfirstandandi ári er varið 16.2 milljónum d.kr. til kaupa á búnaði og birgðum og af þeirri upphæð fara 11.0 milljónir til endurnýjunar á búnaði „Civilforsvarskorpset“.

Stuðningssamtök:

„Civilforsvars-Forbundet“ er landsfélag áhugamanna um starfsemi almannavarna og er hluti þeirra samtaka konur úr D.K.B. (Danske Kvinders Beredskab). Deildir félagsins starfa í öllum lögsagnarumdæmum og hafa það markmið að efla skilning hins almenna borgara á starfi almannavarna, veita stuðning við einkavarnir og ýta undir starfsemi sjálfboðaliðs í þágu almannavarna.

„Civilforsvars-Forbundet“ fær á yfirstandandi ári 1983 3.6 millj. í framlag frá danska ríkinu.

Fjárveitingar til almannavarna í Danmörku fyrir árið 1983:

Verkefni	Fjárhæð í milljónum
Yfirstjórn almannavarna	28.8
Til þjálfunarskólanna	13.9
Til útbreiðslustarfsemi	1.4
Framlag til stuðningsfélags C. F. F.	3.6
Til almenningsfræðslu	3.1
Til hjálparveita C. F. korpset	166.4
Til þjálfunar í sjúkraflutningum	8.4
Til þjálfunar í sveitarfélögum	51.1
Endurnýjun á búnaði C. F. korpset	11.0
Til almannavarnaumdæma	8.2
Til opinberra öryggisbyrgja	0.3
Til stjórnstöðva	2.5
Til fjarskiptamála	10.3
Til þjálfunar lögreglu	1.4
Til kaupa á sjúkragögnum	0.8
Til forgangsverkefna	2.9
Til annarra verkefna	0.6
Til kaupa á ýmsum búnaði og tækjum	6.9
Vegna bygginga stjórnstöðva o. fl.	7.6
Samtals D. kr.	329.3

Ein dönsk króna = 2.9 ísl. krónur miðað við gengi dags. 19. okt. 1983.

Noregur:

Norðmenn skipta vörnum sínum í tvo meginflokka, sem eru hervarnir og almennur viðbúnaður. Skiptast þessir flokkar svo þannig:

Hervarnir:

Landher
Sjóher
Lofther
Heimavarnarlið

Almennur viðbúnaður:


Stjórnunarviðbúnaður
Heilsugæsluviðbúnaður
Upplýsingaviðbúnaður
Efnahagslegur viðbúnaður
Löggæsla
Almannavarnir

Skilgreining milli almenns viðbúnaðar (Sivilt Beredskap) og almannavarna (Sivil Forsvar) er sem hér segir:

Almennur viðbúnaður nær yfir allan viðbúnað, sem framkvæma þarf til að skapa þjóðfélaginu möguleika á sem öflugastri mótstöðu gegn utanaðkomandi árás, og um leið að vernda líf, eignir og verðmæti.

Verkefni almannavarna er hins vegar að hamla gegn manntjóni og slysum á hinum almenna borgara og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur.

Almannavörnum í Noregi er stjórnað af „Direktoratet for sivilt beredskap“, en það heyrir aftur undir dóms- og löggæslumálaráðuneytið norska (sjá meðfylgjandi skipurit).



Almannavörnum í Noregi er skipt upp í 18 fylki. Er fylkismaður yfirstjórnandi almannavarna, hver í sínu fylki. Hann hefur sérþjálfað starfslíð sér til aðstoðar á neyðartímum og sérstakt húsnæði (stjórnstöð) til samræmingar og stjórnunar.

Áður nefndum 18 fylkjum er síðan skipt upp í 53 svæði, sem eru undir stjórn lögreglustjóra viðkomandi svæðis. Innan þessara 53 svæða eru síðan skipulagðar almannavarnir (Lokal Sivilforsvar) á 108 stöðum (þéttbýlisstöðum).

Þá eru 14 svokallaðar fjarhjálparrstöðvar (fjernihjelpekolonner) dreifðar um landið og er hlutverk þeirra að koma til aðstoðar í bæjum og byggðum eftir þörfum hverju sinni. Sveitir þessar eru undir stjórn viðkomandi fylkismanns.

Viðvörunarkerfi:

Viðvörunarkerfi þau sem notuð eru í Noregi eru svipaðrar gerðar og sett hafa verið upp í Reykjavík, Kópavogi og á Seltjarnarnesi. Hefur verið komið upp 1750 slíkum flautum í bæjum og borgum. Er mögulegt að koma viðvörun til u. þ. b. 60% af íbúum Noregs. Sá hluti þjóðarinnar, sem ekki heyrir í viðvörunarflautum (einkum í dreifbýli), fær viðvörun með þeim hætti að kirkjuklukkum verður samhringt í 3 × 3 mínútur með einnar mínútu þögn á milli. (Sem þýðir: Áriðandi tilkynning í útvarpi).

Öryggisbyrgi:

Öryggisbyrgjum í Noregi er skipt í tvo meginflokkka, sem eru opinber skýli og einkaskýli. Einkaskýli eru þau nefnd, sem byggð eru af einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum og æfluð til afnota fyrir fjölskyldu eða starfsmenn viðkomandi fyrirtækis. Slík skýli eru byggð á kostnað viðkomandi. Opinber skýli eru hins vegar fjármögnuð og byggð af hinu opinbera (ríki $\frac{2}{3}$ hlutar og sveitarfélag $\frac{1}{3}$ hluti).

Varðandi einkaskýli er meginreglan sú að byggja skal skýli í húsnæði sem er yfir 150 m² að stærð. (Undantekin eru þó íbúðarhús, dagvistarstofnanir, bensínstöðvar og útihús).

Flest skýli í Noregi eru notuð til annarra þarfa á friðartímum, s. s. ráðstefnusalir, kvikmyndahús, sundlaugar o. þ. h., en skylt er að hægt sé að taka það í notkun innan sólarhrings ef þörf krefur.

Í dag eru tiltæk skýli fyrir 1.9 milljón íbúa í Noregi og skiptast þau þannig: 65% af skýlisrými er sprengt inn í fjöll, 30% eru í kjallarahúsnæði og 5% í sérbyggðu steinsteypu húsnæði.

Frá árinu 1948 hafa Norðmenn varið u. þ. b. 4—5 milljörðum norskra króna til bygginga öryggisbyrgja og halda áfram á sömu braut.

Upplýsingar um opinber öryggisbyrgi, staðsetningu og stærð er að finna í símaskránni norsku.

Brotflutningur:

Flutningi fólks á hættutímum er skipt í tvo flokka í Noregi, þeir eru brottflutningur og stríðsflutningur.

Fólk er flutt brott samkvæmt lögum um almannavarnir og er gert ráð fyrir að flytja fólk frá aðsteðjandi hættu eða illa útleiknum svæðum til öruggari staða.

Stríðsflutningur er hins vegar framkvæmdur með stoð í herlögum og samkvæmt ákvörðun herstjórnar.

Norðmenn gera ráð fyrir að flytja fólk brott frá þéttbýlissvæðum til fyrirfram ákveðinna svæða, ef þörf krefur og hafa þeir nákvæmt skipulag þar um.

Hjálparlið:

Almannavarnir í Noregi hafa yfir að ráða þjálfuðu liði sem er liðlega 75000 manns.

Lið þetta skiptist sem hér segir:

Fjarhjálparsveitir	10500 manns
Staðbundnar hjálparsveitir	44500 manns
Fyrstu-hjálparsveitir	11000 manns
Skýlisþjónusta	3200 manns
Brotflutningssveitir	6750 manns

75950 manns

Til viðbótar framanskráðu eru síðan um 35000 menn skráðir í svokallaðar iðnaðarvarnir og ca 3500 í almannavarnir járnbrautanna.

Þjónustuskylda:

Menn eru skyldir að sinna almannavörnum í Noregi. Helstu ákvæði um þjónustuskyldu eru sem hér segir:

Sjálfboðaliðar á aldrinum 16—18 ára.

Almenn þjónustuskylda á aldrinum 18—65 ára (þá kallaðir til starfa).

Þjónustuskylda í einkavörnum 65 ára og eldri.

Undanþegnir þjónustuskyldu er fólk í mikilvægum stöðum hvort heldur hjá því opinbera eða einkafyrirtækjum, svo og konur með barn/börn undir 10 ára aldri.

Þjálfun — fræðsla:

Þjálfun er skipt í þrjú stig, sem eru:

1. Grunnþjálfun.

2. Sérhæfð þjálfun.

3. Þjálfun fyrir starfslið stjórnstöðva. (Fylkismanna).

Tímalengd þjálfunar er á bilinu 3 dagar til 2 vikur og eru menn kallaðir inn til þjálfunar fljótlega eftir að 18 ára aldri er náð og þá samkvæmt úrtaki úr þjóðskrá.

Grunnþjálfun og sérhæfð þjálfun fer fram í umdæmisskólum, en þeir eru 5 að tölu víðs vegar í Noregi. Þjálfun starfsliðs stjórnstöðva (Fylkismanna) fer hins vegar fram við fræðslumiðstöðina (Sentralskolen) í Heggedal í Asker-kommune, skammt frá Ósló.

Endurþjálfun alls hjálparliðs almannavarna fer fram með 4 ára millibili á 3—5 daga námskeiðum.

Á árinu 1983 eru veittar 14.5 milljónir N. kr. til þjálfunar og æfinga á sviði almannavarna.

Birgðir — búnaður:

Birgðasöfnun og birgðahald er mest á vegum „Direktoratet for Sivilt Beredskap“ og ber þar helst að nefna slysabúnað af mjög fullkominni gerð, sjúkrabörur, bifreiðar, slökkvibúnað og björgunarbúnað fyrir hjálparlið. Jafnframt eru birgðir í eigu einstakra sveitarfélaga og þá einkum í formi björgunarliðsbúnaðar og slökkvibúnaðar.

Birgðir í eigu almannavarna í Noregi eru áætlaðar að verðmæti um 300 milljónir N. kr. og árlega er varið 11—12 milljónum til kaupa á búnaði.

Stuðningsfélög:

Í Noregi er starfandi áhugamannafélag um málefni almannavarna (Norges, Silvilforsvarsforbund). Félag þetta er einkum ætlað fyrir þá sem eru á þjónustuskyldualdri og eru helstu markmið félagsins sem hér segir:

— að upplýsa almenning um uppbyggingu og starf almannavarna.

— að standa fyrir upplýsinga- og fræðslufundum, sem miða að því að þjálfa menn enn frekar.

— að með þrýstingi á stjórnvöld sé leitast við að efla skilning á mikilvægi almannavarna og fjárförf.

— að skapa aðstöðu til að hitta vini og samstarfsmenn á sviði almannavarna og ræða sameiginleg áhugamál.

Norges Silvilforsvarsforbund hlýtur fjárframlag frá ríkinu og er sú fjárhæð 170 þús. norskar krónur fyrir árið 1983.

Fjárveitingar til almannavarna í Noregi fyrir árið 1983:

Verkefni	Fjárh. í þús. N. kr.	%
Yfirstjórn almannavarna	78 701	49.20
Til upplýsingamála	1 200	0.70
Stuðningsfélag S. F. F.	170	0.10
Viðvörðunarkerfi	10 099	6.30
Öryggisbyrgi — opinber	20 076	12.60
Vegna brottflutningsmála	391	0.20
Til kaupa á gasgrímum-síum	818	0.51
Vegna almenningsnámskeiða	502	0.32
Til fyrstu-hjálparsveita	115	0.07
Til hjálparsveita sveitarfélaga	35 970	22.40
Til fjarhjálparsveita	12 195	7.60
Samtals N. kr.	160 237	100.00


Ein norsk króna = 3.8 ísl. krónur miðað við gengi dags. 19. okt. 1983.

Svíþjóð:

Í Svíþjóð er það „Civilförsvarsstyrelsen“, sem fer með yfirstjórn almannavarna fyrir hönd ríkisins. Meginverkefni hennar er að skipuleggja heildarviðbúnað almannavarna og sjá um að lögum og reglugerðum sé fylgt.

Höfuðstöðvar „Civilförsvarsstyrelsen“ eru í Karlstad og starfa þar u. þ. b. 200 fastráðnir starfsmenn. Enn fremur starfa 400 starfsmenn við skóla og skipulagsskrifstofur víða um landið.

Skipulag „Civildöfvarsstyrelsen“ er sýnt á eftirfarandi skipuriti:



SKIPURIT ÞETTA GILDIR FYRIR STARFSEMI Á FRIDARTÍMUM

Á ófríðartímum er það „Civildöfvarsstyrelsen“ sem fer með yfirstjórn og sér um samræmingu við aðrar greinar allsherjarvarna.

Mikilvægasti tengiliður „Civildöfvarsstyrelsen“ úti um landsbyggðina er „Civildöfvarver“ (CB).

Svíþjóð er skipt í sex almannavarnaumdæmi, með 14 lén í hverju umdæmi, og í hverju einstöku umdæmi er það CB sem fer með stjórn almannavarna.

Í hverju léni er það herstjórn lénsins, sem samræmir þann hluta allsherjarvarna, sem fellur að almannavörnum. Lénum er síðan skipt upp í almannavarnasvæði, og eru þau 100 í dag.

Á hverju almannavarnasvæði er síðan útnefndur stjórnandi björgunarstarfs (Civildöfvarschef), venjulega lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri. Civildöfvarschef starfar aðeins á neyðar- og hættutímum.

Viðvörðunarkerfi:

Viðvörðunarkerfi sömu tegundar og á Íslandi eru á u. þ. b. 200 þéttbýlissvæðum í Svíþjóð.

Viðvörðun er stjórnað frá eftirlitsstöð almannavarna, eftir að tilkynning um hættu hefur borist frá loftvarnastöð flughersins.

Jafnframt eru símar í stærri borgum tengdir þannig að unnt er að gefa viðvörðun með þeim. U. þ. b. 2 milljónir síma eru tengdir þannig.

Öryggisbyrgi:

Í Svíþjóð eru bæði einkaskýli og opinber skýli. Mismunur þeirra er, að einkaskýli er það kallað, sem byggt er til einkanota eingöngu og eru slík skýli fjármögnuð af þeim, sem byggir viðkomandi skýli, en þeir fá þó umframkostnað vegna þess greiddan.

Opinber skýli eru hins vegar fjármögnuð af hinu opinbera.

Helstu tegundir skýla eru: kjallararými (sérstyrkt), hvelfingar sprengdar í fjöll og kletta og svo sérbyggð sjálfstæð skýli (steinsteipt).

Allflest skýli eru notuð sem geymslur, tómskundahúsnæði o. þ. h. á friðartímum, en húseigandi ber ábyrgð á að viðkomandi húsnæði sé tilbúið til hernaðarnota með tveggja sólarhringa fyrirvara.

Áætluð skýlisþörf í Svíþjóð er talin vera fyrir 7.8 milljón manns. Í dag eru tiltæk 55 þúsund skýli fyrir u. þ. b. 6 milljónir manna. Á næstu 5 árum er gert ráð fyrir að byggð verði skýli fyrir 725000 manns.

Á yfirstandandi ári eru veittar 364 milljónir sænskra króna til öryggisbyrgja, þ. e. til nýbygginga.

Brottflytningur — tilflytningur:

Árið 1980 breyttu Svíar fyrri áætlunum sínum um brottflytning þannig að framvegis gera áætlanir ráð fyrir að brottflytningur verði takmarkaður eins og unnt er og því aðeins framkvæmdur að um styttri vegalengdir sé að ræða.

Í stað brottflytninga er nú lögð áhersla á jafnvægi milli íbúatölu og skýlisrýmis og verður brottflytningi því aðeins beitt að ekki séu tiltæk skýli fyrir alla íbúa á viðkomandi svæði.

Hjálparlið:

Almannavarnir í Svíþjóð hafa yfir að ráða þjálfuðu liði, sem í er liðlega 300000 manns. Lið þetta skiptist sem hér segir:

Umdæmissveitir, til aðstoðar almannavörnum sveitarfélaga eru samtals 718 fylki og eru í hverju fylki 90 menn, samtals ca 65000 manns. Umdæmissveitum þessum er skipt niður í þrjá meginflokka sem eru:

- brunavarnir
- björgunarþjónusta
- slysa- og sjúkrþjónusta

Auk þess eru um 1000 manns í sjálfboðaliðssveitum flugmanna.

Umdæmissveitir lúta stjórn lénsstjórnar.

Staðbundnar hjálparsveitir (lokal civilförsvor)

Hjálparsveitum almannavarna sveitarfélaga er í meginatriðum skipt upp í eftirtaldar greinar:

Stjórnunarsvið	ca 45000 manns
Björgunarsvið	ca 40000 manns
Brunavarnasvið	ca 55000 manns
Sjúkraþjónustu	ca 40000 manns
Mælingasvið	ca 20000 manns
Verndunar- og gæslusvið	ca 36000 manns

Ca 236000 manns

Auk þessa hafa allar stærri opinberar stofnanir og einkafyrirtæki sitt eigið hjálparlið, ef þau hafa í vinnu 100 manns eða fleiri.

Í dag eru 1200 slíkar stofnanir með eigið hjálparlið, u. þ. b. 65000 manns.

Þjónustuskýlda:

Allir borgarar á aldrinum 16—65 ára eru skyldugir til vinnu í þágu almannavarna að undanskildum þeim sem þegar gegna starfi í þágu allsherjarvarna.

Innköllun til starfa fer fram á lénsskrifstofum og leiðir ýmist til beinnar þjálfunar við undirbúningsstörf á vegum almannavarna, eða þá að þjálfun miðast við síðari tíma störf á ófriðartímum.

Þjálfun — fræðsla:

Þjálfun er skipt upp í sömu megingreinum og hjálparsveitum sveitarfélaga og eru:

- stjórnun — starfslíð stjórnstöðva
- björgunarstörf
- brunavarnir
- sjúkraþjónusta
- mælinga- og tækniþjónusta
- verndunar- og gæslustörf

Ofangreind námskeið standa frá einni til fimm vikur og er þeim venjulega skipt í tvær annir. Dagpeningar eru greiddir á námskeiðinu.

Eftir frumþjálfun eru menn kallaðir til endurþjálfunar og æfinga á 2—4 ára fresti. Slík endurþjálfun tekur 2—3 daga.

Fimm þjálfunarskólar eru starfræktir á vegum sænsku almannavarnanna.

Til þjálfunar og æfinga eru veittar 125 milljónir sænskra króna á yfirstandandi ári.

Búnaður:

Almannavarnir ríkis og sveitarfélaga standa fyrir birgðasöfnun og reka birgðageymslur.

Jafnframt er heimild í almannavarnalögum um upptöku eigna og búnaðar í þágu almannavarna á ófriðartímum.

Á árinu 1983 eru veittar 106 milljónir sænskra króna til kaupa á búnaði og birgðum og þar af eru 57 milljónir ætlaðar til kaupa á gasgrímum fyrir almenning, en Svíar leggja mikla áherslu á að eignast gasgrímur og hlífðarfatnað fyrir alla íbúa Svíþjóðar.

Stuðningsfélög:

Í Svíþjóð er starfandi áhugamannafélag um almannavarnir (Sveriges Civilförsvarsförbund) með um 30 000 félögum.

Áhugamannasamtök þessi sem starfa á 170 stöðum vítt og breitt um Svíþjóð hafa það á stefnuskrá sinni að upplýsa almenning um viðbúnað og störf almannavarna með því að dreifa upplýsingum og efni til námskeiða, jafnframt að taka að sér ákveðin störf á neyðartímum, s. s. að úthluta gasgrímum, leiðbeina fólki í skýli, ráðleggja um slyshjálp o. fl.

Fjárveitingar til almannavarna í Svíþjóð fyrir árið 1983:

Verkefni	Fjárh. í þús. S. kr.	%
Yfirstjórn almannavarna	51.5	14
Til fræðslu og þjálfunar	125.0	33
Til kaupa á ýmsum birgðum (matvæli o. þ. h.)	36.0	10
Til kaupa á tækjum og búnaði	106.1	28
(þar af til kaupa á gasgrímum)	(57.1)	(15)
Vegna bygginga og búnaðar stjórnst.	47.9	13
Útbreiðslustarfsemi	3.8	1
Vegna endurskoðunar umdæmisskipulags	2.7	1
Samt. S. kr.	373.0	100%

Auk þess er framlag til byggingar öryggisbyrgja kr. 363.8 milljónir.

Ein sænsk króna = 3.5 krónur íslenskar, miðað við gengi dags. 19. okt. 1983.

Fylgiskjal III.

ÚTBÚNAÐUR BIRGÐAVAGNS

Útbúnaður birgðavagns:

(komið fyrir í hverju kjördæmi af Almannavörnum ríkisins)

1 véldæla 3“ á hjólum með 3 × 6 m slöngum og sogkörfu

1 austurdæla með 2 × 6 m slöngum

1 brúsi bensín (minnst 20 l)

1 þrífótur (5 m)

1 kaðallykkja (5 m 24 mm)

1 keðja með hringjum á endum (5 m)

1 gripdragi (3 t)

1 vírlykkja (12 mm) með tveimur vírlásum (5 m)

50 m 24 mm manillakaðall

1 logskurðartæki (venjuleg verkstæðisstærð)

1 rafstöðvarvagn (aftanívagn)

3 glóðarluktir, 250 kerta, eða gasluktir með samsvarandi ljósmagni

1 vélknúinn múrbrjótur

10 spannar 80 cm

10 spannar 50 cm

1 fjölvinda (3 t)

10 geislaælar

10 varnardragtir gegn eiturefnum

Fylgiskjal IV.

BÚNAÐUR ÁHALDAVAGNS

Búnaður áhaldavagns í hverju almannahéraði:

4 járnstangir með hnúð (60 cm)	6 lyftitaugar (20 m 16 mm manilla)
2 gafflar	1 lyftitaug (50 m 16 mm manilla)
3 hakar	10 björgunarlínur (13 m 10 mm manilla)
5 hakasköft (askviður)	1 vírlykkja (12 mm með 2 lásnum 5 m)
3 strákústar	3 vírlykkjur (6 mm 3.5 m)
3 spaðar	2 skrallvindur (lyftikraftur 1350 kg, lyftihæð 1.5 m)
3 skóflur	24 járnfleinar 8“
3 staurasagir (1.0 m)	1 pk saumur 6“
3 flettisagir (0.65 m)	1 pk saumur 4“
6 tjakkar (tannstangar, 5 t)	24 sinklar
2 tjakkar (skrúfaðir, 5 t)	12 hornsinklar
3 sleggjur	12 múrfleinar 6“
6 járnfleygar	12 múrfleinar 4“
3 fleygahöldur	3 samstæður tréfleygar 8“ × 4“
10 flatir meitlar (14“)	3 samstæður tréfleygar 6“ × 4“
10 oddmeitlar (14“)	6 samstæður tréfleygar 2“ × 6“
1 viðaröxi	6 samstæður tréfleygar 2“ × 4“
1 rörtöng (Baxho nr. 50 2“)	3 líflínur (8 mm 30 m)
12 járnsgarblöð	6 pör gúmmihanskar
1 boltaklippur (nr. 602 13 mm)	12 börur
1 skiptilykill (Bacho 86 610 mm)	24 teppi
3 slaghamrar (1 kg)	2 burðarsegl
1 samstæða krókar f.niðurf.lok	1 ístaðsdæla
3 vogarstengur	1 kolsýruslökkvitæki
12 fötur (19 l)	1 logskurðartæki (á bak) ásamt aukalykkjum
1 gripdragi með 20 m vír	1 asbestteppi
4 hælár	1 útdreginn stigi (útdr. lengd 11 m)
3 kastljós (rafhlöður)	1 þeytidæla með bensínmótor (2“) og
3 glóðarljósaluktir, 250 kerta eða gasluktir jafnsterkar	3 stk 6 m slöngum og sogkörfu
15 handljós (rafhlöður)	1 brúsi f. bensín, minnst 20 l
3 kastblakkir (24 mm)	50 pokar til að geyma verðmæti
1 þreföld kaðalblökk (12 mm) með 30 m manilla	30 armbindi fyrir aðstoðarfólk
1 sporjárn (1“)	3 frískloftstæki

BÓKUN OG SÉRÁLIT

Bókun Guðmundar Bjarnasonar.

Í kafla 2.3 í nefndarálitinu er fjallað um annan viðbúnað gegn vá en þann sem fellur undir almannavarnir. Er þar til skilgreiningar notað orðið „allsherjarvarnir“, sem þýðing á hugtakinu „total forsvar“. Með „total forsvar“ er átt við samræmda áætlun borgaralegra og hernaðarlegra yfirvalda gegn hvers konar vá, að jafnaði einkum hernaðarvá.

Verkefni þessarar nefndar er fyrst og fremst að fjalla um eflingu almannavarna í landinu, en ekki um hervarnir. Því vill undirritaður hafa þann fyrirvara, að „allsherjarvarnir“ (total forsvar) er að hans áliti miklu víðtækara hugtak, sem fjallar um annað og meira en hér er tekið til meðferðar og verður því vart heimfært upp á íslenskar aðstæður.

Sérálit Ásmundar Ásmundssonar um allsherjarvarnir.

Í skýrslu nefndarinnar er notað hugtakið „allsherjarvarnir“, sem er þýðing orðanna „total forsvar“ í norsku. Þótt eðlilegt geti talist, að lýsa slíku hugtaki, sem notað er um viðbúnað á sviði öryggismála meðal annarra þjóða, þá er með öllu óeðlilegt, að heimfæra það án fyrirvara upp á íslenskar aðstæður, þar eð öryggismálum okkar er á annan veg háttáð en þar. Íslendingar halda ekki her auk þess sem almannavarnakerfi okkar byggist nær eingöngu á sjálfboðnu fólki frá ýmsum hjálpar- og líknarfélögum. Þetta eitt sýnir, að stjórnskipan viðbúnaðar á sviði öryggismála verður að skoða sérstaklega með tilliti til aðstæðna hér á landi. Hugtakið „allsherjarvarnir“ á því aðeins heima í skýrslu þessari vegna upplýsingagildis, en ekki sem rammi utan um umfjöllun, sbr. kafla 2.3.

Þá er rétt að fram komi, að efnisleg umræða um þetta hugtak var afar takmörkuð í nefndinni, eins og skýrslan ber raunar með sér. Sleppa mætti og hugtakinu „allsherjarvarnir“ alls staðar úr texta, án þess að efni skýrslunnar rýrnaði á nokkurn hátt.

Því er gerð tillaga um eftirfarandi breytingar á textanum:

1. Kafli 2.3 heiti: „Annar viðbúnaður“.

Kafli 2.3.1 heiti: „Hvaða viðbúnaði við vá umfram almannavarnir er ekki sinnt á Íslandi?“

Kafli 2.3.2 heiti: „Hvaða viðbúnaði við vá umfram almannavarnir er ekki sinnt á Íslandi?“.

2. Í kafla 2.3.2 í annarri línu falla niður setningin „sem eins og fyrr greinir tekur yfir tiltekin þátt allsherjarvarna“.

Sé kafli 2.3 nú skoðaður að gerðum þessum breytingum, má ljóst vera, að efnislegt inntak hans er í engu rýrt nema hvað hugtakið „allsherjarvarnir“ er fallið út. Því vaknar sú spurning, hvort tilgangurinn með því að fella hugtakið „allsherjarvarnir“ inn í texta nefndarálitsins sé að skapa fótfestu fyrir kerfi á borð við það sem nú er við lýði í Noregi. Þessu gætu því allt eins tengst hugmyndir um stofnun sérstaks íslensks hers og/eða heimavarnaliðs, án þess að forsendur séu skoðaðar nánar. Í þessu sambandi er rétt að minnst þess, að þótt nú starfi sérstök öryggismálanefnd, sem m. a. fjallar um grundvallarþætti öryggismála, þá hefur ekki verið fallist á að samband yrði haft við nefnd þessa, þrátt fyrir tillögur þar að lútandi, heldur ákveðið að leita til ríkisstjórnarinnar varðandi öryggismál. Engin innlend stofnun, utan Almannavarna, hefur svo vitað sé fengið til umsagnar hugtakið „allsherjarvarnir“.

Með vísan til þess, að mikilvægt er að almennt traust og samkomulag ríki meðal Íslendinga um skipan almannavarna, sem og með vísan til þess að nefndin átti einungis að fjalla um eflingu almannavarna, þá er það óskynsamlegt að taka hér upp nýtt málefni, sem djúpstæður ágreiningur gæti ríkt um meðal landsmanna.

Meðfylgjandi eru bréf til ríkisstjórnar Íslands og svar hennar, sem eru eina sambandið, sem nefndin um eflingu almannavarna, hafði um öryggismál við innlenda aðila.

Þingkjörin nefnd um eflingu almannavarna.

Til ríkisstjórnar Íslands
Hr. forsætisráðherra
dr. Gunnar Thoroddsen
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg.

Reykjavík, 10. nóv. 1982.

Nefnd er kjörin var af Alþingi 1982 til að gera tillögu um eflingu almannavarna hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé vegna starfa nefndarinnar að óska eftir eftirfarandi upplýsingum frá ríkisstjórn Íslands.

1. Telur ríkisstjórnin að einhver hernaðarleg ógnun steðji að Íslandi?
2. Hvert gæti eðli þeirrar hernaðarlegu ógnunar verið?
3. Hvers konar vopnum telur ríkisstjórnin hugsanlegt að beitt yrði gegn Íslandi?

Hin þingkjörna nefnd um eflingu almannavarna telur nauðsynlegt að framangreind atriði séu upplýst af hálfu þar til bærra stjórnvalda til þess að nefndin geti miðað tillögur sínar um eflingu almannavarna við það hættumat sem fyrir hendi er af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Mat af þessu tagi á hernaðarlegri ógn er í öllum nágrannalöndum okkar einn af grundvallarþáttunum, sem skipulag almannavarna og viðbúnaður þeirra er byggður á.

Nefndin telur það ekki vera á sínu verksviði að framkvæma mat af þessu tagi og leitar því til ríkisstjórnarinnar um upplýsingar varðandi þessi efni.

Virðingarfyllt,

Friðrik Sophusson.

Þingkjörin nefnd um eflingu almannavarna.

Ríkisstjórn Íslands
Hr. forsætisráðherra,
Steingrímur Hermannsson,
Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu.

Reykjavík, 2. ágúst 1983.

Nefnd sem kjörin var af Alþingi 1982 til að gera tillögur um eflingu almannavarna ritaði þáverandi forsætisráðherra dr. Gunnari Thoroddsen bréf dags. 10. nóvember 1982, varðandi áhættumat vegna hugsanlegrar hernaðarógnunar. Leyfir hin þingkjörna nefnd sér að endurtaka umrætt erindi, en jafnframt að fara þess á leit, að í stað skriflegs svars frá ríkisstjórn Íslands, verði nefndinni gefinn kostur á, að ræða hið áður senda erindi við ríkisstjórnina eða þann fulltrúa hennar sem hún tilnefnir.

F. h. þingkjörinnar nefndar,

Guðjón Petersen,
ritari nefndarinnar.

Hjál.: Bréf, dags. 10.11.1982,
til fyrrv. forsætisráðherra,
dr. Gunnars Thoroddsen.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Reykjavík.

Til
Þingkjörinnar nefndar um eflingu almannavarna
b/t Friðriks Sophussonar alþingismanns
Alþingi.
101 REYKJAVÍK

Vísað er til bréfs nefndarinnar til ríkisstjórnar Íslands dags. 2. ágúst 1983, sbr. bréf dags. 10. nóvember 1982, og fyrirspurna varðandi áhættumat vegna hugsanlegrar hernaðar-
ógnunar. Enn fremur er vísað til fundar forsætisráðherra með fulltrúum nefndarinnar hinn 22. ágúst 1983.

Eins og málum er háttað telur ríkisstjórnin ekki líkur á, að árás verði gerð á Ísland nema hún sé liður í allsherjarstyrjöld. Brysti það öryggiskerfi sem Ísland hefur tekið þátt í að skapa og kæmi til árásar á landið gæti orðið um sprengjuárásir að ræða og tilraunir til að ná fótfestu loftleiðis. Í slíkum aðgerðum kynnu efnavopn að verða notuð.

Þá verður ekki fram hjá þeirri staðreynd gengið, að kjarnorkueldflaugar gætu náð til Íslands frá núverandi skotpöllum. Af þessum sökum hljóta almannavarnir að taka mið af því, að hugsanlega yrði kjarnorkusprengju varpað á Ísland eða geislavirkt úrfelli bærast til landsins.

Reykjavík 23. nóvember 1983.
Helga Jónsdóttir

Sérálit Ásmundar Ásmundssonar um kafla 4.6.1 — Gagna- og upplýsingakerfi.

Í stað orðanna „Í öðru lagi þarf að tryggja upplýsingastreymi frá viðvörunarstöðvum Atlantshafsbandalagsins og varnarliðinu á Íslandi“ komi: „Í öðru lagi þarf að tryggja öruggt samband við alla þá sem geta gefið haldgóðar upplýsingar um ástand heimsmála og hugsanlega yfirvofandi stríðshættu. Þannig yrðu sem best tryggðar forsendur sjálfstæðra ákvarðana íslenskra stjórnvalda“.

Mjög stingur í augu sú einhliða áhersla, sem lögð er á tengslin við NATO og bandaríska herinn á Íslandi, eins og þar sé eingöngu einhverju ábótavant. Miklu nær væri að menn viðurkenndu að upplýsingar, sem teljast hernaðarlega mikilvægar, eru ekki gefnar nema á síðustu stundu, til að tryggja að þær berist ekki gagnaðila í tæka tíð. Því væri nauðsynlegt að afla upplýsinga með sjálfstæðum hætti, eins og fram kemur í breytingartillögunni.

Þá skal á það bent, að hernaðaryfirvöld í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum líta á almannavarnakerfi sem óaðskilinn hluta af almennum hernaðaráætlunum. Með öflugum almannavörnum telja þau sig geta haldið lífi í nægilega mörgum mönnum til að fullvissa gagnaðila um að ekki sé hægt að heyja stríð með árangri. Þessar hugmyndir hafa verið gagnrýndar á þeim forsendum t. d., að enginn lifi af kjarnavopnastríð og því skapi almannavarnakerfið hættulegt og falskt öryggi (sbr. meðf. fylgiskjöl). En eins og málum er nú háttað hjá yfirherstjórninni í Bandaríkjunum eru verulegar líkur á að almannavarnakerfinu verði beitt til að samræma að allt sé til reiðu, jafnvel þegar engar raunverulegar aðstæður kalla á slíkt. Í þessu sambandi má minna á, að Richard M. Nixon, þáverandi forseti

Bandaríkjanna, setti allan heraflo NATO í viðbragðsstöðu við innrás Sovétríkjanna í Afganistan.

Brýna nauðsyn ber því til þess að íslensk stjórnvöld hlaupi ekki eftir hvaða tilskipun sem er og geri landsmenn að leiksoppi í hugsanlegum átökum stórvelda, heldur efli upplýsingaöflun, sem gæti orðið grundvöllur sjálfstæðra ákvarðana.

25. janúar 1984.

Fundur með þingkjörinni nefnd um eflingu almannavarna.

Skýling við kjarnorkuvá:

Nokkur atriði til íhugunar.

Til að auðvelda athugun á þörfinni fyrir skýlingu við kjarnorkuvá þarf að byggja á ákveðnum gefnum forsendum:

- sprenging eða geislavirkt úrfelli?
- sprengikraftur — staðsetning sprengingar gagnvart byggð, nálægð gagnvart yfirborði jarðar þegar sprenging verður.
- hve lengi þarf að dveljast í skýli?
- fjöldaskýli — fjölskyldu (einka) skýli.

Með öðrum orðum hver sé tilgangur með skýlingu.

Í ríkjum þar sem búast má við kjarnorkuárás er alger samstaða meðal læknaþópa sem kynnt hafa sér kosti og galla skýla að þau séu lítils virði og líklega verri kostur en enginn. Rökin eru m. a. þau að skýli ali á falskri öryggiskennd, við sprengingu í nágrenni skýlis veiti skýli mjög takmarkaða vörn og því ekki skynsamlegt að leggja áherslu á fjölgun þeirra né að búa þau vistum. Vísast í þessu sambandi m. a. til skýrslu bresku læknasamtakanna (British Medical Journal bls. 911, 12, March 1983 og til The Effects of Nuclear War, Office of Technology Assessment, Congress of the United States bls. 10 nr. 5, en þar segir: “Although it is true that effective sheltering and or evacuation could save lives, it is not clear that a civil defence program based on providing shelters or planning evacuation would necessarily be effective. To save lives, it is not only necessary to provide shelter in or evacuation to right place (and only extreme measures of dispersion would overcome the problem that the location of safe places cannot be reliably predicted), it is also necessary to provide food, water, medical supplies, sanitation, security against other people, possibly filtered air, etc. After fallout diminishes there must be enough supplies and enough organization to keep people alive while production is being restored. The effectiveness of civil defence measures depends, among other things, on the event leading up to the attack, the enemy’s targeting policy, and sheer luck”.

Fleiri tilvitnanir þar sem niðurstöður eru á sömu leið eru sænska læknablaðið (Läkartidningen nr. 13, 1983 bls. 1206 og British Medical Journal grein skrifuð af ritstjórn: Attitudes towards civil defence and the psychological effects of nuclear war, 10 Oktober 1981, bls. 963—965).

Í bók Alþjóðasamtaka lækna gegn kjarnorkuvá (International Physicians for the Prevention of Nuclear War) The Final Epidemic (Síðasta drepsóttin), ritstjórar Ruth Adams og Susan Cullen, eru rakin í tímaröð læknisfræðileg vandamál sem upp koma eftir kjarnorkusprengingu (sjá meðfylgjandi ljósrit af töflu). Á fyrstu klst. eru það brunasár á augum (vegna glampans), áverkar, brunasár af völdum elds og reykeitrún. Einnig áhrif bráða- eða frumgeislavirkni og vegna geislavirks úrfellis. Á fyrsta sólarhring í skýli eru læknisfræðileg vandamál helst vegna brunasára og reykeitrúnar, geislavirks úrfellis,

almennrar vanlíðanar, áhrifa hitans og skorts á heilbrigðisþjónustu. Á fyrstu fjórum vikum eru vandamálin til viðbótar þeim sem áður eru talin

- vökvatap
- smitsjúkdómar og sótt.
- þjáningar og þrautir
- matarskortur

Það er áætlað að heilbrigður maður í skýli þurfi um eitt gallon (tæpir 4 lítrar) á sólarhring til að fullnægja lágmarkspörf líkamans fyrir vökva. Þessu til viðbótar kemur vökvatap vegna niðurgangs og uppkasta. Brunasár og áverkar með blæðingum auka enn vökvapörfina.

Í stórum almennings- eða fjöldaskýlum er talin veruleg hættu á smitsjúkdómum, sérstaklega öndunarfæra- og iðrasýkingum. Þrengsli auka líkur á smiti og sýkingu.

Okkar varnir — mótstaða gegn sýkingum byggjast að verulegu leyti á næringarástandi, húsnæði og nánasta umhverfi, hreinlæti, hreinu og góðu drykkjarvatni. Allt verður þetta meira og minna í lamasessi við þær aðstæður sem fólk býr við í skýlum. Niðurstaðan verður minnkuð mótstaða.

Við þetta bætist að flugum og skordýrum mun fjölga örar en áður — annars vegar vegna þess að þau þola geislun betur en stærri dýr — og vegna þess að líffræðilegir þættir er halda fjölda þeirra í skefjum eru ekki lengur til staðar.

Samantekið.

Helstu úrræði Almannafráttanna við yfirvofandi kjarnorkuárás eru brottflutningur fólks og skýling. Vandinn við brottflutning er margvíslegur m. a.

- múgæsing
- væntanlega stuttur tími frá viðvörðun til árássar
- þarf mikinn viðbúnað — herlið/lögreglu til að framkvæma
- hvert á að flytja fólkið?
- öryggisleysi almennings meðan á brottflutningi stendur ef þá kemur áráss
- möguleikar flutningakerfis ekki nægilegir.

Brottflytningur frá borgum er því víðast hvar ekki á dagskrá.

Skýli eru tilgangslaus gagnvart sprengingu en hlífð gagnvart geislavirku úrfelli.

Áður en farið er að binda í reglugerð nánari ákvæði um gerð, staðsetningu og búnað skýla hér á landi þarf að fara fram athugun á því hvert er skynsamlegt markmið skýlingar í þar til gerðum skýlum.

Guðjón Magnússon dr. med.,
formaður
Samtaka lækna gegn
kjarnorkuvá.

Helstu niðurstöður sem er að finna í ritum og ritlingum sem nefndin lét senda sér, þýddar af Ásmundi Ásmundssyni.

1. Civil Defence in the Nuclear Age

What purpose Does It Serve
and
What Survival Does It Promise?

— Jennifer Leaming M. D.
National Executive Committee and Board
Physicians for Social Responsibility,
639 Massachusetts Avenue,
Cambridge, Mass. 02139

Meginniðurstöður:

Ekki verður litið fram hjá því að almannavarnir hafa áhrif á hernaðaráætlanir, þar eð þær fá opinbera embættismenn til að halda að stríð megi heyja tiltölulega skadlaust.

Ef hlutlægt mat á gagnsemi almannavarna leiddi í ljós að þær geta ekki verndað þá þætti í lífi okkar, sem við teljum ómissandi, þá væri e. t. v. tímabært að nálgast vandamál kjarnorkustyrjaldar með öðrum hætti. Ef okkur tekst að öðlast skilning á því að engin leið er að lifa af kjarnorkustíð, a. m. k. ekki á grundvelli þess skilnings sem við nú leggjum í orðið líf, þá er niðurstaðan auðfengin: Áætlanir um almannavarnir gegn kjarnorkustyrjöld byggjast á hegðun, sem styðst við blekkingar og ætti ekki að örva.

Í riti þessu kemur og fram alvarleg gagnrýni á fólksflutningaáætlanir almannavarna. Þá eru í því áhrifamiklar lýsingar á ástandi í kjölfar kjarnorkustyrjaldar, þar sem líkur eru leiddar að því að þrátt fyrir sprengjuhæld skýli til varðveislu mannlífa, megi gera ráð fyrir að ¾ hlutar fólks látist í kjarnorkustyrjöld og á næstu tveimur árum í kjölfar hennar.

2. Nuclear War in Vermont

Bæklingur um afleiðingar kjarnorkustyrjaldar og gildi almannavarna í því sambandi. Bæklingurinn er gefinn út af átta félagasamtökum í Vermont með sérstökum stuðningi öldungardeildarþingmanna þess ríkis. Hann er almenns eðlis, en færður upp í Vermont og Bandaríkjunum.

Fljótlesinn, skýr og faglega unninn (t. d. getið heimilda).

3. Sérprentun úr Journal of Public Health Policy

Volume 3 — Number 2

Júní 1982.

Þrjár greinar eftir:

a) Milton Terris, ritstjóra tímaritsins.

b) Beverlee A. Myers, yfirmann heilbrigðisþjónustu Kaliforníu í Bandaríkjunum.

c) Stuart H. Shapiro, heilbrigðisfulltrúa fyrir Philadelphíu í Bandaríkjunum.

Milton Terris: Setur fram alvarlega gagnrýni á áætlanir almannavarna um öryggis-skýli og fólksflutninga. Vísar hann m. a. í forystugrein New York Times frá 3. apríl 1982 og öldungardeildarþingmanninn Patrick Healy frá Vermont: „Besta aðferðin til að hindra kjarnorkustríð er gagnkvæm frýsting og fækkun kjarnorkuvopna með afvopnun í kjölfarið, en ekki stórbrotnar áætlanir almannavarna, sem miða að því að róa fólk og fullvissa það um að hægt sé að lifa af kjarnorkustyrjöld.

Beverlee A. Myers: Hætta á kjarnorkustríði er heilbrigðisvandamál af stærðargráðu, sem á sér enga líka. Það væri því siðleysi af hálfu heilbrigðisyfirvalda í Kaliforníu að taka þátt í fólksflutningaáætlunum alríkisstjórnarinnar, því til þess hefur hún enga burði til árangurs, enda myndi það einungis þjóna þeim tilgangi að blekkja fólk. Og hann vitnar í Howard Hiatt, sem er Dean (rektor) of the Harvard School of Public Health: „Ummæli

opinberra starfsmanna um að hægt sé að lifa af kjarnorkustyrjöld, hvað þá að vinna hana, endurspeglar útbreitt vanmat á heilbrigðiskerfinu. Hvaða kjarnorkustyrjöld sem er myndi orsaka dauða, sjúkdóma og sjúkdómsfaraldra á landsvísi, og árangursrík inngrip til lækninga væru vonlaus“.

Árum saman hefur verið reynt að skipuleggja fólksflutninga í Kaliforníu vegna yfirvofandi geislunar frá kjarnorkuverum. Jafnvel í þessu tilfelli, þar sem hjálp kæmi frá aðliggjandi byggðum, er ekki hægt að fullvissa íbúa umhverfis kjarnorkuverin um vernd. Myers leggur áherslu á „baráttuna gegn kjarnorkustríði en ekki viðbúnað vegna kjarnorkustríðs“.

Stuart H. Shapiro: „Það er engin leið, engin áætlun, ekkert trikk, engar sjónhverfingar um að vernda heilsu manna í kjarnorkustríði. Það er ekki hægt“. Þá lýsir hann áhrifum 1 megatonna kjarnorkusprengru, sem sprangi yfir borginni Philadelphíu og segir: „Lífið yrði svo kveljandi að lifendur myndu öfunda þá liðnu“.

Þá ræðst Shapiro heiftarlega á fólksflutninga og skýlaáætlanir almanna- varna alríkisstjórnarinnar (relocation program).

4. The Front Line

Civil Defence and nuclear War

Vol. 2, No. 2 — March 1983

Erfitt er að gera sér grein fyrir hvort að baki þessu riti er faglegur metnaður eða pólitísk afstaða. Í ritinu kemur fram mikill og harður áróður gegn almanna- varnaáætlunum alríkisstjórnarinnar. Eftirfarandi má þó teljast markvert:

1. Fréttir af bæjarfélögum og borgum sem hafa nýlega gert samþykktir um að hafa áætlanir alríkisstjórnarinnar um almannavarnir að engu. Þar eru tíunduð bæjarfélög allt frá Texas og New Mexico í suðri til Minnesota í norðri, frá Californíu í vestri til New York og Maryland í austri.

2. Grein eftir dr. Eugene Winger, prófessor í eðlisfræði við Princeton University og meðlim FEMA ADVISORY BOARD (FAB), en FEMA er eins konar almannavarnaráð þeirra í Bandaríkjunum. Í greininni kemur fram hin sígilda talnaþula sem bandarísk hermálafyrirvöld halda stíft fram. Þar er og því haldið fram, að almannavarnakerfið sovéska sé 10 sinnum gagnlegra en hið bandaríska.

5. CIVIL DEFENCE: Nuclear debates new element

Editorial Research Reports.

Congressional Quarterly Inc.

1414 22nd Street N.W., Washington D.C. 20037

Gagnrýnendur almanna- varna óttast, að öðlist ríkisstjórn (USA) aukinn sveigjanleika með fólksflutninga- og skýlaáætlunum, þá sé hún að sama skapi líklegri til að hefja kjarnorkustríð. Þeir benda á að verði gripið til þessara áætlana megi líta svo á, að verið sé að forða fólki frá kjarnorkustyrjöld, sem ríkisstjórn sama lands ætli að hefja og því muni væntanlegur andstæðingur flýta sér að verða fyrri til. Þá segja gagnrýnendur að almanna- varnir byggist á þeirri blekkingu, að hægt sé að lifa af kjarnorkustríði. Og að ráðamenn lifi í þeirri trú, að hægt sé að ná árangri með takmörkuðu kjarnorkustríði. Gagnrýnendur almanna- varna hafna slíkum vörnum þó ekki alfarið.

Styðjendur almanna- varna líta svo á að þær auki „fælingarmáttinn“ og jafnvægi í tengslum, langæjan varnar- og sóknarmátt með því að þær tryggi vernd til handa umtals- verðum hluta þegnanna. Því verði Bandaríkin ekki þvinguð á hættutímum (vegna þess að almanna- varnakerfi USSR telja þeir mun betra). Auk þess gefi almanna- varnakerfið (byrgi og fólksflutningaáætlanir) aukna möguleika til að fást við meiri háttar innlenda vá.

Nú er það ekki bara spurningin hvort risaveldanna ræður yfir afkastameiri kjarnorkuvígbúnaði, heldur líka hvort þeirra ræður yfir sterkari almannavörnum.

Í skýrslunni er greint frá athugun sem CIA gerði á almannavarnakerfinu sovéska, þar sem segir að jafnvel við hagstæðustu skilyrði muni sovéska almannakerfið ekki koma í veg fyrir nokkra tugi milljóna dauðsfalla, enda væri ekki hægt að segja að þetta almannavarnakerfi væri tilefni til að örva sovéska ráðamenn til að hefja kjarnorkustyrjöld. Þá er greint frá niðurstöðum U. S. Arms Control and Disarmament Agency, þess efnis, að sovéska almannavarnakerfið hefði litla sem enga möguleika á að forða „katastrófu“ af völdum kjarnorkustyrjaldar. Enda geri Sovétmenn óspart grín að sínu almannavarnakerfi, sem á rússnesku heitir „grazhdanskaya oborona“ stytt í „GROB“, sem þýðir líkkista. Séu þessar athuganir CIA og ACDA marktækar, þá standa samt eftir rök stuðningsmanna almanna- varna um þýðingu þeirra fyrir aðra vó en styrjaldarvá.

Í skýrslunni kemur einnig fram að álit sérfræðinga að byrgja- og fólksflutningaáætlanir stóði lítið í kjarnorkustyrjöld og að dauðsföll yrðu minni ef allir sætu um kyrrt fyrir heima hjá sér, því dauðsföll vegna lítills hreinlætis, vanmáttar heilbrigðisþjónustu og margs fleira kæmi til og mögnuðust við þær aðstæður sem almannavarnaskipulagið skapaði, og þá eru sennilega ekki meðtalin ráð Ralph Yodaíkeu læknis til þeirra er hýstu almannavarnaskýli, að taka með sér byssu til að skjóta sjúka er reyndu að fá inngöngu í skýlin.

6. Ísland og friðarumræðan

LÍF OG LAND

Kjarnorkuvá og heilbrigði.

Sigurður Björnsson, læknir.

Fjallar um kjarnorkuvá með áherslu á sjónarmið læknis. Hann ber saman fjárveitingar til heilbrigðismála við fjárveitingar til kjarnorkuvígbúnaðar. Hann lýsir áhrifum kjarnorkustyrjaldar, áhrifum beinnar sprengingar og síðari tíma geislunar. Hann leggur áherslu á að barátta lækna gegn kjarnorkuvígbúnaði byggist á því að engin lækning sé til í kjarnorkustríði og því sé eina leiðin til að varðveita líf í þessu samhengi að vinna gegn kjarnorkuvígbúnaði og hugsanlegri styrjöld með slík vopn. Og hann segir: „Tóm blekking er að tala um að almannavarnastarf eða heilbrigðiskerfi geti komið að nokkru haldi í eða eftir kjarnorkustyrjöld“.

7. Natural Hazards Observer Newsletter

May, 1983, Vol. VII, No. 5, Page 4.

ON THE LINE

Rutherford H. Platt

University of Massachusetts

Greinin er gagnrýnd í bók Ronalds Perry, *The Social Psychology of Civil Defence* (Lexington Books, 1982), þar sem því á að vera haldið fram á áhrif kjarnorkustríðs séu sambærileg við áhrif meiri háttar náttúruhamfara. Gagnrýni sinni til stuðnings minnir Platt á eftirfarandi atriði:

1. **Allsherjaráhrif kjarnorkustyrjaldar**

Enginn er óhultur hvort heldur er vegna upphaflegrar sprengingar eða seinni tíma geislunar. (Vitnað er í Arthur M. Katz, *Life After Nuclear War*, Ballinger 1982).

2. **Utanaðkomandi aðstoð ekki fyrir hendi**

Ekki má reikna með utanaðkomandi aðstoð.

3. **Vítahringur**

Fólksflutningar hafa engar víðtækar afleiðingar í sjálfu sér, þegar um náttúruhamfarir er að ræða. Hins vegar geta fólksflutningar, á tímum vaxandi spennu í alþjóðamálum, ögrað Sovétmönnum til að hefja stríð í þeirri von að vera á undan til þess.

4. Geislunarvandamál

Að lokinni kjarnorkustyrjöld er nauðsynlegt að fylgjast með á hvaða svæðum fólki er óhætt vegna geislunar. Þetta er verkefni sem er örðugra en þau sem við áður höfum kynnst, því fylgjast þarf með radioisótópum eins og tritium og radioódium. Þetta verður ekki gert með tækjum eins og geigerteljurum, sem flytja má um með handafli einu saman. Geislasjúkdómar og hræðsla við þá mun félagslega og efnahagslega lama svæði sem ekki hafa orðið fyrir sprengjum.

5. „Lækningin“ getur drepið sjúklinginn.

Fólksflutningar sem taka til allrar þjóðarinnar yrðu í sjálfu sér meiri háttar hamfarir. Þjóðfélagsmunstrið myndi rofna. Örvænting og hörmungar myndust hvarvetna. Hér gæti því verið um „hamfarir“ að ræða, sem engar myndust meiri nema sjálf kjarnorkustyrjöldin.

8. The Defence Monitor

CENTER FOR DEFENCE INFORMATION

Washington, D.C.

Vol. XI, Number 5, 1982

Í stuttu máli.

Reagan forseti Bandaríkjanna hefur lagt til að 4.2 billjónum dollra verði veitt til almanna- og varnarmála á næstu sjö árum, með það fyrir augum að heyja og vinna kjarnorkustríð. Endanlegur kostnaður þessara áætlana gæti numið ríflega tíu billjónum dollara.

Almanna- og varnarmálaáætlun ríkisstjórnar Ronalds Reagan er ætlað að sýna fram á að Bandaríkin séu reiðubúin til að berjast til sigurs í kjarnorkustyrjöld.

Í áætlunum þessum er gert ráð fyrir að almanna- og varnarmálaáætlunir séu það sem vantar (compliment) á stríðsvél Bandaríkjanna. Með víðtæku almanna- og varnarmálaáætlunakerfi ætlar ríkisstjórnin að gera áætlunir sínar um kjarnorkustríð, sannfærandi fyrir Sovétmenn og fá Bandaríkjamenn sjálfa til að setta sig við þær.

Áætlunir gera ráð fyrir að flytja $\frac{2}{3}$ hluta Bandaríkjamanna burt úr heimkynnum sínum, byggja sprengjuheld skýli fyrir nauðsynlegt vinnuafli og vernda mikilvægan hluta vélbúnaðar í iðnaði.

Nú þegar hefur verið hafist handa um að tryggja vernd þúsunda embættismanna, þannig að viðhalda megi eðlilegum stjórnarháttum, komi til kjarnorkustyrjaldar.

Síðan eru þessar áætlunir rifnar niður og vitnað til umsagna málsmetandi manna og stofnana í Bandaríkjunum í því sambandi. Rökin eru þau sömu og komið hafa fram í endursögnum hér á undan.

9. nux — Tímarit um friðarmál í Evrópu

Þýskt tímarit

Útgefandi og ritstjóri, Konradin Kreuzer

ritari FORUM FOR THE RESPONSIBLE APPLICATION OF SCIENCE,

nux, CH-4112 Fluh.

Kreuzer lýsir almanna- og varnarmálaáætlunum svissneska og leitast við að svara eftirfarandi spurningum.

— Er svissneska almanna- og varnarmálaáætlunin eins fullkomlega undir kjarnorkustríð búið og af er látið?

— Getur slíkt almanna- og varnarmálaáætlunakerfi staðist prófið þegar til raunverulegs stríðs kemur?

Hann svarar fyrri spurningunni neitandi. Í því sambandi vitnar hann í svissneska fjölmiðla. Síðan hefur hann orðrétt eftir yfirmanni almanna- og varnarmálaáætlunanna í Zürich: „... það er ekki

reiðubúið og stenst ekki þær kröfur, sem eru gerðar til þess. Ef sprengjan félli á morgun, þá yrðu menn að vera hugmyndaþekkir og staulast áfram í svo ríkum mæli að kalt vatn rynni milli skinns og hörunds á hverjum ábyrgum manni og vekja hjá almenningi alvarlegar áhyggjur ekki síður en hjá stjórnvöldum. Sú staðreynd, að steinsteypubyrgin bíða notkunar, tákna engan veginn að þau komi að þeim notum sem til er ætlast. Hið alþjóðlega lof og aðdáun sem rignir yfir almannavarnakerfið svissneska er öfugsúið, þar eð það gefur allt of mörgu fólki tilefni til að segja að við séum undir allt búin“.

Síðari spurningunni svarar hann með mun ítarlegri hætti, og verður aðeins drepíð á það helsta. Hann lýsir þeim erfiðleikum, sem eru í því fólgir að búa á 1 m² í 3 sólarhringa samfleytt í fullkominni óvissu um hvort lífvænlegt verður utan dyra að þeim liðnum. Þetta eigi sér engan líka frá fyrri stjórnvöldum mannanna. Hvað verður um hina öldruðu, sjúku, fötlugu og hvað um börnin við slíkar aðstæður? Hvað um fólk með smitandi sjúkdóma? Þá lýsir hann andlegu álagi og ástandi fólks við þessar aðstæður. Mataræði er fábrotið. Sérstakur matur hefur verið framleiddur af NESTLE fyrirtækinu til að sjá öllum Svisslendingum fyrir fæðu í þrjú daga. Sætur matur að morgni og saltur að kvöldi. En hvað svo? Opna þá stórmarkaðir? (Hér á landi tala menn um að einn togari geti aflað matar í alla þjóðina og eftir þrjú daga frá sprengjuárás ætti hann að vera kominn í búdir eða hvað). Nei, að sjálfsgöðu verður allt það sem ekki komst í byrgi geislavirkt, og það verður ekki til mannskapur og tæki til að fara um landið og mæla geislavirkni, taka sýni og greina í rannsóknarstofum. Allar blekkingar um að aðstoða megi þá sem þjást af geislunarveiki eru út í hött, því engin tæki verða send inn á geislavirku svæðin þar sem þeir sjúku eru.

Þá gerir hann lítið úr því að hægt sé að minnka geislun tuttugufalt með því að spúla húspök og malbikaðar innkeyrslur, því gróður og ýmislegt annað sé ekki svo einfalt.

Hann endar með því að segja: „Þegar sérfræðingar fara út af sporinu út í algjört fúsk, þá verður hinn almenni maður að taka í taumana“. O. s. frv.

10. The Medical Aspects
of
Nuclear War
Physicians for Social Responsibility
639 Massachusetts Avenue
Cambridge, MA 02139

Bæklingur um niðurstöður nokkurra landráðstefna í Bandaríkjunum sem haldnar voru hver í framhaldi af annarri um dagskrárefnið „**læknisfræðilegar (medical) afleiðingar kjarnorkuvopna og kjarnorkustyrjaldar.**“ Þátttakendur í ráðstefnum þessum voru fremstu sérfræðingar Bandaríkjanna á sviði kjarnorkustyrjaldar.

Boðskapurinn er þessi:

1. Kjarnorkustyrjöld, jafnvel takmörkuð, mun valda dauða, áverkum og sjúkdómum meðal manna í ríkari mæli en við áður höfum þekkt.
2. Læknisfræðilegar „hamfaraáætlanir“ vegna kjarnorkustyrjaldar hafa enga þýðingu. Það eru ekki til raunhæf viðbrögð af hálfu læknisfræðinnar. Flestir spítalar verða eyðilagðir, mestur hluti heilbrigðisstétta látinn eða særður og ekki hægt að nálgast birgðir. Flestir þeir er lifðu af kjarnorkustyrjöld mundu deyja.
3. Það eru engar raunhæfar almannavarnir. Kjarnorkusprenging ásamt áhrifum hita og geislunar mundi drepa jafnvel þá sem voru í byrgjum. Geislavirkt úrfelli myndi ná til þeirra sem fluttir hefðu verið af mestu hættusvæðum.

4. Endurreisn í kjölfar kjarnorkustyrjaldar er ekki möguleg. Efnahagslegar, vistfræðilegar og félagslegar forsendur mannlegs lífs væru í rúst í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, sem og í mestum hluta heimsbyggðarinnar.
5. Í stuttu máli: Það verða engir til að hrósa sigri í kjarnorkustyrjöld. Geislavirkt úrfelli mundi sýkja mikinn hluta jarðarbúa um nokkrar kynslóðir. Áhrifin á gufuhvolf jarðar mundu ein og sér stórlega skaða allt líf.

11. The Medical Effects of Nuclear War
The report of
British Medical Association's Board of
Science and Education 1983

A Wiley Medical Publication
John Wiley and Sons
Chichester-New York-Brisbane-
Toronto-Singapore.

Það er almennt álit að ekki sé hægt að halda kjarnorkustyrjöld í skefjum, heldur muni hún verða ótakmörkuð.

Fólksflutningaáætlanir hafa sín vandamál. Þær krefjast vitneskju um stríð með nægjanlegum fyrirvara, svo ná megi árangri. Þær kosta mikið í framkvæmd, og ríkisstjórnir því ekki áfjáðar í að fylgja þeim fram í raun. En geri þær það hins vegar, þá gæti óvinurinn litið á það sem undirbúning undir stríð og þannig gefið honum tilefni til að bregðast til árásar í skyndi.

Skýlaáætlanir þær sem innanríkisráðuneytið í Bretlandi hefur á þrjónunum eru tóm della.

Langtímaáhrif kjarnorkustyrjaldar eru margs konar. Skortur á drykkjarhæfu vatni. Skortur á nauðsynlegum fæðutegundum með alvarlegum afleiðingum fyrir sjúka (t. d. sykursjúka). Hamfarir kjarnorkustyrjaldar myndu breyta andrúmsloftinu og þar með gróðurfari. Hætta er á að norðurhvel jarðar verði ekki byggilegt. Heilbrigðiskerfið þyrfti að kljást við viðtæka geislun alls umhverfis, bilaðar vatnsveitur og holræsakerfi, skort á lyfjum og öðrum varningi til lækninga.

Áhrifin á lækniþjónustu eru alvarleg því heilbrigðiskerfið ræður ekki við að fást við þá áverka, sem ein 1 MT kjarnorkusprengrja mundi valda fólki. Til að ráða við þetta þyrfti nú þegar að stórfjölgja læknum, auka blóðforða og framleiða mikið magn lyfja á lager og yfirleitt koma á aðstæðum langvarandi neyðarástands.

12. Cambridge and Nuclear War
Is there a place to hide?

City of Cambridge, Massachusetts
— Robert Healy, City Manager
— Cambridge City Council
— Cambridge Civil Defence Department
1493 Cambridge Street
Cambridge, MA 02139

Bæklingur til upplýsinga um forsendur þeirrar ákvörðunar bæjarstjórnar Cambridge um að eina vörnin gegn kjarnorkustyrjöld væri að eyðileggja öll kjarnorkuvopn og banna síðan alla notkun slíkra vopna.

13. CIVIL DEFENCE IN A NUCLEAR AGE:
THE DELUSION OF SURVIVAL
City of Newton Massachusetts

Theodore D. Mann, bærstjóri
Matthew Jefferson, forseti bærstj.
Carol Ann Shea, varaforseti bærstj.

Hvaða afleiðingar mundi kjarnorkuárás hafa á Newton, Massachusetts? Eina leiðin til að koma í veg fyrir hana er að berjast gegn því að til hennar komi.

14. THE COUNCIL OF THE NEW YORK CITY
Miriam Friedlander
Council member 2nd District Manhattan
City Hall
New York, N.Y.
10007

Bréf frá Friedlander ásamt ljósritum af samþykktum borgarstjórnar New York um að hafna fólksflutningaáætlun ríkisstjórnar Ronald Reagans. Þá kemur fram, að engar áætlanir eru í gildi í New York-ríki um almannavarnir í kjarnorkustyrjöld, en unnið er að rannsóknum þar að lútandi.